



Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2014

Borgarráð

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2014 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A og B hluta, og uppgjöri A hluta sem samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði. Rekstur innan A hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A og B hluta, var jákvæð um 11.106 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 8.120 mkr sem er 2.986 mkr eða 37% yfir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 2.719 mkr betri í ár heldur en hún var árið 2013. Ef horft er framhjá matsbreytingum fjárfestingareigna í ársuppgjörum 2013 og 2014 var rekstrarniðurstaðan 150 mkr betri í ár en árið 2013.

Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 2.831 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 488 mkr. Niðurstaðan var því lakari en gert var ráð fyrir, sem nam 3.318 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 2.897 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 852 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 3.748 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 7.123 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 5.173 mkr og var niðurstaðan því um 1.950 mkr verri en áætlað var. Helstu skýringar á verri afkomu er að finna í hærri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar og auknum launakostnaði.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 4.105 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 5.510 mkr og niðurstaðan því 1.405 mkr lakari en áætlað var. Helstu skýringar á lakari afkomu eru að sala byggingaréttar var 1.193 mkr undir áætlun auk þess sem tap af sölu fasteigna sem ekki hafði verið áætlað fyrir nam 339 mkr.

Breytt uppgjör Orkuveitu Reykjavíkur Þann 1. Janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Um áramótin tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameiginleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Bílastæðasjóður er nú gerður upp undir A hluta frá og með síðustu áramótum í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 18. apríl 2013.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir 2014 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum. Unnið er áfram með þær breytingar sem gerðar voru á skýrslunni sem fylgdi með síðasta ársuppgjöri þ.e. að draga saman helstu niðurstöður uppgjörsins og helstu ábendingar Fjármálaskrifstofu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar	1
2. Samstæðan	4
3. A hluti	6
3.1 Fjármagnsliðir A hluta.....	10
3.1.1 Skulda- og áhættustýring	11
3.2 Aðalsjóður	13
3.3 Eignasjóður	14
3.3.1 Fjárfestingar Eignasjóðs.....	15
3.4 Bílastæðasjóður	16
3.5 Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið.....	18
4. Nánar um A hluta	19
4.1 Aðalsjóður	19
4.1.1 Íþróttá- og tómstundasvið.....	19
4.1.2 Menningar- og ferðamálasvið	22
4.1.3 Skóla- og frístundasvið	26
4.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið	32
4.1.5 Velferðarsvið	34
4.1.6 Miðlæg stjórnsýsla	40
4.1.7 Sameiginlegur kostnaður.....	42
4.1.8 Framlög til B hluta fyrirtækja.....	43
4.2 Eignasjóður	44
4.2.1 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)	44
4.2.2 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	46
5. Nánar um B hluta	48
5.1 Faxaflóahafnir sf.	48
5.2 Félagsbústaðir hf.	49
5.3 Orkuveita Reykjavíkur.....	51
5.4 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.....	53
5.5 SORPA bs	54
5.7 Strætó bs	55
Viðauki 1: Kennitölur	57
Viðauki 2: Breytingar á fjárhagsáætlun 2014	60
Viðauki 3: Um B hluta fyrirtæki	84
Viðauki 4: Innheimtuárangur	85
Viðauki 5: Innkaupagreining.....	86
5.1 Innkaupagreining Aðalsjóður.....	86
5.2 Innkaupagreining Eignasjóður	87
5.3 Innkaupagreining Bílastæðasjóður	89
Viðauki 6: Fjármálastjórn 2014.....	91
Viðauki 7: Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun.....	92

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar

Samstæðan

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 11,1 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 8,1 mkr. Rekstrarniðurstaða árið 2013 var jákvæð um 8,4 mkr.

Skatttekjur voru 64,3 mkr eða tæpum 0,6 mkr yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 63,4 mkr eða 1,6 mkr undir áætlun.

Launakostnaður var 54,1 mkr og fór 1,3 mkr fram úr áætlun.

Annar rekstrarkostnaður nam 45,7 mkr og var nánast á pari við áætlun.

Afskriftir námu 14,3 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 14,5 mkr. Afskriftir árið 2013 voru 13,9 mkr.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar að frádregnum fjármunatekjum námu 6,3 mkr. Fjármagnsgjöld samstæðunnar árið 2013 námu 9 mkr. Lækkun á milli ára má að mestu rekja til áhrifa lægri fjármagnsgjalda hjá OR. Þar vó þyngst lækkun vaxtagjalda vegna lækkunar vaxtaberandi skulda hjá OR.

Gjaldfærður **tekjuskattur** samstæðunnar nam 2 mkr eða 1 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir sem rekja má að mestu til af betri afkomu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir skatta en áætlun gerði ráð fyrir.

Matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða nam um 4,5 mkr sem rekja má til hækkunar á gangvirði fasteignum félagsins.

Heildareignir voru 504 mkr í lok árs en námu í ársbyrjun 478 mkr og hækkuðu um 26 mkr.

Eigið fé samstæðunnar nam 217 mkr í árslok en í byrjun árs var eigið fé samstæðunnar 192 mkr. Endurmat lóða Eignasjóðs hækkar eigið fé samstæðunnar um 3,5 mkr. Endurmat rekstrarfjármuna OR hækkar eigið fé samstæðunnar um 5,5 mkr. Gangvirðisbreyting eignarhluta í félögum Orkuveitu Reykjavíkur lækkaði eigið fé samstæðunnar um 0,5 mkr en þýðingarmunur¹ Orkuveitu Reykjavíkur hækkaði eigið fé samstæðunnar um 4 mkr.





Skuldbindingar samstæðunnar námu 19 mkr í árslok en voru í byrjun árs 13 mkr. Tekjuskattskuldbinding hækkaði um tæpa 4,6 mkr sem að mestu má rekja til uppskiptingar Orkuveitu Reykjavíkur og endurmats rekstrarfjármuna hennar.

Langtímaskuldir samstæðunnar lækkuðu frá áramótum um 5,2 mkr og stóðu í árslok í 226 mkr en voru tæpir 232 mkr í ársbyrjun. Greiðslur af langtímalánum námu 24,5 mkr sem en áætlaðar greiðslur af langtímalánum voru 23,4 mkr. Lántaka var nokkru hærrí en áætlun geri ráð fyrir en tekin voru ný lán fyrir 9,2 mkr en áætlaðar lántökur námu 3,2 mkr. Afborganir langtímalána og leiguskulda sem gjaldfalla á næstu 12 mánuðum nema 20,8 mkr.

Skammtímaskuldir samstæðunnar námu 42 mkr en veltufjármunir námu 39 mkr og veltufé á móti skammtímaskuldum var 0,93.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 17 mkr en áætlað var að fjárfesta fyrir um 18,3 mkr á árinu 2014.

Handbært fé samstæðunnar nam 19,9 mkr í árslok og var 0,4 mkr lægra en áætlun gerði ráð fyrir.



Þann 01.01. 2010 voru leiguskuldir færðar meðal langtímaskulda en þær voru áður liður utan efnahags.

¹ Þýðingarmunur vegna dótturfélags sem gerir upp í erlendri mynt. Þýðingarmunurinn myndast þar sem fjárhæðum í rekstrarreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við meðalgengi tímabilsins en fjárhæðum í efnahagsreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við dagslokagengi 31.12.2014

A hluti

Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um tæpa 2,8 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 0,5 mkr.

Skatttekjur A hluta voru 64,7 mkr eða 0,3 mkr yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 13,7 mkr eða 0,5 mkr undir áætlun.


Launakostnaður var 44,9 mkr og var 1 mkr yfir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður nam 34,6 mkr og var 1,5 mkr yfir fjárheimildum.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar var 3,3 mkr eða 1 mkr yfir áætlun.




Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 0,5 mkr undir áætlun.

Innborgarnir gatnagerðargjalda og sala byggingaréttar voru um 1,1 mkr undir áætlun.



Helstu ábendingar


- Ef horft er til rekstrarniðurstöðu samstæðunnar árin 2012-2014 m.t.t. jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga var afkoman jákvæð um 16,8 milljarða, en þar vegur þungt jákvæð rekstrarniðurstaða árinna 2013 og 2014.
- Í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir að skuldahlutfall, þ.e. heildarskuldir á móti rekstrartekjum, verði ekki hærra en 150% og að það náist innan 10 ára. Skuldahlutfallið, sem er nú 216% af tekjum, fer lækkandi, einkum vegna aðgerðaáætlunar OR. Samkvæmt reglugerð 502/2012 er heimilt að undanskilja Orkuveitu Reykjavíkur við mat á skuldareglu og þá er hlutfallið 104%.
- Sjóðstreymi samstæðunnar er sterkt, einkum vegna Orkuveitunnar, og er veltufé frá rekstri 26,2 milljarðar og reyndist 19,7% af tekjum. Áfram verður þörf fyrir hátt veltufé frá rekstri vegna mikils afborgunarpunga af erlendum lánnum á næstu misserum.
- Áhrif endurmats fjárfestingaeigna Félagsbústaða bætir rekstrarniðurstöðu samstæðunnar um 4,5 mkr. Til samanburðar var gert ráð fyrir í áætlun að virði fjárfestingaeigna myndi hækka um 1,7 mkr. Frá áramótum fram að lokum desember hækkaði vísitala íbúðarverðs á höfuðborgarsvæðinu um 9,3%.
- Árangur Plansins á árinu 2014 var 628 mkr betri en gert var ráð fyrir sem rekja má fyrst og fremst til lækkunar á rekstrarkostnaði umfram markmið að fjárhæð 638 mkr og leiðréttinga á gjaldskrá vegna verðlagsbreytinga umfram áætlun að fjárhæð 618 mkr. Á móti kom að fjárfestingar í veitukerfum og fráveitu voru meiri á árinu en gert var ráð fyrir sem nam 304 mkr og eignasala var lægri um 348 mkr. Á árunum 2011 til 2014 er heildarárangur Plansins um 5.742 mkr umfram markmið tímabilsins.
- Matsfyrirtækið Reitun hefur hækkað lánshæfiseinkunn Orkuveitunnar úr I.BBB1 í I.A3 með jákvæðum horfum og lánshæfisfyrirtækið Moody's hefur breytt horfum í mati þess á lánshæfi Orkuveitunnar úr stöðugum í jákvæðar, en einkunnin er áfram B1. Einnig hefur lánshæfisfyrirtækið Fitch Rating gefið Orkuveitu Reykjavíkur lánshæfismatseinkunnina BB- með stöðugum horfum. Grunneinkunn Orkuveitunnar, án tillits til ábyrgðar eigenda, er tveimur þrepum hærri hjá Fitch en frá Moodys.



- Lækkun annarra tekna má rekja til lægri tekna af sölu byggingaréttar sem var 1.193 mkr undir áætlun.
- Rekstrarniðurstaða A hluta hefur versnað talsvert milli ára. Laun og annar rekstrarkostnaður var 123% í hlutfalli af skatttekjum en var 120% árið 2013. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði versnar um 3,6 mkr ef gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar er frá talin. Mikilvægt er að bregðast við þessum aðstæðum.
- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar í A hluta nam 3.322 og var 1.012 mkr yfir áætlun. Þetta mikla frávik má einkum rekja til mikilla launahækkana opinberra starfsmanna á síðasta ári. Líkur eru á vaxandi gjaldfærslum vegna hækkandi aldurs og örorkumats Íslendinga sem lagt er til grundvallar tryggingafræðilegri úttekt.
- Heildstæð greining á tekjum og útgjöldum vegna málefna fatlaðs fólks sýnir að halli var 987 mkr eða 19% umfram tekjur, sjá nánar kafla 3.5. Uppsafnaður halli Reykjavíkurborgar á rekstri málaflokki fatlaðs fólks frá flutningi árið 2011 er á þeim forsendum metinn á bilinu 1837-1887 mkr. Reykjavíkurborg er ekki að fá tekjur í samræmi við forsendur um flutning málaflokksins til að mæta nauðsynlegum útgjöldum.
- Rétt er að vekja athygli á að þann 6. nóvember sl. staðfesti Hæstiréttur Íslands² sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. nóvember 2013 í máli Kaupþings gegn Reykjavíkurborg vegna riftunar á gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningum. Í aðalkröfu stefnanda var þess krafist að Reykjavíkurborg greiddi stefnanda 1.819 mkr með dráttarvöxtum frá 18. nóvember 2008 til greiðsludags að frádreginni 251,5 mkr innborgun stefnda.
- Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í mars 2015 á kröfu SHS í dómsmáli á hendur Lánasjóði sveitarfélaga vegna uppgjörs á gengistryggðu láni. Uppreiknuð krafa með áföllum vöxtum stendur í 485 mkr í mars 2015. Ekki liggur fyrir hvort málinu verði áfrýjað.

² Dómur nr. 127/2014

2. Samstæðan



Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A og B hluta, var jákvæð um 11.106 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 8.120 mkr sem er 2.986 mkr eða 37% yfir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 2.719 mkr betri í ár heldur en hún var árið 2013.

Ef horft er framhjá matsbreytingum fjárfestingareigna í ársuppgjörum 2013 og 2014 var rekstrarniðurstaðan 150 mkr betri í ár en árið 2013.

Rekstrartekjur námu 133.058 mkr og voru 1.047 mkr lægri en áætlað var eða 0,8%. Rekstrartekjur hækkuðu um 3.479 mkr milli ára eða um 2,7%.

Rekstrargjöld námu 117.490 mkr og voru 1.745 mkr yfir áætlun eða 1,5%. Rekstrargjöld hækkuðu um 11.489 mkr milli ára eða 10,8%.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar námu 6.279 mkr og voru 4.623 mkr undir áætlun eða 42%. Fjármagnsgjöld **lækkuðu um 2.743 mkr** milli ára eða 30%. Lækkun á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármagnsgjalda hjá OR sem lækkuðu um 1.413 mkr frá árinu 2013. Munar þar mestu um lægri vaxtagjöld en þau lækkuð um 1.642 mkr milli ára þar sem vaxtaberandi skuldir OR lækkuðu um 11.017 mkr. Vegna lægri verðbólgu voru verðbætur

Félagsbústaða 695 mkr lægri árið 2014 en árið áður.

Tekjufærsla vegna **matsbreytingar fjárfestingaeigna** var 4.461 mkr eða 2.762 mkr hærri en áætlað var og 2.570 mkr hærri árið 2013 sem rekja má til hækkunar á gangvirði fasteigna Félagbústaða.



Heildareignir voru 504.396 mkr, þar af í fastafjármunum 465.217 mkr og í veltufjármunum 39.180 mkr.

Heildarskuldir voru 287.145 mkr og eigið fé 217.252 mkr. Vakin er athygli á því að fastafjármunir eru metnir í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar skv. kostnaðarverðisreglu með þeirri undantekningu að Orkuveita Reykjavíkur og Félagbústaðir hf. nota gangvirðisreglu skv. alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS³. Árið 2013 var fyrsta árið sem Félagbústaðir voru gerðir upp samkvæmt gangvirðisreglu í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar.

Veltufé frá rekstri nam 26.236 mkr samanborið við 31.061 mkr skv. fjárhagsáætlun. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 3.371 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 2.596 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 29.766 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 26.900 mkr.

Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar í heildina um 15.943 mkr. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 16.993 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að fjárfestingar næmu 18.332 mkr. Innborguð gatnagerðargjöld og byggingarréttur nam 1.882 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 2.700 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 15.015 mkr, þar af voru ný langtímalán 9.247 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að lántökur næmu 3.237 mkr, afborganir langtímalána voru 24.526 mkr en áætlaðar afborganir námu 23.382 mkr.






³ International Financial Reporting Standards.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar miðað við ársuppgjör síðastliðin 5 ár⁴.

Samstæða	2010	2011	2012	2013	2014
Eiginfjárlutfall	30,8%	31,5%	31,4%	40,1%	43,1%
Arðsemi eigin fjár	12,4%	-3,4%	-1,8%	5,7%	5,8%
Veltufjárlutfall	1,05	0,91	0,87	0,92	0,93
Skuldsetningarhlutfall	191,1%	184,9%	176,3%	120,6%	104,2%
Uppgreiðslutími	16	11	10	9	9
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	327%	292%	268%	221%	216%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	19%	24%	24%	23%	20%
Framlegð/rekstrartekjur	21%	23%	26%	29%	22%

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar samstæðu




Ábendingar Fjármálaskrifstofu:⁵

- Ef horft er til rekstrarniðurstöðu árána 2012-2014 m.t.t. jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga var afkoman jákvæð um 16,8 milljarða, en þar vegur þungt jákvæð rekstrarniðurstaða árána 2013 og 2014.
- Ársreikningur A hluta Reykjavíkurborgar og flestra fyrirtækja í meirihlutaeigu borgarinnar er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög um ársreikninga. Innifalið í samanteknum ársreikningi A og B hluta eru ársreikningar Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf, sem eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Veigamestu frávik frá kostnaðarverðsreglu í þeirra reikningsskilum eru að eftirfarandi liðir eru færðir á gangvirði: hluti varanlegra rekstrarfjármuna, afleiðusamningar og fjármálagerningar á gangverði í gegnum rekstrarreikning. Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf. eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta.
- Sjóðstreymi samstæðunnar er sterkt, einkum vegna Orkuveitunnar, og er veltufé frá rekstri 26,2 milljarðar og reyndist 19,7% af tekjum. Áfram verður þörf fyrir hátt veltufé frá rekstri vegna mikils afborgunarþunga af erlendum lánum á næstu misserum.
- Í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir að skuldahlutfall, þ.e. heildarskuldir á móti rekstrartekjum, verði ekki hærra en 150% og að það náist innan 10 ára. Skuldahlutfallið, sem er nú 216% af tekjum, fer lækandi, einkum vegna aðgerðaáætlunar OR. Samkvæmt reglugerð 502/2012 er heimilt að undanskilja Orkuveitu Reykjavíkur við mat á skuldareglu og þá er hlutfallið 104%. Lántökur ársins voru í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Eiginfjárlutfall samstæðunnar hefur verið að styrkjast á síðustu tveimur árum og var í árslok 43,1%. Þetta sýnir vaxandi fjárhagslegan styrk samstæðun Reykjavíkurborgar.

⁴ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1.

⁵ Sjá einnig umfjöllun um einstök B hluta fyrirtæki.

3. A hluti



Árshlutareikningur A hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs (AS), Eignasjóðs (ES) og Bílastæðasjóðs (BS). Bílastæðasjóður flokkast undir A hluta frá og með 1. janúar 2014 í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 18. apríl 2013.

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri A hluta á árinu 2014 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 2.831 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 488 mkr. Niðurstaðan var því lakari en gert var ráð fyrir, sem nam 3.318 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 2.897 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 852 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 3.748 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar Aðasjóðs og Eignasjóðs námu 16 mkr.

Rekstrarniðurstaða A hluta án Bílastæðasjóðs var neikvæð um 3.018 mkr.

Rekstrartekjur voru 83.761 mkr eða 296 mkr undir áætlun. Útsvar var 490 mkr yfir áætlun, tekjur af sölu byggingaréttar voru 1.193 mkr undir áætlun, þá var bakfærður 240 mkr reikningur á ríkið vegna hallareksturs hjúrunarheimla á árinu 2013.

A hluti (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	83.761	84.057	-296	-0,4%
Laun og launat.gj	44.862	43.901	961	2,2%
Hækkun nettó lífeyrisskuldb.	3.322	2.310	1.012	43,8%
Annar rekstrark.	34.630	33.110	1.520	4,6%
Afskriftir	3.843	3.883	-41	-1,0%
Fjármagnsliðir	66	-364	430	-118,0%
Rekstrarniðurstaða	-2.831	488	-3.318	-680,7%


Reikningnum var hafnað að hálfu ríkissjóðs og ákveðið var að fylgja kröfunni ekki eftir fyrir dómstólum.

Skatttekjur námu 64.730 mkr og voru 318 mkr yfir áætlun. Útsvarstekjur nettó voru 52.305 mkr sem var um 490 mkr yfir áætlun eða 1%. Frávikið má rekja m.a. til meiri tekna af fyrirframgreiddum séreignarsparnaði og meiri launahækkana en gert var ráð fyrir í áætlun.

Fasteignaskattar voru 12.425 mkr nettó eða 172 mkr undir áætlun sem skýrist af vanmati í fjárhagsáætlun á fasteignaskatti Eignasjóðs.

Framlög Jöfnunarsjóðs voru 5.368 mkr eða 70 mkr undir áætlun sem skýrist einkum af að framlög til málefna faltaðra voru 50 mkr undir áætlun þar sem hlutur Reykjavíkurborgar í heildarframlögum Jöfnunarsjóðs fer lækkandi og var lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í mati á þjónustuþyngd fatlaðra er Reykjavíkurborg með lækkandi hlutdeild en reiknað var með óbreyttri hlutdeild í fjárhagsáætlun.

Aðrar tekjur voru 13.663 mkr og voru 544 mkr undir áætlun. Aðrar tekjur Aðalsjóðs voru 695 mkr yfir áætlun og tekjur Eignasjóðs voru 1.466 mkr undir áætlun og tekjur Bílastæðasjóðs voru 48 mkr yfir áætlun⁶.



⁶ Sjá nánar umfjöllun um Aðalsjóð í kafla 3.2, Eignasjóð í kafla 3.3 og Bílastæðasjóð í kafla 3.4.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun tekna A hluta:

Tekjur (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Útsvar, brúttó	57.837	57.306	531	0,9%
Framlag í Jöfnunarsjóð	-7.011	-6.952	-58	0,8%
Skattbreytingar og eftirá álagt útsvar	1.849	1.461	388	
Breyting á niðurfærslu og afskriftir	-371	0	-371	
Útsvar, netto	52.305	51.815	490	0,9%
Fasteignaskattur	11.511	11.553	-43	-0,4%
Lóðaleiga	1.019	1.044	-25	-2,4%
Afskrifaðir fasteignaskattar	-105	0	-105	
Fasteignaskattur, nettó	12.425	12.597	-172	-1,4%
Samtals skatttekjur	64.730	64.412	318	0,5%
Framlag v. þjónustu við fatlað fólk	3.965	4.014	-49	-1,2%
Jöfnunarsjóður sveitarf., önnur framlög	1.403	1.424	-21	-1,5%
Framlag jöfnunarsjóðs samtals	5.368	5.438	-70	-1,3%
Þjónustutekjur	7.767	7.679	88	1,2%
Eignatekjur	16.147	16.669	-522	-3,1%
Endurgreiðslur annarra	4.240	4.116	124	3,0%
Aðrar tekjur	5.946	6.427	-481	-7,5%
Söluhagnaður (tap) eigna	67	0	67	
Milliviðskipti tekin út	-20.506	-20.685	179	-0,9%
Samtals aðrar tekjur	13.663	14.206	-544	-3,8%
Tekjur alls	83.761	84.057	-296	-0,4%

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 24 mkr meira en áætlað var en greiðir 58 mkr meira en áætlað var inn í sjóðinn⁷:

Jöfnunarsjóður	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Greiðslur í Jöfnunarsjóð				
Hlutd. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	3.067	3.195	-128	-4,0%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	3.943	3.757	186	5,0%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	7.011	6.952	58	0,8%
Greiðslur frá Jöfnunarsjóði				
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	3.965	4.014	-49	-1,2%
Framlag vegna sérskóla	1.010	997	12	1,2%
Framlag vegna tónlistarskóla	339	349	-10	-3,0%
Annað	54	77	-23	-30,2%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	5.368	5.438	-70	-1,3%
Aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði				
Almennar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	1.428	1.354	74	5,5%
Sérstakar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	575	555	19	3,5%
Samtals aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	2.003	1.909	94	4,9%
Heildargreiðslur frá Jöfnunarsjóði	7.371	7.347	24	0,3%

Rekstrargjöld voru 86.657 mkr eða um 3.452 mkr yfir fjárhagsáætlun. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar var 1.012 mkr yfir fjárheimildum, launakostnaður var 961 mkr yfir fjárheimildum og annar rekstrarkostnaður 1.520 mkr yfir fjárheimildum.

Launakostnaður nam 44.862 mkr og var 961 mkr yfir fjárheimildum eða 2,2%, sem skýrist að mestu af endurskoðun á starfsmati og hækkun vegna kjarasamninga.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 3.322 og var 1.012 mkr yfir áætlun. Tryggingafræðileg úttekt vegna ársins 2014 leiddi í ljós að áfallin lífeyrisskuldbinding A hluta að frádregnum eignum var 15.081 mkr og hækkaði um 1.753 mkr á milli ára. Þegar tekið hefur verið tillit til inngreiðslna í sjóðinn að fjárhæð 1.570 mkr og stöðu lífeyrisskuldbindinga að frádregnum eignum í lok árs 2013 að fjárhæð 13.328 mkr þá fæst gjaldfærsla ársins að fjárhæð 3.322 mkr. Meðal þátta sem hafa mest áhrif á gjaldfærsluna er launaþróun opinberra starfsmanna (þ.e.hærrí laun þýðir meiri gjaldfærsla), verðlag (þ.e.meiri verðbólga þýðir minni gjaldfærsla) og ávöxtunarkrafa HFF34-flokksins á markaði (þ.e.hærrí ávöxtunarkrafa þýðir minni gjaldfærsla). Á árinu 2014 þróuðust fyrri tveir þættirnir með neikvæðum hætti með tilliti til skuldbindingarinnar, þar sem dagvinnulaun opinberra starfsmanna hækkuðu um u.þ.b. 8,6% milli desembermánaða 2013 og 2014, á meðan verðlag hækkaði aðeins um 0,8% á sama tíma. Á móti vó að viðmiðunarkrafa HFF34-flokksins í uppgjörinu var 3,287% og hækkaði um

⁷ Greiðslur Jöfnunarsjóðs vegna kostnaðarhlutdeildar ríkisins í húsaleigubótum færast undir aðrar tekjur.

u.þ.b. 0,8%-stig milli ára, sem dró verulega úr gjaldfærslunni þar sem hver 0,1%-stigs hækun ávöxtunarkröfunnar minnkar skuldbindinguna um u.þ.b. 235 mkr.

Annar rekstrarkostnaður nam 34.630 mkr og var 1.520 mkr yfir áætlun. Fjárhagsaðstoð var 537 mkr undir fjárheimildum, rekstur gatna var 391 mkr yfir fjárheimildum, áhalda og tækjakaup hjá Skóla- og frístundasviði voru 267 mkr yfir fjárheimildum og hjúkrunarheimilin 226 mkr yfir fjárheimildum þar sem ekki fæst frekara fjárframlag frá ríkissjóði vegna þeirra.

Afskriftir námu 3.843 mkr og voru 41 mkr undir áætlun.

Nettó fjármagnstekjur voru 66 mkr eða 430 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Fjármunatekjur Aðalsjóðs voru 529 mkr undir áætlun. Móttekinn arður var 175 yfir áætlun en hins vegar var greiddur fjármagnstekjuskattur 209 mkr yfir áætlun, en tekjur af ábyrgðagjaldi voru hins vegar 92 mkr undir áætlun. Fjármagnsgjöld í Eignasjóði voru 959 mkr undir áætlun.⁸ Lægri fjármagnsgjöld má rekja til lægri verðbólgu en hún var 1,7 prósentustigi lægri á árinu 2014 en áætlað var, uppgreiðslu lána og að lán voru tekin seinna á árinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.




Heildareignir voru 152.218 mkr, þar af fastafjármunir 134.729 mkr og veltufjármunir 17.488 mkr. Skuldir og skuldbindingar voru 64.574 mkr og eigið fé 87.644 mkr.

Veltufé frá rekstri nam 4.502 mkr samanborið við áætlað 5.994 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 4.472 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 4.444 mkr. **Fjárfestingar** í varanlegum rekstrarfjármunum námu 8.039 mkr en seldir rekstrarfjármunir námu 431 mkr. **Fjármögnunarhreyfingar** námu 812 mkr útstreymi, þar af voru tekin ný langtímalán 2.786 mkr en afborganir langtímalána námu 3.513. Lækkun á handbæru fé nam 1.768 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 1.236 mkr lækkun. **Handbært fé** í lok árs var 8.005 mkr.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu A hluta miðað við ársuppgjör síðastliðin 3 ár.⁹

A hluti	2012	2013	2014
Eiginfjárlutfall	57,9%	58,3%	57,6%
Arðsemi eigin fjár	0,2%	3,8%	-3,3%
Veltufjárlutfall	1,88	1,43	1,31
Skuldsetningarhlutfall	43,2%	42,0%	43,1%
Uppgreiðslutími	5	6	9
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	82%	77%	77%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	10%	9%	5%
Framlegð/rekstrartekjur	5%	9%	1%

Þílastæðasjóður flokkast með A hluta 2014, samanburðartölur 2012 og 2013 taka mið af því



Litlar breytingar voru á eiginfjárlutfalli og skuldsetningarhlutfalli. Eiginfjárlutfall er hátt sem ber vott um fjárhagslegan styrk A hluta. Uppgreiðslutími jókst nokkuð milli ára sem má rekja til þess að veltufé frá rekstri lækkar á milli ára. Eigið fé hækkaði vegna endurmatís á landi þrátt fyrir rekstrarhalla A hluta.

⁸ Nánar er fjallað um fjármagnslið A-hluta í kafla 3.1.

⁹ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1.

Eftirfarandi **lykiltölur** um mannauð byggja á gögnum úr mannauðskerfi Reykjavíkurborgar:

Lykiltölur um mannauð - A hluti	2014						
	2010	2011	2012	2013	KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	6.274	6.556	6.638	6.728	1.698 (60)	5.128 (34)	6.826 (93)
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	964.255	1.022.879	1.090.945	1.147.841	421.775	795.061	1.216.836
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	789.587	1.193.734	1.192.866	1.180.083	422.956	805.231	1.228.187
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	2.935.396	2.902.903	2.882.041	2.884.894	1.097.612	1.802.583	2.900.195
Hlutfall launatengdra gjalda	24,6%	24,7%	23,8%	23,7%	21,1%	22,2%	21,9%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 2.831 mkr. Ef horft er til rekstrarniðurstöðu árána 2012-2014 m.t.t. jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga var afkoman jákvæð um 493 mkr. Vakin er athygli á því að yfir tímabilið 2013-2014 er rekstrarafgangur þeirra samtals um 339 mkr.
- Rekstrarniðurstaða A hluta hefur versnað talsvert milli ára. Laun og annar rekstrarkostnaður var 123% í hlutfalli af skatttekjum en var 120% árið 2013. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði versnar um 3,6 mkr ef gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar er frá talin. Mikilvægt er að bregðast við þessum aðstæðum.
- Veltufé frá rekstri nam 4,5 milljörðum og var 5% sem hlutfall af tekjum. Veltufé frá rekstri lækkar á milli ára vegna versnandi afkomu. Æskilegt er að hlutfall veltufjár frá rekstri sé hærra vegna skuldastöðu eða sem næst 9% sem hlutfall af tekjum.
- Heildstæð greining á tekjum og útgjöldum vegna málefna fatlaðs fólks sýnir að halli var 987 mkr eða 19% umfram tekjur, sjá nánar kafla 3.5. Uppsafnaður halli Reykjavíkurborgar á rekstri málaflokki fatlaðs fólks frá flutningi árið 2011 er á þeim forsendum metinn á bilinu 1837-1887 mkr. Reykjavíkurborg er ekki að fá tekjur í samræmi við forsendur um flutning málaflokksins til að mæta nauðsynlegum útgjöldum.
- Á árinu 2014 voru kostnaðarsamir kjarasamningar og voru gerðir viðaukar við fjárhagsáætlun á árinu alls að fjárhæð 2,1 mkr sem nam um 5% af áætluðum launakostnaði.
- Á árinu var framkvæmd endurskoðun á starfsmati hjá Reykjavíkurborg sem tók til tæplega 6.000 starfsmanna borgarinnar. Endanlegt mat liggur enn ekki fyrir um kostnaðaráhrif endurmatsins en ljóst að það hleypur á mörg hundruðum milljónum króna sem fallið hafa til gjalda á árinu 2014. Ekki voru veittar sérstakar fjárheimildir til fagsviða á árinu 2014 vegna þessarar endurskoðunar.
- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 3.322 og var 1.012 mkr yfir áætlun. Þetta mikla frávik má einkum rekja til mikilla launahækkana opinberra starfsmanna á síðasta ári. Líkur eru á vaxandi gjaldfærslum vegna hækkandi aldurs og örorkumats íslendinga sem lagt er til grundvallar tryggingafræðileg úttekt.
- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam á tímabilinu 270 mkr umfram greiðslur frá ríki (daggjöld). Hallarekstur á árunum 2008 til ársloka 2014 nemur samtals 1.601 mkr á verðlagi hvers árs.
- Launaútgjöld vegna sérkennslu leikskóla vega þungt í hallarekstri SFS en þau voru 243 mkr eða 31% yfir fjárheimildum, þrátt fyrir að fjárveiting hafi verið aukin um 155 mkr frá árinu 2013.
- Vetrarþjónusta var 391 mkr yfir fjárheimildum vegna vöndrar færðar í vetur.

3.1 Fjármagnsliðir A hluta


Fjármagnsliðir (mkr)	Raun	Áætlun	Frávik	%
Aðalsjóður	4.021	4.550	-529	-11,6%
Eignasjóður	-3.955	-4.914	959	-19,5%
Bílastæðasjóður	-1	0	-1	
A hluti samtals	66	-364	430	-118,0%

fremst af því að verðbólga á árinu var lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir, einnig voru vaxtagjöld lægri vegna þess að lántaka fór að stærstum hluta fram á síðasta fjórðungi ársins og uppgreiðsla á láni RVK 05 var í febrúar. Í fjárhagsáætlun var fjármagnsliðum dreift jafnt yfir árið. Arðgreiðslur voru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna arðs frá Sítusi sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Á móti var lægri ávöxtun á handbæru fé, fjármagnstekjuskattur var hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og minni verðbólga hefur þau áhrif að verðtryggðar eignir voru að hækka minna en áætlun gerði ráð fyrir Tekjur af ábyrgðargjaldi voru undir áætlun þar sem skuldir sem bera ábyrgðargjald voru lægri en áætlað var.

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun verðbólgu á móti áætlaðri verðbólgu á árinu. Áætlun Reykjavíkurborgar gerði ráð fyrir jafnri verðbólgu í hverjum mánuði. Verðbólga var 1,7 prósentustigi lægri á árinu 2014 en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fjármagnsliður A hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Bílastæðasjóðs.

Nettó fjármagnsliður A hluta var jákvæður um 66 mkr á árinu 2014 en gert hafði verið ráð fyrir 364 mkr fjármagnsgjöldum niðurstaðan er því 430 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik frá áætlun skýrast fyrst og



Lausafjárstaða (mkr)	31.12.2014	Meðaláv. á ársgrv.
Innlán í bönkum	1.913	3,95%
Ríkisbréf	5.822	3,84%
Innlán í erl. mynt	270	0,10%
Samtals	8.005	3,74%

Handbært fé A hluta í lok árs var 8.005 mkr og lækkaði um 1.767 mkr frá ársbyrjun sem var í samræmi við fjárhagsáætlun. Skipting eftir innlánsformum má sjá í töflunni hér til hliðar.


Verðbréfasafn Verðbréfasafn Reykjavíkurborgar er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf. Heildarfjármunir í verðbréfasafni borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum í árslok námu 5.813 mkr og nam ávöxtun frá áramótum 3,84%.

Ávöxtun viðmiðunarvísitölu safnsins fyrir sama tímabil nam 4,56%. Talsvert flökt getur verið í ávöxtun á milli einstakra mánaða. Ávöxtun verðbréfasafns borgarinnar til síðustu fjögurra ára er 6,35% á sama tíma og meðaltals ársverðbólga hefur verið um 3,9%.

Taflan hér fyrir neðan sýnir ávöxtun skuldabréfasafns fyrir hvern mánuð borið saman við viðmiðunarvísitölu.

Mánuður	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	september	október	nóvember	desember	Samtals
VELTUSAFN	-0,07%	-0,87%	0,41%	1,48%	-0,14%	-1,21%	0,56%	0,94%	0,54%	0,42%	1,33%	0,43%	3,84%
Viðmið	0,05%	-0,80%	-0,01%	1,65%	0,49%	-1,37%	0,56%	0,85%	0,57%	0,89%	1,45%	0,19%	4,56%

Ávöxtun lausafjár var lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Vaxtatekjur voru áætlaðar 342 mkr en voru 313 mkr. Helstu skýringar á frávikum voru að verðbréfasafn borgarinnar var með mjög lága og jafnvel neikvæða ávöxtun framan af árinu sem snérist við upp úr miðju ári. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa lækkaði frá miðju ári á meðan ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa stóð nánast í stað á sama tíma og því batnaði ávöxtun safnsins verulega síðustu mánuði ársins. Vaxtatekjur af bankareikningum voru hins vegar hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, m.a. vegna betri kjara á sérkjarareikningum framan af ári.



Myndin hér til hliðar sýnir 12 mánaða ávöxtun verðbréfasafns borgarsjóðs og vexti á reikningum borgarinnar.

Lán til B hluta fyrirtækja Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum lánað B hluta fyrirtækjum umtalsverða fjármuni eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Þessi lán bera vexti og eru verðtryggð.

Stærstu lánin eru eigendalán til Orkuveitu Reykjavíkur sem eru frá 2011 og fyrri hluta árs 2013. Orkuveitan yfirtók hlutdeild í skuldabréfaflokki Reykjavíkurborgar frá árinu 2005 á sínum tíma en það lán var greitt upp

Staða á kröfum gagnvart B hluta (mkr)	31.12.2014	Vextir
Eigendalán til OR 2011	8.996	4,25%
Eigendalán til OR 2013	3.906	3,05%
Jörundur	1.163	4,00%
Hlutdeild OR í RVK 05	0	3,79%
Samtals	14.065	


í febrúar 2014 og lækkaði staða krafna vegna þess gagnvart B hluta fyrirtækjum um 719 mkr. Þá lánaði borgarsjóður Jörundi ehf. vegna endurbyggingar húsanna á horni Lækjargötu og Austurstrætis.

Innlend lántaka borgarsjóðs Reykjavíkurborg gaf út í skuldabréfaflokkunum RVK 53 1 og RVK 19 1 sem skráðir eru í kauphöll. Viðskiptavakt á eftirmarkaði er á báðum skuldabréfaflokkunum og er hún í umsjón fimm fjármálastofnana.

Sala skuldabr.flokka (mkr)	Nafnverð	Markaðs.v
RVK 53 1	1.500	2.146
RVK 19 1	100	80
Samtals	1.600	2.226

Átta skuldabréfaútböð fóru fram á árinu 2014 en hætt var við áætluð útböð í júní og september. Útböð voru haldin reglulega samkvæmt útgáfuáætlun sem birt var í kauphöll OMX Nasdaq í byrjun árs. Heimild til stækkun flokkanna á árinu nam alls 2.180 mkr að markaðsvirði. Á árinu var tekið tilboðum í skuldabréfaflokkinn RVK 19 1 að nafnvirði 100 mkr en það gerir 80 mkr að markaðsvirði. Á seinni hluta ársins var RVK 53 1 stækkaður í þremur útböðum. Samtals var gefið út 1.500 mkr að nafnvirði eða 2.146 mkr að markaðsvirði. Markmiðum ársins um lántöku var því náð. Þar sem ekki má bjóða út í verðtryggð skuldabréf þegar minna en 5 ár eru til lokagjalddaga lokaðist skuldabréfaflokkurinn RVK 19 1 í maí 2014 og verður ekki meira gefið út í honum. Skuldabréfaflokkurinn RVK 53 1 hét áður RVK 09 1 og var nafni hans breytt til að hafa samræmi í nöfnum skuldabréfaflokkanna.

Myndirnar hér að neðan sýna þróunina á álagi á skuldabréfaflokka Reykjavíkurborgar á árinu í samanburði við ríkistryggða skuldabréfaflokka (viðmiðunarflokka). Álagið hækkaði töluvert á seinni hluta ársins eftir að hafa verið sögulega lágt frá



upphafi árs 2013. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa lækkaði síðustu mánuði ársins en ekki ávöxtunarkrafa skuldabréfa borgarinnar og því hækkaði álagið á viðmiðunarflokkana nokkuð skart síðustu mánuði ársins.

Auk skuldabréfaflokka borgarinnar RVK 53 1 og RVK 19 1, er Reykjavíkurborg með einn skuldabréfaflokk skráðan í kauphöll. Þetta er skuldabréfaflokkur sem gefinn var út á árinu 1996. Skuldabréfaflokkur frá árinu 2005 var greiddur upp í febrúar s.l. Önnur lán nema óverulegri fjárhæð.

Stöðu innlendra lána m.v. árslok má sjá í töflunni hér til hliðar en útistandandi lán lækkuðu um 584 mkr á árinu.

Staða innlendra lána (mkr)	31.12.2014	31.12.2013
Skuldabréf útgefin 1996 - RVK 96	1.777	2.010
Skuldabréf útgefin 2005 - RVK 05	0	1.735
Skuldabr. útgefin 2009 - RVK 09 1	21.234	19.419
Skuldabr. útgefin 2012 - RVK 19 1	1.963	2.269
Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga	628	747
Skuldabréf við jöfnunarsjóð	174	180
Samtals	25.776	26.360

Erlend lántaka borgarsjóðs Eitt erlent lán er í A hluta. Lánið er í japönskum jenum með lokagjalddaga í desember 2015. Staða þess var 88 mkr í árslok 2014 en í ársbyrjun var staðan 182 mkr. Engin erlend lán hafa verið tekin frá árinu 2005.

Gjaldeyriseign í árslok nam 270 mkr eða sem nemur þreföldum höfuðstól erlenda lánsins í íslenskum krónum miðað við gengi þann 31.12.2014.

3.1.1 Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhættan sem snýr að fjármagnslið A hluta er verðbólguáhætta. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Skuldabréfasafn borgarinnar sem er í vörslu Íslenskra verðbréfa er um 54% verðtryggt. Lausafé á bankareikningum er óverðtryggt. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað ef verðbólga er hærri en áætlanir gera ráð fyrir. Næmni vegna 1% verðbólgu hefur verið metin um 260 mkr.

Erlendar eignir og skuldir eru hverfandi og því lítil gjaldeyrisáhætta í A hluta.

Markmið fjárstýringar er að tryggja virka lánastýringu sem miðast við að lágmarka fjármagnskostnað og virka lausafjárstýringu sem miðar að því að tryggja hámarksávöxtun lausafjár og að Reykjavíkurborg eigi ávallt nægjanlegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.


Reglulega er skoðað hvort greiða eigi upp eldri skuldir borgarsjóðs og við útgáfu nýrra skuldabréfaflokka er ávallt gætt að því að greiðsluflæði falli sem best að áætluðu framtíðartekjuflæði.

Heimildir fjárstýringar varðandi vörslu á lausu fé takmarkast við fjárfestingar í innlánsreikningum, peningamarkaðsinnlánnum, víxlum og sértryggðum skuldabréfum fjármálastofnana eða sambærilegum afurðum þeirra auk fjárfestinga í skuldabréfum gefnum út af ríkinu eða með ríkisábyrgð. Leitast er við að vera ekki með laust fé allt í sömu bankastofnun auk þess sem laust fé, sem ekki þarf að nýta til skamms tíma, er sett á bundna innlánsreikninga með hærri ávöxtun en lausir reikningar. Skuldabréfaeign borgarinnar er vel dreifð í verðtryggðum og óverðtryggðum bréfum til mislangs tíma.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Ekki er lengur hægt að gefa út í skuldabréfafloknum RVK 19 1 þar sem minna en 5 ár eru til lokagjalddaga. RVK 53 1 er verðtryggður og til mjög langs tíma. Þess vegna þarf að skoða fleiri möguleika í skuldabréfaútgáfu.
- Vegna lánsfjárstýringar þarf að móta stefnu um fjármögnun til skemmri og lengri tíma og meta kosti þess að selja úr verðbréfasafni á móti því að taka lán. Skoða þarf hagkvæmni yfirdráttarlána til að jafna sveiflur innan mánaðar.
- Við daglega lausafjárstýringu þarf m.a. að meta hvort ávaxta skuli fé til skamms eða langs tíma.
- Fyrir liggur ný fjárstýringarstefna og markmiðsetningar vegna hennar. Setja þarf mælikvarða til þessa að geta mælt og skoðað árangur fjárstýringar.

3.2 Aðalsjóður



Aðalsjóður (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	85.542	84.497	1.044	1,2%
Laun og launat.gj.	43.192	42.233	959	2,3%
Hækkun nettó lífeyriskuldb.	3.297	2.299	998	43,4%
Annar rekstrark.	50.197	49.688	509	1,0%
Fjármagnsliðir	4.021	4.550	-529	-11,6%
Rekstrarniðurstaða	-7.123	-5.173	-1.950	37,7%

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 7.123 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 5.173 mkr og var niðurstaðan því um 1.950 mkr verri en áætlað var. Helstu skýringar á verri afkomu er að finna í hærri lífeyriskuldbindingu og auknum launakostnaði.

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Aðalsjóðs á árinu 2014 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 85.542 mkr eða 1.044 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur voru 66.169 mkr eða 419 mkr yfir áætlun og tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 5.368 mkr eða 70 mkr undir áætlun.¹⁰

Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru 14.004 mkr og voru 695 mkr yfir áætlun. Mestu frávikin má finna á Íþrótt- og tómsundasviði sem var 228 mkr yfir áætlun í tekjum, einkum vegna hærri tekna af sundlaugum og á Skóla- og frístundasvið sem var 160 mkr yfir í tekjum, aðallega hjá grunnskólahlutanum. Önnur frávik voru minni.

Rekstrargjöld voru 96.686 mkr eða 2.466 mkr yfir fjárheimildum **Launakostnaður** var 43.192 mkr eða 959 mkr yfir fjárheimildum eða 2,3%. Gjaldfærsla lífeyriskuldbindingar nam 3.297 mkr og var 998 mkr

yfir áætlun. Lífeyriskuldbinding Aðalsjóðs í árslok 2014 nam 42.597 mkr en nam í árslok 2013 um 39.856 mkr sem er hækkun um 2.741 mkr. Nettóskuldbinding Aðalsjóðs að teknu tillit til eigna, aðallega skuldabréfs vegna sölu á hlut í Landsvirkjun, var í árslok 14.852 mkr en var í árslok 2013 um 13.111 mkr. **Annar rekstrarkostnaður** var 50.197 mkr eða 509 mkr yfir fjárheimildum¹¹. Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar hjá Aðalsjóði námu tæpum 16 mkr eða 0,02%.

Nettó fjármunatekjur voru 4.021 mkr eða 529 mkr undir áætlun. Arður af eignahlutum var 175 mkr yfir áætlun einkum vegna Sítusar ehf. en á móti vó að tekjur af ábyrgðargjaldi voru 92 mkr undir áætlun og að greiddur fjármagnstekjuskattur var 209 mkr hærri en áætlað var. Vaxtatekjur og verðbætur voru 397 mkr undir áætlun, einkum þar sem verðbólga var lægri en áætlun gerði ráð fyrir, auk þess sem ávöxtun handbærs fjár var lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Heildareignir voru 75.625 mkr, þar af fastafjármunir 56.593 mkr og veltufjármunir 19.032 mkr. **Skuldir og skuldbindingar** voru 23.890 mkr og eigið fé 51.735 mkr. **Veltufé frá rekstri** var neikvætt um 4.385 mkr. Handbært fé í árslok var 7.993 mkr. **Skuldbinding utan efnahags** nam 178 mkr í árslok og hafði lækkað um 12 mkr frá fyrra ári, þar af nam lækking vegna skulda OR 11 mkr.


Yfirlit yfir hjólreiða- og aksturssamninga hjá Aðalsjóði þann 31.12.2014

	Hjólreiðasamningar		Aksturssamningar		Samtals
	KK	KVK	KK	KVK	
ÍTR			13	7	20
MOF	1	1	7	10	19
SFS	4	4	9	18	35
USK	11	6	69	38	124
VEL	5	4	30	119	158
RHS	1	1	54	42	98
Samtals	22	16	182	234	454

¹⁰ Sjá umfjöllun framar í kafla 3 um A hluta.

¹¹ Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

3.3 Eignasjóður



Eignasjóður (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	19.297	20.763	-1.466	-7,1%
Laun og launat.gj.	1.477	1.452	25	1,7%
Annar rekstrark.	5.993	5.066	927	18,3%
Afskriftir	3.767	3.820	-53	-1,4%
Fjármagnsliðir	-3.955	-4.914	959	-19,5%
Rekstrarniðurstaða	4.105	5.510	-1.405	-25,5%

mkr yfir fjárheimildum. Þar af var Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar 280 mkr yfir fjárheimildum og Umhverfis- og skipulagssvið 647 mkr yfir fjárheimildum¹².

Nettó fjármagnsgjöld voru 3.955 mkr eða 959 mkr undir áætlun. Fráviknið skýrist af vaxtagjöldum sem voru 359 mkr undir áætlun auk þess sem verðbætur voru 600 mkr undir áætlun. Helstu ástæður lægri fjármagnsgjalda má rekja til lægri verðbólgu, uppgreiðslu lána og að lán voru tekin seinna á árinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Heildareignir námu 113.423 mkr, þar af námu fastafjármunir 111.559 mkr og veltufjármunir 1.863 mkr.¹³

Heildarskuldir voru 78.285 mkr. Langtímaskuldir námu 71.724 mkr og skammtímaskuldir voru 6.561 mkr í lok tímabilsins.

Eigið fé hækkar úr 27.494 mkr í ársbyrjun í 35.138 mkr í árslok. Þessi hækking skýrist af rekstrarniðurstöðu ársins 4.105 mkr og endurmati lóða og lenda í árslok 3.539 mkr.

Veltufé frá rekstri nam 8.598 mkr í árslok og handbært fé var 11 mkr.

Hér að neðan eru töflur sem sýna helstu **lykiltölur** Eignarsjóðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.

Lykiltölur um mannauð - ES	2013	2014		
		KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	201	192 (13)	45 (1)	237 (14)
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	67.221	61.850	9.920	71.770
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á ári	17.957	18.956	967	19.923
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	207.365	206.044	54.575	260.619

¹² Sjá nánar umfjöllun um hvorn rekstrarhluta fyrir sig.

¹³ Um breytingar á fastafjármunum er fjallað nánar um í kafla 3.3.1 um fjárfestingar hér að neðan

Lykiltölur úr rekstri - ES	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-14
Úthlutun og sala byggingaréttar (íbúðir)*	-27	-14	-6	201	130	-35,3%
Götur - lengd (km)	508	515	516	517	517	0,0%
Götur - yfirborð (m ²)	4.365.000	4.404.000	4.461.000	4.452.000	4.452.361	0,0%
Göngu- og hjólréiðastígar - lengd (km)	762	766	776	785	795	1,3%
Göngu- og hjólréiðastígar - yfirborð (m ²)	2.015.000	2.021.000	2.037.000	2.067.000	2.095.804	1,4%

*Tölurnar sýna nettólóðaúthlutun, mismun á fjölda lóða (talið í íbúðum) sem hefur verið úthlutað og þeim sem hefur verið skilað eða verið afturkallaðar.

3.3.1 Fjárfestingar Eignasjóðs

Fjárfestingar námu alls 8.025 mkr sem var um 96% af framkvæmdaáætlun. Gert var ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 8.365 mkr og voru framkvæmdir því 340 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Nettó fjárfesting að teknu tilliti til tekna af gatnagerðargjöldum nam 7.357 mkr sjá meðfylgjandi töflu og verkstöðuskýrslu nýframkvæmda 2014.

Fjárfestingar Eignasjóðs (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Fasteignir og stofnbúnaður	3.439	3.553	-113	-3,2%
Samgöngumannvirki	2.037	2.588	-551	-21,3%
Annað	2.549	2.225	324	14,6%
Samtals fjárfesting - brúttó	8.025	8.365	-340	-4,1%
Leigugeignir	536	0	536	
Fjárfesting sbr. sjóðstreymi	8.561	8.365	196	2,3%
Gatnagerðargjöld	-1.204	-1.100	-104	9,5%
Samtals fjárfesting - nettó	7.357	7.265	92	1,3%

Keyptar fasteignir og lóðir árið 2014 (mkr)	Kaupverð
Víðines, Víðinesvegur 30	63.600
Sævarhöfði 31, Sementsverksmiðjusvæði	50.000
Stakkholt 3, lóð	4.610
Kaupverð samtals:	118.210

Seldar fasteignir og lóðir árið 2014 (mkr)	Söluverð
Laugavegur 4-6 og Skólavörðustígur 1a	356.000
Veghúsastígur 9a	36.250
2 færarlegar kennslustofur	2.160
Söluverð samtals:	394.410

Fasteignir og stofnbúnaður Kostnaður við byggingaframkvæmdir nam 3.374 mkr sem var um 95 % af áætlun.

Samgöngumannvirki Kostnaður við gatnaframkvæmdir nam 2.037 mkr sem var um 78,7 % af áætlun. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 1.204 mkr eða 9,5% umfram áætlun.

Áhöld, tæki og nýr hugbúnaður Fjárfestingar námu 644 mkr sem er um 72% af áætlun.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins Eignarhlutur Reykjavíkurborgar fluttur í Eignasjóð 563 mkr.


Lóðir, lönd og skipulagseignir Kostnaður nam 244 mkr sem er um 3,6% umfram áætlun.

Endurbætur, meiriháttar viðhald og sérstök átaksverkefni Fjárfestingar námu 1.118 mkr sem er 2% umfram áætlun.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Tekjur af sölu byggingaréttar voru áætlaðar 1.600 mkr en reyndust 407 mkr sem setur mark sitt á rekstrarniðurstöðu Eignasjóðs.
- Mikilvægt er að taka ákvarðanir um fjárfestingar á grundvelli þarfagreininga, arðsemisgreininga á valkostum og fjárhagslegrar getu hverju sinni.
- Brýnt er að taka upp verkbókhald í Aðalsjóði svo ekki þurfi að færa rekstur Umhverfis- og skipulagssviðs í gegnum verkbókhald Eignasjóðs
- Nauðsynlegt er að skilja á milli útgjalda vegna atvinnuþróunar, sem á að gjaldfæra í Aðalsjóði, og útgjalda vegna Eignasjóðs.
- Ekki voru veittar sérstakar fjárheimildir á árinu 2014 vegna endurskoðunar á starfsmati. Endanlegt kostnaðarmat er í vinnslu.

3.4 Bílastæðasjóður



Bílastæðasjóður (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	867	819	48	5,8%
Laun og launat.gj.	193	216	-23	-10,5%
Hækkun nettó lífeyriskuldb.	25	11	14	130,0%
Annar rekstrark.	385	379	6	1,6%
Afskriftir	76	63	13	20,0%
Fjármagnsliðir	-1	0	-1	
Rekstrarniðurstaða	188	151	37	24,2%

Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 188 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 151 mkr og var niðurstaðan því 37 mkr betri en áætlað var.

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Bílastæðasjóðs á árinu 2014 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 867 mkr eða 48 mkr yfir áætlun eða 5,8%. Rekstrartekjur jukust um 11,9% frá fyrra ári. Tekjur vegna stöðu- og miðamæla aukast um 14,2% á milli ára og tekjur í bílastæðahúsum aukast um 2%. Tekjur vegna stöðubrotagjalda lækka um 3,8%, sem er jákvæð þróun og má skýra með auknu eftirliti sem leiðir til fækkunar á aukastöðugjöldum og stöðubrotgjöldum. Fleiri greiða í stöðu- og miðamæla og nýta sér GSM greiðsluþjónustu.

Rekstrargjöld voru 679 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 668 mkr. Árið 2013 voru rekstrargjöld 613 mkr. Launakostnaður hefur undanfarin ár verið talsvert undir áætlun. Það má skýra með viðvarandi starfsmannaveltu sem hefur leitt til þess að ekki hefur tekist að fjölga starfsmönnum jafnhliða útvíkkun starfssvæða sjóðsins. Ástæða

starfsmannaveltu má m.a. skýra með erfiðu starfsumhverfi og lágum launum.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 606 þúsund kr en áætlun gerði ráð fyrir að þeir yrðu jákvæðir um 150 þúsund kr.

Heildareignir námu 2.092 mkr, hækkuðu um 11,5% frá fyrra ári. Fastafjármunir námu 1.524 mkr og veltufjármunir námu 568 mkr.

Heildarskuldir námu 284 mkr. Engar **langtímaskuldir** eru til staðar og skiptast skuldirnar í lífeyriskuldbindingar að upphæð 216 mkr og skammtímaskuldir að upphæð 68 mkr. **Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags** nema 798 mkr vegna byggingar bílajakallara í Hörpu.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 288 mkr. Handbært fé í árslok var 517 mkr.

Yfirlit yfir helstu markmið sjóðsins sem sett voru fram í greinargerð með fjárhagsáætlun 2014 og sá árangur sem náðst hefur á árinu.

Markmið 2014	Hvað hefur verið gert á árinu	Árangur
Tekjuaukning í stöðu- og miðamælum og GSM greiðsluþjónustu	Aukið eftirlit, sem hefur þau áhrif að fleiri greiða í stöðu- og miðamæla og nýta sér GSM greiðsluþjónustu. Tekjur vegna stöðu- og miðamæla hafa aukist um 12% milli ára fyrstu níu mánuði ársins og tekjur vegna GSM greiðsluþjónustu um 19%	81 – 100%
Fækka stöðubrotgjöldum	Lítið hefur dregið úr stöðubrotgjöldum þrátt fyrir aukið eftirlit. Búið er að samþykka hækkun á stöðubrotgjöldum.	0 – 50%
Bæta upplýsingakerfi	Þegar hefur verið búið til app fyrir stöðuverði til notkunar við álagningu stöðvunarbrotagjalda.	81 – 100%

Hér að neðan eru tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** Bílastæðasjóðs um mannauð.

Lykiltölur um mannauð - BS	2014			
	2013	KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (meðaltal)	29	21	9	30
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	10.963	7.909	2.645	10.554
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	1.370	1.236	0	1.236
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	8.000	0	8.000	8.000

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Bílastæðasjóður flokkast undir A hluta borgarsjóðs frá 1. janúar 2014 í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 18. apríl 2013. Samþykki ráðuneytis á þessari breytingu hefur ekki enn borist.
- Rekstarniðurstaða, efnahagur og sjóðstreymi eru í jafnvægi miðað við áætlun ársins.
- Vakin er athygli á skuldbindingum Bílastæðasjóðs utan efnahags vegna bílakjallara Hörpunnar um 798 mkr.

3.5 Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 6.233 mkr og tekjur sem komu á móti voru 5.246 mkr rekstrarniðurstaða var neikvæð um 987 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hallinn næmi 711 mkr.

Málefni fatlaðs fólks 2014			
Tekjur:	í mkr	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		3.954	4.014
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		43	45
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		39	37
Útvarstekjur 0,25% RVK		996	987
Þjónustutekjur		69	72
Útvarstekjur 0,25% Seltjarnarnes		42	40
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		103	100
Tekjur alls		5.246	5.295
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		4.025	3.722
Húsaleiga		310	269
Annar rekstrarkostnaður		244	341
Þjónustugjöld (samningar)		1.270	1.298
Þjónustugjöld (Seltjarnarnes)		25	17
Stjórnunarkostnaður		50	81
Lengd viðvera ÍTR		51	50
Lengd viðvera SFS		259	228
Gjöld alls		6.233	6.006
Niðurstaða		-987	-711

Hjúkrunarheimili Hallarekstur hjúkrunarheimila hefur verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Árið 2014 voru hjúkrunarheimilin rekin með 270 mkr halla. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsafnaðan halla hjúkrunarheimilanna á árunum 2008-2014.


Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Hallarekstur 2008-2014 (í mkr á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
Samtals	1.035	565	1.601

Tónlistarskólar Útgjöld vegna einkarekinna tónlistarskóla í Reykjavík námu 1.125 mkr. Af því voru greiðslur Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna sem Reykjavíkurborg hefur milligöngu um 360 mkr en 20 mkr halli var af þeim greiðslum vegna fyrirframgreiðslna til fjögurra tónlistarskóla.

4. Nánar um A hluta

4.1 Aðalsjóður

4.1.1 Íþrótt- og tómstundasvið



Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Íþrótt- og tómstundasviðs á árinu 2014 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Sviðið annast rekstur **skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins** frá 1. janúar 2014 samkvæmt þjónustusamningi milli Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu en áður voru skíðasvæðin rekin sem sérstök rekstrareining undir B hluta í samstæðu Reykjavíkurborgar.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 6.156 mkr sem var um 62 mkr eða 1% yfir fjárheimildum ársins. Helsta skýringin á því voru **breytingar á starfsmati** hjá Reykjavíkurborg sem tóku gildi frá og með febrúar 2014 og námu samkvæmt bráðabirgðamati 68 mkr. Án þessara leiðréttinga á starfsmati hefði rekstrarniðurstaðan verið 5 mkr eða 0,01% undir fjárheimildum.

Tekjur voru 1.432 mkr sem var 228 mkr eða 19% yfir áætlun. Tekjur skíðasvæðanna voru 29,9 mkr yfir áætlun en opnunardagar voru fleiri og aðsókn meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur **sundlauga** voru 109 mkr yfir áætlun en þar af voru tekjur vegna aðsóknar 57,7 mkr yfir áætlun. Tekjur Fjölskyldu- og húsdýragarðsins voru 16,9 mkr yfir áætlun vegna aukinnar veitingasölu og vegna samnings við SFS um komu barna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn sem ekki var gert

ráð fyrir í áætlun. Tekjur Hins Hússins voru 22,3 mkr yfir áætlun sem má rekja til aukinna styrkja frá þriðja aðila til verkefna á vegum Hins Hússins.

Laun og launatengd gjöld voru um 1.631 mkr sem var 42 mkr eða 2,7% yfir fjárheimildum. Viðbótarkostnaður hjá ÍTR vegna breytinga á starfsmati fyrir árið 2014 nam um 68 mkr umfram fjárheimildir sviðsins. Að teknu tilliti til starfsmatsbreytinga var launakostnaður hjá ÍTR undir fjárheimildum. Launakostnaður í öllum sundlaugum var 35,9 mkr yfir fjárheimildum. Launakostnaður vegna atvinnumála var 8,5 mkr yfir fjárheimildum vegna atvinnuátaksverkefna í samvinnu við Vinnuálastofnun. Launakostnaður hjá skíðasvæðunum var 15,5 mkr yfir fjárheimildum sem þar sem opnunardagar voru fleiri en áætlun gerði ráð fyrir. Kostnaður vegna langtímaveikinda var 19,6 mkr undir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var um 5.957 mkr sem var 248 mkr eða 4,4 % yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður hjá sundlaugunum var 88,7 mkr eða 8,3% yfir fjárheimildum sem rekja má til hærri kostnaðar aðfanga s.s. strætókorta. Þá var rekstrarkostnaður vegna grasvalla 42,2 mkr yfir fjárheimildum vegna mikilla frostsKemmda á völlum. Skíðasvæðin voru 14,4 mkr yfir fjárheimildum og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn var 28,7 mkr yfir fjárheimildum. Kostnaður vegna innri leigu var 21,9 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir, Laugaból var 11,7 mkr yfir fjárheimildum og gervigrasvellir voru 17,1 mkr yfir fjárheimildum.

Húsaleigu- og æfingastyrkir: Rekstrarniðurstaða var 1.935 mkr sem var 2 mkr eða 0,1% yfir fjárheimildum.

Sundlaugar: Rekstrarniðurstaða var um 1.180 mkr sem var 2,7 mkr eða 0,2% undir fjárheimildum. Tekjur sundlauga voru samtals um 109,4 mkr yfir áætlun. Tekjur af vöru- og veitingasölu voru 51,7 mkr hærri en gert var ráð fyrir í áætlun og munar langmest um sölu á strætókortum en strætókort voru seld fyrir um 60 mkr. Aðgangseyrir var 57,7 mkr eða 14% yfir áætlun og fjölgaði gestum sundlauganna um 49.369 á milli ára eða 2,8%. Launakostnaður var 18 mkr yfir fjárheimildum, þar af var kostnaður vegna áhrifa starfsmats 35,6 mkr. Viðbótarlaunakostnaður upp á 11 mkr féll á Laugardalslaug vegna fyrstu 8 mánuða ársins 2014. Skýrist það af kröfu Umhverfisstofnunar um fjölgun starfsmanna við laugargæslu í innlaug Laugardalslaugar. ÍTR sótti um undanþágu árið 2013 til heilbrigðiseftirlitsins og var hún veitt í september 2014. Kostnaður vegna þessarar kröfu nam um 27 mkr vegna árána 2013 og 2014. Annar rekstrarkostnaður sundlauganna var 88,7 mkr yfir

fjárheimildum sem rekja má til hærri kostnaðar aðfanga og þá einkum strætókorta. Þá var orkukostnaður 12,3 mkr yfir fjárheimildum og endurnýjun áhalda og búnaðar var um 8,6 mkr yfir áætlun.

Skíðasvæðin: Í upphafi árs 2014 tók nýr samningur gildi á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um rekstur skíðasvæðanna. Samkvæmt samningnum annast ÍTR rekstur skíðasvæðanna að fullu frá og með janúar 2014. Rekstrarniðurstaða skíðasvæðanna árið 2014 var 5,7 mkr undir fjárheimildum. Tekjur skíðasvæðanna voru 290,8 mkr eða 29,9 mkr yfir áætlun, þar af var aðgangseyrir 26,4 mkr yfir áætlun. Skýrist það af fleiri opnunardögum en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarframlag sveitarfélaganna fyrir árið 2014 var 145 mkr og þar af var hlutur Reykjavíkurborgar 84 mkr. Launakostnaður var 136,7 mkr sem var 15,5 mkr eða 12,8% yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður var 154 mkr sem var 14,4 mkr yfir fjárheimildum.

Frístundakort: Rekstrarniðurstaða var 450 mkr sem var 17,6 mkr eða 3,9% undir fjárheimildum. Þar af var ráðstöfun frístundastyrkja 409 mkr sem var 15 mkr undir fjárheimildum eða 3,7%. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að 82,1% barna sem rétt áttu á frístundastyrk myndu nýta sér hann en í reynd nýttu 79,1% barna kortin.

Styrkir til íþróttá- og æskulýðsmála: Styrkir námu 17,5 mkr sem var í samræmi við fjárhagsáætlun.

Fjölskyldu og húsdýragarður: Rekstrarniðurstaða var 202,2 mkr sem var 9,5 mkr yfir fjárheimildum. Tekjur voru 16,9 mkr yfir áætlun sem var að mestu vegna veitingasölu og samnings við SFS um komu barna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn (FHG) sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Annar rekstrarkostnaður í garðinum var 28,7 mkr yfir fjárheimildum. Hann skýrist meðal annars af greiðslu upp á 10 mkr vegna leigusamnings á leiktækjum í FHG sem Reykjavíkurborg keypti á árinu. Þá var hærri kostnaður vegna endurnýjunar áhalda, búnaðar og innréttinga sem nam 6,1 mkr og kostnaður vegna aðfanga í veitingasölu var um 4,8 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Hitt Húsið: Rekstrarniðurstaða var 254,1 mkr sem var 6,4 mkr undir fjárheimildum. Tekjur Hins Hússins voru 22,3 mkr yfir fjárheimildum sem má rekja til aukinna styrkja frá þriðja aðila vegna verkefna á vegum Hins Hússins. Tekjur vegna verkefnisins Vítamín námu 11,6 mkr, tekjur vegna Listar án landamæra voru 7,7 mkr og tekjur jafningjafræðslunnar voru 1,8 mkr en þessi verkefni voru ekki inn í fjárhagsáætlun. Launakostnaður var 17,5 mkr yfir fjárheimildum sem skýrist af hærri launakostnaði vegna verkefnanna Vítamín 9,7 mkr, jafningjafræðslunnar upp á 5,9 mkr og Listar án landamæra upp á 3,8 mkr en ekki var gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun. Annar rekstrarkostnaður var 1,7 mkr undir fjárheimildum.

Ylströndin: Rekstrarniðurstaða var 52,6 mkr sem eða 2,2 mkr yfir fjárheimildum. Tekjur voru samtals 4,5 mkr yfir áætlun en tekjur vegna aðgangseyris voru 3,8 mkr yfir áætlun og vöru- og veitingasala var 0,7 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður var 2,5 mkr yfir fjárheimildum sem skýrist af aukinni þjónustu við sjósund yfir vetrartímann. Annar rekstrarkostnaður var 4,2 mkr yfir fjárheimildum sem má rekja til aukinnar orkunotkunar og aukins kostnaðar við aðföng í veitingasölu.

Siglunes: Rekstrarniðurstaða var 28,1 mkr eða 6,8 mkr yfir fjárheimildum. Tekjur voru 0,9 mkr yfir áætlun vegna aukinnar þátttöku í sumarnámskeiðum. Launakostnaður var 5,9 mkr yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður var 1,8 mkr yfir fjárheimildum vegna aukins kostnaðar við endurnýjun áhalda og innréttinga. ÍTR mun endurskoða þjónustustig í Siglunesi í samræmi við áætlun.

Laugaból: Rekstrarniðurstaða var 160,6 mkr sem var 11,7 mkr yfir fjárheimildum en það skýrist af orkukostnaði sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2014.

Þjónusta við félög: Rekstrarniðurstaða var 96 mkr sem var 40 mkr yfir fjárheimildum. ÍTR sér um umhirðu og rekstur á grasæfingarsvæðum og keppnisvöllum á 10 svæðum í borginni alls um 330.000 fm. Vellirnir fóru mjög illa í upphafi ársins 2014 vegna klaka sem lá á þeim. Gripið var til aðgerða til að lámarka þann skaða sem klakinn skildi eftir sig. Kostnaður vegna þessara aðgerða var 43,6 mkr. Ef ekki hefði verið gripið til þessara aðgerða hefði hugsanlega þurft að endurnýja velli frá grunni með tilheyrandi kostnaði.

Innri leiga: Innri leiga hjá ÍTR fyrir árið 2014 var 2.229 mkr sem var 21,9 mkr eða tæplega 1% yfir fjárheimildum. Þar af var innri leiga vegna tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar upp á 13,1 mkr ekki inn í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun: Verkefni ÍTR á sviði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar árið 2014 var að kanna hvort styrkir og framlög borgarinnar stuðli að jöfnum möguleikum kynjanna innan starfsemi íþróttafélaganna í hverfum borgarinnar. Búið er að skilgreina verkefnið og greina helstu áhættur við vinnslu þess. Gagnaöflun stendur yfir en nokkrar hindranir hafa komið upp við gagnaöflunina og er unnið að lausn á þeim.

Yfirlit yfir helstu markmið sviðsins árið 2014 og sá árangur sem náðst hefur á árinu:

Mælikvarðar 2014	Hvað hefur verið gert á árinu	Árangur
Greina vinnuálag á starfsstöðum ÍTR og setja fram tillögur til úrbóta.	Skipaður var starfshópur og ítarleg mannauðskönnun framkvæmd. Tillögur að umbótum settar fram og unnið með niðurstöður könnunarinnar bæði á starfsstöðum og á starfsdögum stjórnenda.	70 - 80%
Styrkja stjórnendahóp ÍTR og efla liðsheilidina. Lögð verði áhersla á að stjórnendur fái fleiri og skýrari verkefni, bættu símenntun og jafningjafræðslu.	Stjórnendamat framkvæmt og námskeiðahald. Verkefni nær fram á árið 2015.	80%
Flytja rekstur skíðasvæða inn í Aðalsjóð.	Verkefnið á lokastigi. Verðmat og eignfærslur framkvæmdar í desember.	80-100%
Að minnst 75% starfsfólks telji sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starfþess og/eða vinnustað.	Aukin fræðsla og upplýsingamiðlun.	66%
Ná til og virkja ungt fólk sem ekki tekur þátt í skipulegu félagsstarfi.	Unnið að stefnumótun í málefnum 16+, auknir styrkir, m.a. til samstarfsverkefna í hverfum.	70-80%

Hér að neðan eru tölur sem sýna helstu **lykiltölur** Íþrótt- og tómsundasviðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.¹⁴

Lykiltölur um mannauð - ÍTR	2014						
	2010	2011	2012*	2013	KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	624	630	246	243	129 (6)	119 (5)	248 (11)
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	139.850	127.372	66.953	76.960	60.220	45.237	105.457
Fjöldi vinnust. með vaktalagi á ári	212.473	198.485	128.758	127.960	64.272	61.711	125.983
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	228.595	228.095	99.609	97.605	80.980	32.539	113.519

*Árið 2012 var frístundahluti ÍTR fluttur yfir á Skóla- og frístundasvið.


Lykiltölur úr rekstri - ÍTR	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-14
Aðsókn að sundstöðum ÍTR (þús)	1.904	1.771	1.822	1.758	1.807	2,8%
Aðsókn að Ylströnd (þús)	470	475	485	480	470	-2,1%
Vetraraðsókn að Ylströnd (þús)	11,4	10,7	9,9	10,7	13,3	24,3%
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarði (þús)	195	189	174	171	172	0,6%
Innri leiga ÍTR (mkr)	1.634	1.756	1.943	2.085	2.229	6,9%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur Íþrótt- og tómsundasviðs var í jafnvægi.
- Ekki voru veittar sérstakar fjárheimildir á árinu 2014 vegna endurskoðunar á starfsmati. Endanlegt kostnaðarmat er í vinnslu.

¹⁴ Lykiltölur mannauðs miða við skipulag hvers árs

4.1.2 Menningar- og ferðamálasvið



Rekstur MOF (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	344	255	89	34,9%
Laun og launat. gj.	1.053	939	114	12,1%
Annar rekstark.	3.118	3.115	3	0,1%
Rekstrarniðurstaða	3.827	3.798	28	0,7%

áætlun og reksturinn vistaður tímabundið hjá menningarmiðstöðinni og því voru bæði tekjur og gjöld að bókast af þeim rekstri. Hins vegar voru tekjur af **salarleigu** undir áætlun í Gerðubergi vegna framkvæmda í húsinu sem tóku lengri tíma en ráðgert var.

Laun og launatengd gjöld voru 12,1% eða 114 mkr umfram fjárheimildir. Frávik voru vegna **Sjóminjasafnsins** 29 mkr en sundurliðuð áætlun ársins tók ekki mið af yfirtöku safnsins og vegna endurskoðunar á **starfsmati**.

Annar rekstarkostnaður var 3.118 mkr sem var 3 mkr eða 0,1% umfram fjárheimildir. Helstu frávik voru vegna **framlaga** tengdum Hörpu og Austurhöfn, sem reyndust lægri en áætlað var og **sameiginlegur og ófyrirséður** kostnaður var undir fjárheimildum. Á móti kom að **styrkur** til Leikfélags Reykjavíkur sem verðbættur er að hálfu skv. vísitölu launa og að hálfu skv. vísitölu neysluverðs var 1,4% yfir áætlun.

Styrkir og samstarfssamningar: Kostnaður sviðsins vegna þessa liðar nam tæplega 1.186 mkr og var 0,3% yfir fjárheimildum eða 4 mkr. Eins og áður er getið var innri leiga hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem nam 0,3% auk þess sem rekstrarframlag til Leikfélags Reykjavíkur var hærra en áætlað var sem nam 7,5 mkr. Á móti kom að í styrkjalið ráðsins var gert ráð fyrir 10 mkr í aðgerðir í menningarstefnu sem ráðið ráðstafaði. Ekki tókst að ljúka öllum verkefnum fyrir áramót svo eftir stóðu ríflega 2 mkr auk þess sem einn styrkur var ekki innlestur í lok árs, en styrkjareglum ráðsins og borgarinnar er fylgt mjög vel eftir á sviðinu.

Borgarbókasafn: Kostnaður vegna reksturs safnsins var 707 mkr, sem var tæplega 42 mkr eða 6,3% yfir samþykktir fjárhagsáætlun. Tekjur ársins voru undir áætlun sem nemur 2 mkr en bæði hafa sektargreiðslur lækkað til muna á umliðnum árum vegna breyttra innheimtuaðferða og að auki hefur seldum bókasafnsskrteinum aðeins fækkað sem að hluta til má rekja til þess að Gerðubergssafn var lokað í 3 vikur í sumar vegna framkvæmda og Foldasafn var lokað í 3 vikur í lok árs vegna flutnings í Spöngina. Laun og launatengd gjöld voru umfram áætlun sem nam 38,4 mkr eða 9,5%. Frávikin voru annars vegar vegna kjarasamningsbundinnar endurskoðunar á starfsmati og hins vegar afturvirkra breytinga á starfsmati en nokkrar beiðnir frá Borgarbókasafni höfðu beðið lengi eftir afgreiðslu. Á umliðnum árum hefur verið hagrætt mjög í starfsmannahaldi safnsins og á sama tíma hefur verið leitast við að halda sama þjónustustigi með því að taka virkan þátt í átaksverkefnum sem voru í gangi á hverjum tíma. Safnið fékk til liðs við sig 4 starfsmenn á árinu 2014 í gegnum átaksverkefni. Í lok árs flutti Foldasafn í Grafarvogi í stærra húsnæði í Spönginni. Á árinu var jafnframt unnið að undirbúningi að sameiningu Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og Borgarbókasafnsins með nýjar áherslur á starfseminu í hverfunum. Gestir Borgarbókasafnsins voru 599 þúsund árið 2014 og fækkaði um 5% milli ára. Útlán voru ríflega 853 þúsund og minnkuðu um 7% milli ára.

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2014 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstur og starfssemi Sjóminjasafns Reykjavíkur var yfirtekinn þann 1. júní 2014 og safnið gert að borgarsafni. Á sama tíma tók til starfa **nýtt sameinað safn**, Borgarsögusafn Reykjavíkur. Undir því nafni sameinuðust Minjasafn Reykjavíkur með Árbæjarsafni og Landnámssýningunni í Aðalstræti, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Viðey auk Sjóminjasafnsins.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 3.827 mkr og var það 28 mkr eða 0,7% yfir samþykktum fjárheimildum ársins.

Tekjur ársins voru um 344 mkr eða 89 mkr og 34,9% yfir áætlun. Tekjuaukann má að stærstum hluta rekja til breyttra forsendna og aukinna tekna af aðgangseyri. Fjárhagsáætlun gerði ekki ráð fyrir yfirtöku Sjóminjasafnsins þar sem tekjur voru 27,8 mkr. Tekjur af **aðgangseyri** voru umfram áætlun á Landnámssýningunni, Árbæjarsafni og Listasafni Reykjavíkur sem nam 25,4 mkr eða um 36% og má að mestu rekja til fjölgunar erlendra ferðamanna. Þá voru tekjur af **safnbúðum** um 8,3 mkr umfram áætlun – en eitt af markmiðum ársins var að efla þær sem mikilvægan tekjustofn menningarstofnana. Í upphafi árs var rekstrarformi á **kaffihúsi** í Gerðubergi breytt frá upphaflegri

Listasafn Reykjavíkur: Kostnaður vegna reksturs Listasafnsins var tæplega 368 mkr, sem var rúmlega 16 mkr eða um 4,6% yfir samþykktri fjárhagsáætlun. Þar vó þýngst endurskoðun á starfsmati sem var 15 mkr yfir fjárheimildum. Tekjur af aðgangseyri voru hærri en áætlað hafði verið sem nam 6,9 mkr eða ríflega 24%. Safnið hefur unnið markvisst að skráningum á sýningum safnsins frá stofnun þess sem stefnt er að koma á vefinn auk þess sem stærstur hluta safneignarinnar er þegar aðgengilegur á sérstökum listaverkavef. Listasafnið tók virkan þátt í atvinnuáttaksverkefnum á árinu 2014 og voru 6 starfsmenn ráðnir í ýmis skráningarverkefni og í sýningagæslu í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum. Gestir voru 200 þúsund á árinu og fækkaði um 1% milli ára.

Borgarsögusafn Reykjavíkur tók til starfa 1. júní sl. þegar Árbæjarsafn, Landnámssýningin, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafn Reykjavíkur og Viðey voru sameinuð. Kostnaður vegna reksturs Borgarsögusafns Reykjavíkur og þeirra eininga sem undir safnið heyra nam 381,5 mkr sem var 0,1% eða 0,3 mkr yfir samþykktum fjárheimildum og skýrist af launaliðnum vegna breytinga á starfsmati upp á ríflega 17 mkr. Önnur helstu frávik voru að tekjur voru töluvert umfram áætlun eða 68 mkr. Skýringarnar eru af þrennum toga; i) breyttar rekstrarforsendum – en áætlun Sjóminjasafnsins var ekki sundurliðuð fyrir árið 2014 – þar voru tekjur 27,8 mkr; ii) tekjur af aðgangseyri á Landnámssýningu var 15,8 mkr yfir áætlun eða 58% og tekjur af aðgangseyri á Árbæjarsafni 1,5 mkr eða 12% yfir áætlun ársins; iii) söfnin fengu styrki til ýmissa verkefna sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun eða um 12 mkr. Gestum Landnámssýningar fjölgaði um 32%, Ljósmyndasafns um 40%, Árbæjarsafns um 8% og Viðeyjar um 4% milli ára. Unnið hefur verið markvisst að því að straumlínulaga rekstur safnsins og koma honum í jafnvægi en undirbúningur að stofnun nýs safns hófst um mitt ár 2013.

Meningarmiðstöðin Gerðuberg: Kostnaður vegna reksturs Menningarmiðstöðvarinnar var 89,6 mkr og var 3,3% eða 2,8 mkr yfir fjárheimildum og rekja má til endurskoðunar starfsmats. Miðstöðin tók tímabundið yfir rekstur kaffihússins á síðari hluta ársins 2013, en kaffihúsið sá meðal annars um að þjónusta þá eldri borgara sem njóta matarþjónustu í félagsstarfinu í Gerðubergi. Reksturinn hefur verið ákaflega erfiður og var lokað á meðan unnið var að breytingum á húsnæðinu. Rekstrarfyrirkomulagið var endurskoðað á framkvæmdatímanum og unnið er að því að fá utanaðkomandi aðila til að sjá um reksturinn aftur. Vegna framkvæmdanna var hluti húsnæðisins lokaður í töluvert lengri tíma en áætlað hafði verið og tekjur af salarleigu voru því lægri en áætlað var. Ef frá er talinn kostnaðarauki vegna starfsmatsins þá er reksturinn innan fjárheimilda. Eins og að ofan greinir var á árinu 2014 unnið að sameiningu Borgarbókasafns og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs, en sameiningin tók gildi um áramótin 2014/2015. Gestir Menningarmiðstöðvarinnar voru 103 þúsund eða 3% færri en árið 2013.

Höfuðborgarstofa: Kostnaður vegna reksturs Höfuðborgarstofu nam rúmum 142 mkr sem var 1,5 mkr eða 1,1% umfram samþykktu fjárhagsáætlun. Eins og á öðrum stofnunum sviðsins var það launaliðurinn sem fór umfram samþykktu fjárhagsáætlun vegna endurskoðunar á starfsmati. Gestum Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna fjölgaði um 13% milli ára og voru tæplega 338 þúsund. Meðal forgangsverkefna ferðamálastefnunnar sem unnið var að á árinu voru nýtt vörumerki Reykjavík Loves, þátttaka í samstarfsverkefninu, Ísland allt árið (sem er samstarfsverkefni fyrirtækja í greininni, ríkis og borgar og miðar að því að fjölga ferðamönnum utan háannar), Ráðstefnuborgin Reykjavík og Menningarborgin Reykjavík, sem jafnframt var unnið að í samvinnu við menningarstofnanir og hagsmunaaðila í miðborginni. Borgarhátíðir voru haldnar í samræmi við starfsáætlun.

Yfirstjórn: Kostnaður vegna yfirstjórnar nam tæplega 83,8 mkr sem var tæplega 0,7 mkr eða 0,8% yfir samþykktri fjárhagsáætlun ársins og rekja má til endurskoðunar starfsmats.

Framlög: Framlag Reykjavíkurborgar til Hörpu – Tónlistar- og ráðstefnuhússins var um 562 mkr en það var 12,4 mkr eða 2,2% undir fjárheimildum. Frávikin eru tilkomin vegna þess að verðbætur voru minni en áætlun gerði ráð fyrir auk þess sem ætlað rekstrarframlag til Austurhafnar var fellt niður þar sem félagið var sameinað Hörpu í febrúar 2013.

Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands (SÍ) var 171,6 mkr eða um 2,4 mkr yfir fjárheimildum ársins, þar af voru 3,2 mkr gjaldfærðar vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum. Ársreikningur 2013 barst á vordögum og sýndi að rekstur hljómsveitarinnar fór um 15,8 mkr fram úr fjárheimildum skv. fjárlögum. SÍ gerði kröfu um að Reykjavíkurborg greiddi 18% hlutdeild í taprekstri sveitarinnar 2013 eða um 2,8 mkr og var sú fjárhæð tekjufærð í ársreikningi sveitarinnar. Til samanburðar nam taprekstur sveitarinnar árið 2012 68 mkr og var tekjufærð hlutdeild Reykjavíkurborgar þá 12,2 mkr. Þessum kröfum var hafnað. Skv. upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins er allt útlit fyrir að rekstur Sinfóníunnar verði innan fjárheimilda árið 2014 – en ársreikningur liggur ekki fyrir.

Annað: Helsta sérverkefni sviðsins á árinu var Bókmenntaborg UNESCO. Reykjavík fékk titilinn á árinu 2011 og hefur unnið markvisst að bókmenntatengdum verkefnum, kynningarstarfi og alþjóðlegum tengslum í netverki skapandi borga UNESCO. Auk þess sem markvisst er unnið að því að efla Gestakort Reykjavíkur, Menningarkort Reykjavíkur og safnbúðirnar með það að markmiði að efla sértekjur safnanna og hefur sú vinna þegar skilað sýnilegum árangri og voru verkefnin rekin innan fjárheimilda. Verkefni á sviði nýmiðlunar töfðust og fjárheimildir vegna þeirra að upphæð 11 mkr ekki nýttar. Unnið var að fjölbreyttum verkefnum á sviði barnamenningar s.s. Menningarfánanum, sem er samstarfsverkefni MOF og SFS og þátttöku í tónlistarverkefni Bjarkar Guðmundsdóttur, Biofilu auk þess sem skólum og leikskólum var boðið upp á rútuferðir í skipulagðar heimsóknir í söfnin – allt rekið samanlagt 5 mkr undir fjárheimildum. Þá var ófyrirséður og sameiginlegur

kostnaður rúmlega 10 mkr undir fjárheimildum og kom á þann hátt á móti auknum kostnaði stofnana sviðsins meðal annars vegna launaleiðréttinga og uppgjöra á afturvirkum leiðréttingum á starfsmati.

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun: Starfshópur skipaður fulltrúum allra stofnanna sviðsins vann að úttekt á þátttöku og viðhorfi barna í skipulögðum viðburðum og heimsóknum á menningarstofnunum. Niðurstaða úttektarinnar sýndi að þátttaka var umtalsvert minni meðal pilta en stúlkna og í viðhorfskönnunum voru piltarnir almennt neikvæðari en stúlkurnar. Í kjölfarið vann hópurinn tillögur að úrbótum ásamt því að skipuleggja kynjafræðslu fyrir starfsmenn og stjórnendur sviðsins sem bera ábyrgð á skipulögðum heimsóknum og fræðslu barna og unglinga. Jafnframt vann starfshópurinn úttekt á því hvaða kyngreinanlegu gögn væru til hjá stofnum sviðsins, tók þær saman auk þess að koma með ábendingar um það sem betur má fara í öflun og utanumhaldi þeirra gagna.

Yfirlit yfir helstu markmið sviðsins árið 2014 og sá árangur sem náðst á árinu.

Mælikvarðar 2014	Hvað hefur verið gert á árinu	Markmið	Rauntölur	Árangur
Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum	Framboð viðburða og menningarstarfsemi kynnt fulltrúum grunn- og leikskóla og frístundamiðstöðva. Sameiginlegur verkefnisstjóri barnamenningar hjá MOF og SFS miðlar upplýsingum um list- og menningaruppeldi. Rútustyrkir til skóla vegna ferða á söfnin. Sérstök miðlunar- og fræðsluverkefni á stofnunum sviðsins sem höfða til barna og ungmenna - nú síðast í tengslum við niðurstöður úr rannsóknum í tengslum við kynjaða starfs- og fjárhagsáætlun	46.100	45.434	99%
Aðsókn að stofnunum sviðsins	Kynningarstarf var eftt og samþætt m.a. með tilboðum í tengslum við Menningarkort Reykjavíkur og Gestakort Reykjavíkur. Dagskrá og þjónustuframboð aðlagað að þörfum gestanna sem m.a. er mæld með regulegum gesta- og viðhorfskönnunum.	1.409.150	1.432.988	102%
Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	Kynningarstarf í tengslum við ferðaþjónustu er miðar að því að fjölga fullborgandi gestum, auk þess sem kynningarstarf almennt var eftt. Áhersla á Gestakort Reykjavíkur og Menningarkort Reykjavíkur.	1.080	1.178	109%*
Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af framma	Öflugt kynningarstarf í tengslum við ferðaþjónustu var eftt og stjórnendur hvattir til að sækja um styrki og samstarfsfé í sjóði og að afla samstarfsfjár m.a. frá atvinnulífínu. Áhersla á að efla safnbúðir, þróa og láta framleiða safntengdar vörur.	-17%	-20%	119%

* Þar sem fjárheimildir tóku ekki mið af kostnaðarauka launaliðar í kjölfar kjarasamningsbundinna endurskoðunar á starfsmati þá tekur markmið ársins ekki tillit til þess.

Hér að neðan eru tölur sem sýna helstu **lykiltölur** Menningar- og ferðamálasviðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum. Athygli er vakin á að fjölgun stöðugilda allt frá árinu 2009 felast eingöngu í þátttöku stofnanna sviðsins í atvinnuátaksverkefnum – reglubundnum föstum stöðugildum hefur ekki fjölgað.

Lykiltölur um mannauð - MOF	2014						
	2010	2011	2012	2013	KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	152	151	157	160	42 (3)	118 (5)	160 (8)
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	25.107	23.608	24.986	25.664	9.256	19.832	29.088
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	20.459	17.151	19.200	19.118	4.887	12.336	17.223
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	64.982	67.320	67.074	68.558	31.744	50.438	82.182


Lykiltölur úr rekstri - MOF	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-14
Gestafjöldi						
Borgarbókasafn	684.987	656.087	636.970	626.015	598.900	-4,3%
Listasafn Reykjavíkur	241.952	193.865	171.138	203.053	200.573	-1,2%
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	31.143	31.967	29.592	35.247	49.398	40,1%
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	115.680	124.013	108.514	106.292	102.652	-3,4%
Minjasafn Reykjavíkur	72.838	64.514	66.650	71.414	86.044	20,5%
Viðey	22.860	19.421	22.295	22.302	23.203	4,0%
Sjóminnjasafnið*					34.542	
Upplýsingamiðstöð ferðamanna	295.878	298.534	257.025	299.088	337.676	12,9%
Borgarbókasafn - útlán	1.152.312	1.106.587	985.802	916.037	853.128	-6,9%
Fjöldi listaverka í eigu Listasafns	16.082	16.349	16.483	16.778	16.920	0,8%

* Sjóminnjasafnið kom yfir til MOF 1.6.2014

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur Menningar- og ferðamálasviðs var í jafnvægi.
- Samkvæmt lögum ber Reykjavíkurborg að greiða 18% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta felur í sér óvissu um útgjöld borgarsjóðs þar sem borgin hefur ekki ákvörðunarvald yfir rekstri Sí. Rekstur Sí hefur ítrekað farið fram úr fjárheimildum undanfarin ár. Á árinu 2013 fór reksturinn 15,8 mkr fram úr heimildum. Sí hefur gert kröfu um að borgarsjóður greiði 18% hlutdeild í taprekstri Sí eða um 2,8 mkr og er sú fjárhæð tekjufærð í ársreikningi sveitarinnar en sama er ekki gert vegna 82% hlutar ríkissjóðs í taprekstrinum. Skv. 8. gr. l. nr. 36/1982 ber stjórn Sí ábyrgð á að leggja Reykjavíkurborg til áreiðanlegar upplýsingar um fjárhagsáætlun næsta árs og hún ber einnig ábyrgð á að fjárreiðum sínum, þar á meðal að eyða ekki fé umfram fjárheimildir. Í greinargerð með lagafrumvarpi að lögum um Sí er kveðið á um skyldu stjórnar Sí að gera rekstraraðilum grein fyrir ef rekstraráætlanir stefna í óefni og óska aukafjárveitingar innan fjárhagsársins með málefnalegum rökum. Stjórn Sí hefur ekki gætt að þessari skyldu á rekstrarárinu 2013 og getur af þeim sökum ekki komið fram með síðbúna kröfu á árinu 2014. Þar sem Sí er ríkisstofnun ber ráðherra ábyrgð á að stofnunin sé rekin innan fjárheimilda. Af ofangreindum ástæðum hefur kröfum Sí um greiðslu bakreikninga verið hafnað.
- Ekki voru veittar sérstakar fjárheimildir á árinu 2014 vegna endurskoðunar á starfsmati. Endanlegt kostnaðarmat er í vinnslu.

4.1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	3.712	3.552	160	4,5%
Laun og launat. gj.	24.527	24.257	270	1,1%
Annar rekstark.	16.472	15.770	702	4,5%
Rekstrarniðurstaða	37.287	36.475	812	2,2%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs á árinu 2014 í samanburði við endurskoðaða áætlun ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 37.287 mkr sem var 812 mkr yfir fjárheimildum ársins. Frávik er helst að finna í áhald- og tækjakaupum um 267 mkr, í sérkennslu leikskóla um 243 mkr og áhrifum endurskoðunar starfsmats á launakostnað.

Tekjur voru 3.712 mkr sem var um 160 mkr yfir áætlun eða 5%. Þar af voru tekjur grunnskólahluta 110 mkr yfir áætlun eða 8%. Hjá leikskólahluta voru tekjur um 1 mkr undir áætlun. Tekjur frístundahluta voru 19 mkr yfir áætlun eða 3%. Tekjur listmála og námsflokka voru um 24 mkr yfir áætlun eða 50%. Tekjur voru 9 mkr hjá yfirstjórn sem ekki var áætlað fyrir.

Laun og launatengd gjöld voru 24.527 mkr sem var um 270 mkr yfir fjárheimildum eða 1%. Þar af voru laun grunnskólahluta um 12 mkr yfir fjárheimildum. Hjá leikskólahluta var launakostnaður 221 mkr yfir fjárheimildum eða 3%. Launakostnaður frístundahluta var 12 mkr yfir fjárheimildum eða 1%. Launakostnaður listmála og námsflokka var 12 mkr yfir fjárheimildum eða 5%. Launakostnaður hjá yfirstjórn var 13 mkr yfir fjárheimildum eða 2%. Þess má geta að sundurliðuð áætlun ársins tók ekki mið af endurskoðun á starfsmati.

Annar rekstrarkostnaður var 16.472 mkr sem var 702 mkr yfir fjárheimildum eða 4%. Þar af var annar kostnaður grunnskólahluta 389 mkr yfir fjárheimildum eða 4%. Hjá leikskólahluta var annar kostnaður 246 mkr yfir fjárheimildum eða 6%. Annar kostnaður hjá frístundahluta var um 83 mkr yfir fjárheimildum eða 13%. Annar kostnaður listmála og námsflokka var 20 mkr undir fjárheimildum eða 2%. Hjá yfirstjórn var annar rekstrarkostnaður 4 mkr yfir fjárheimildum eða 1%.

Grunnskólahluti

Grunnsk.hluti (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	1.441	1.331	110	8,3%
Laun og launat. gj.	13.106	13.094	12	0,1%
Annar rekstark.	9.595	9.206	389	4,2%
Rekstrarniðurstaða	21.260	20.969	291	1,4%

Grunnskólahluti SFS var 1,4% yfir fjárheimildum ársins eða 291 mkr.

Tekjur grunnskólahluta voru 1.441 mkr sem var um 110 mkr eða 8% yfir áætlun. Helstu frávik voru að tekjur vegna sölu á máltíðum í grunnskólum voru 30 mkr lægri en áætlað var og tekjur vegna uppgjörs sveitarfélaga vegna skólakostnaðar nemenda sem sækja skóla utan síns lögheimilissveitarfélags

voru 44 mkr lægri en áætlun. Tekjur vegna húsaleigu, leigu af íþróttamannvirkjum og aðrar sértekjur voru hins vegar 29 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Frávik annarra tekjuliða grunnskólahluta skýrast af framlögum og styrkjum sem skólarnir sækja um en ekki var áætlað fyrir, til dæmis framlög vegna námsleyfa kennara 90 mkr og aðrir styrkir 64 mkr. Kostnaður bókast á móti styrkjum, ýmist á laun eða annan rekstrarkostnað.

Launakostnaður grunnskólahluta var 13.106 mkr sem var um 12 mkr eða 0,1% yfir fjárheimildum. Á launakostnað var áætlað fyrir kostnaðarliðum sem skólastjórnendur hafa val um að ýmist ráða starfsfólk í eða kaupa frá þriðja aðila, til dæmis ræstingar. Eftir millifærslur vegna þessara liða og eftir að tekið hefur verið tillit til launakostnaðar sem framlög vegna námsleyfa kennara koma á móti, var launakostnaður 59 mkr yfir fjárheimildum eða 0,5%.

Annar rekstrarkostnaður var 9.595 mkr sem var um 389 mkr eða 4,2% yfir fjárheimildum. Helstu frávik skýrast af því að áhald- og tækjakaup voru 152 mkr yfir fjárheimildum, keypt þjónusta sem áætlað var fyrir launamegin var 136,4 mkr og orkukostnaður var 31,7 mkr yfir fjárheimildum. Þá voru útgjöld vegna sjálfstætt starfandi grunnskóla 74 mkr yfir fjárheimildum.

Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Borgarreknir grunnskólar: Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla og tengdra liða (að meðtöldum sér- og sameinuðum skólum) var 20.478 mkr. Fjárheimildir námu 20.261 mkr fyrir grunnskóla og tengda liði og var kostnaður því 218 mkr yfir fjárheimildum eða 1%, einkum vegna áhald- og tækjakaupa og orkukostnaðar. Halli skólanna var að hluta til færður á sameiginlega liði s.s. langtímaveikindi, endurúthlutunarpott, sérkennslu og nýbúafraeðslu sem voru samtals 142 mkr í halla. Umfjöllun um frávík einstakra skóla ber að skoða í því ljósi að leiðrétt hefur verið fyrir liðum í uppgjörum þeirra með því að setja safnliðina í halla.

Á árinu voru 19 grunnskólar af 36 (með sér- og sameinuðum skólum) með hallarekstur en 17 með afgang. Samanlagður halli grunnskólanna 19 var 134 mkr. Einn grunnskóli var 4% eða meira yfir fjárheimildum. Samanlagður afgangur grunnskólanna 17 var 115 mkr. Klettaskóli var með mestan afgang í prósentum 5% eða 39 mkr.

Eftirfarandi grunnskóli var með 4% eða meiri halla sem gerir samtals 17 mkr.

Brúarskóli (sérskóli) var með 4,8% halla eða 17 mkr. Frávikin liggja í 0,5 mkr launakostnaði og 15 mkr öðrum rekstrarkostnaði yfir fjárheimildum og tekjur voru 1,7 mkr undir áætlun.

Eftirfarandi grunnskólar voru með 2% - 3,9% halla sem gerir samtals 31,5 mkr.

Hlíðaskóli var með 3,0% halla eða 21 mkr. Frávikin liggja í 21 mkr launakostnaði og 10 mkr öðrum rekstrarkostnaði yfir fjárheimildum en tekjur voru 9 mkr yfir áætlun.

Háteigsskóli var með 2,0% halla eða 10 mkr. Frávikin liggja í 4 mkr launakostnaði og 5 mkr öðrum rekstrarkostnaði yfir fjárheimildum en tekjur voru 1 mkr undir áætlun.

Fjörtán grunnskólar voru með halla innan við 2% þar sem hallinn var frá 63 þús kr til 14,8 mkr.

Langtímaveikindapottur - útgjöld voru 222 mkr og var úthlutað 32 mkr umfram fjárheimildir.

Sérkennslupottur - útgjöld voru 821 mkr og hann var 24 mkr innan fjárheimilda.

Nýbúakennslupottur - útgjöld voru 99 mkr og hann var 7 mkr innan fjárheimilda.

Skólaakstur - útgjöld voru 207 mkr og hann var 1 mkr eða 1% umfram fjárheimildir.

Sjálfstætt starfandi grunnskólar - útgjöld sviðsins vegna þeirra voru 782 mkr sem var 11% yfir fjárheimildum eða 74 mkr.

Leikskólahluti

Leikskólahluti (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	1.564	1.566	-1	-0,1%
Laun og launat. gj.	8.387	8.166	221	2,7%
Annar rekstark.	4.569	4.323	246	5,7%
Rekstrarniðurstaða	11.392	10.923	468	4,3%

Leikskólahluti SFS var 4% yfir fjárheimildum ársins eða 468 mkr.

Tekjur leikskólahluta voru um 1 mkr undir áætlun.

Launakostnaður leikskólahluta var 221 mkr yfir fjárheimildum eða 3%, þar af var sérkennslan 203 mkr yfir

fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður leikskólahluta var rúmlega 246 mkr yfir fjárheimildum eða 6%. Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir voru 314 mkr yfir fjárheimildum. Útgjöld sviðsins vegna sjálfstætt starfandi leikskóla voru 42 mkr undir fjárheimildum og vegna dagforeldra 26 mkr undir fjárheimildum.

Magntölutafli

Janúar - desember 2014 (meðaltal)	Raunfjöldi barna	Áætlaður fjöldi barna	Mismunur	Raunfjöldi dvalargilda	Áætlaður fj. dvalargilda*	Mismunur
Borgarreknir leikskólar	5.895	6.002	-107	57.321	59.454	-2.133
Samreknir leik- og grunnskólar	131	134	-3	1.246	1.291	-45
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.050	1.168	-118			
Dagforeldrar	860	916	-56			

* dvalargildi = dvalarstundir x barngildisstuðull

Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna borgarrekinna leikskóla og tengdra liða var 9.416 mkr, fjárheimildir námu 8.878 mkr og var liðurinn því 537 mkr yfir fjárheimildum.

Tekjur borgarrekna leikskóla voru 16 mkr yfir áætlun en það var vegna styrkja sem leikskólanir fengu en þar kom alltaf kostnaður á móti.

Í heildina var launakostnaður 221 mkr yfir fjárheimildum. Launakostnaður vegna sérkennslu var 234 mkr yfir fjárheimildum eða 31% og bráðabirgðamat á auknum útgjöldum vegna starfsmats nam um 90 mkr. Hins vegar var yfirvinna talsvert undir, eða um 2.800 tímar í heild yfir árið og meðalkostnaður vegna stöðugilda talsvert lægri en áætlað var.

Annar rekstrarkostnaður var 315 mkr yfir fjárheimildum. Helstu frávík liggja í endurnýjun og viðhaldi á áhöldum, búnaði og skrifstofuvélum sem var um 115 mkr yfir fjárheimildum. Kennslugögn voru um 33 mkr yfir fjárheimildum, ritföng, pappír og kostnaður vegna ljósritunar var um 19 mkr yfir fjárheimildum, annar starfsmannakostnaður var 11 mkr yfir fjárheimildum, hreinlætisvörur voru 8 mkr yfir fjárheimildum og fæði var um 7 mkr yfir fjárheimildum.

Halli borgarrekinn leikskóla er að stórum hluta til færður á sk. **endurúthlutunarpott** sem var rúmlega 250 mkr yfir fjárheimildum og **sérkennslupott** sem var 243 mkr yfir fjárheimildum. Hefur halli einstakra leikskóla verið leiðréttur sem þessu nemur, samtals um 493 mkr eða 5,5% umfram fjárheimildir, sem nauðsynlegt er að hafa í huga við umfjöllun um einstakra leikskóla.

Talsverð breidd var í rekstrarniðurstöðum einstakra leikskóla, frá 4% afgangi í 9% hallarekstur sem var þó minni breidd en oft áður. Af 62 borgarreknum leikskólum voru 31 leikskóli rekinn með halla og nam hallareksturinn alls 81 mkr. Þar af voru 4 leikskólar með halla yfir 4%. Leikskólinn Hraunborg var með mestan rekstrarhalla í prósentum, 9% eða 9,6 mkr. Leikskólar með rekstrarafgang voru 31 og nam rekstrarafangurinn samtals 41 mkr. Leikskólinn Steinahlíð var með mestan rekstrarafgang í prósentum, 4% eða 2,2 mkr.

Eftirfarandi leikskólar voru með 4% eða meiri halla sem gera samtals 47,5 mkr.

Hraunborg var með 8,6% halla eða 9,6 mkr. Frávikin liggja í 8 mkr launakostnaði og 1,6 mkr í öðrum rekstrarkostnaði.

Grandaborg var með 5,2% halla eða eða 8,3 mkr. Frávikin liggja í 5,7 mkr launakostnaði og 2,6 mkr í öðrum rekstrarkostnaði.

Borg var með 4,6% halla eða 8,1 mkr. Frávikin liggja í 4,9 mkr launakostnaði og 3,2 mkr í öðrum rekstrarkostnaði.

Hlíð var með 4,5% halla eða 9 mkr. Frávikin liggja í 6,5 mkr launakostnaði og 2,5 mkr í öðrum rekstrarkostnaði.

Lynghemar var með 4,4% halla eða 5 mkr. Frávikin liggja að öllu leyti í launakostnaði.

Bakkaberg var með 4,2% halla eða 7,5 mkr. Frávikin liggja í 4,7 mkr launakostnaði og 2,8 mkr í öðrum rekstrarkostnaði.

Eftirfarandi leikskólar voru með 1,5% - 3,9% halla sem gera samtals 19 mkr.

Sjónarhóll var með 3,7% halla eða 2,6 mkr. Frávikin liggja í 1,7 mkr launakostnaði og 0,9 mkr í öðrum rekstrarkostnaði.

Vesturborg var með 2,7% halla eða 2,9 mkr. Frávikin liggja í 1,5 mkr launakostnaði og 1,4 mkr í öðrum rekstrarkostnaði.

Laufskálar var með 2% halla eða 2,7 mkr. Frávikin liggja í 1,1 mkr launakostnaði og 1,6 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Álftaborg var með 1,9% halla eða 3 mkr. Frávikin liggja í 2,2 mkr launakostnaði og 0,8 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Laugasól var með 1,7% halla eða 4,3 mkr. Frávikin liggja eingöngu í öðrum rekstarkostnaði.

Fífuborg var með 1,6% halla eða 1,8 mkr. Frávikin liggja eingöngu í öðrum rekstarkostnaði.

Engjaborg var með 1,5% halla eða 1,7 mkr. Frávikin liggja eingöngu í öðrum rekstarkostnaði.

Sérkennsla útgjöld námu 1.021 mkr eða tæplega 243 mkr yfir fjárheimildum. Ljóst er að þörfin var talsvert meiri en áætlað var, þrátt fyrir 155 mkr hækkun fjárheimilda á milli ára. Auk þess sem talsverð aukning hefur orðið frá ári til árs.

Börn af erlendum uppruna útgjöld námu 36 mkr sem var rúmlega 1 mkr yfir fjárheimildum.

Langtímaveikindi útgjöld námu 151 mkr og voru í samræmi við fjárheimildir.

Sjálfstætt starfandi leikskólar útgjöld voru 1.493 mkr sem var tæplega 42 mkr undir fjárheimildum sem skýrist af færri börnum en áætlað var.

Dagforeldrar útgjöld voru 484 mkr sem var rúmlega 26 mkr undir fjárheimildum og stafar af því að færri börn voru í vistun en áætlað var.

Frístundahluti

Frístundahluti (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	627	608	19	3,1%
Laun og launat. gj.	2.157	2.145	12	0,6%
Annar rekstark.	700	617	83	13,5%
Rekstrarniðurstaða	2.230	2.154	76	3,5%

Frístundahluti SFS var 3,5% yfir fjárheimildum ársins eða 76 mkr.

Tekjur voru 627 mkr sem var um 19 mkr eða 3% yfir áætlun. Tekjur vegna vistunargjalda voru lægri en gert var ráð fyrir en á móti komu tekjur vegna aðgangseyris, styrkja og annarra sértekna sem voru hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Laun og launatengd gjöld voru 2.157 mkr sem var 12 mkr yfir fjárheimildum eða 0,6%. Meginskyringin liggur í endurskoðun á starfsmati.

Annar rekstrarkostnaður var 700 mkr sem var um 83 mkr eða 13% yfir fjárheimildum. Stærstu þættir í öðrum rekstrarkostnaði voru endurnýjun áhalda og búnaðar var 59 mkr eða 60% yfir fjárheimildum en tvö ný frístundaheimili voru stofnuð á árinu og þrjú stækkuð. Ýmis starfsmannakostnaður var 18,7 mkr eða 51% yfir fjárheimildum, hópferðaakstur var 22 mkr eða 43% yfir fjárheimildum, þar koma að hluta á móti tekjur og kostnaður við ræstingu sem var 25 mkr eða 34% yfir fjárheimildum.

Frístundaheimili útgjöld voru 932 mkr og því 24,6 mkr eða 2,6% yfir fjárheimildum. Tekjur frístundaheimila voru 55 mkr lægri en áætlun eða 11,8%. Launakostnaður var 10% lægri en fjárheimildir eða 50 mkr. Annar rekstrarkostnaður var 20 mkr hærri en fjárheimildir eða 7,7%.

Útgjöld vegna stuðnings við börn með sérþarfir námu 334 mkr á árinu og voru 2,4 mkr undir fjárheimildum.

Eftirfarandi Frístundaheimili voru með 4% eða meiri halla sem gera samtals 20,4 mkr.

Dalheimar Safnfrístund var með 33,1% halla eða 6,6 mkr. Frávikin liggja í 1,2 mkr ofáætluðum tekjum 3 mkr launakostnaði og 1,4mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Sólbúar Breiðagerðisskóla var með 7% halla eða 2 mkr. Frávikin liggja í 1,2 mkr ofáætluðum tekjum og 0,8 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Vogasel Vogaskóla var með 12% halla eða 4,2 mkr. Frávikin liggja í 1,9 mkr ofáætluðum tekjum, 1,6 mkr launakostnaði og 0,6 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Álfheimar Hólabrekkuskóla var með 8,6% halla eða 1,6 mkr. Frávikin liggja í 4,7 mkr ofáætluðum tekjum 3,3 mkr launakostnaði og 1,2 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Regnbogaland Foldaskóla var með 4,9% halla eða 1,1 mkr. Frávikin liggja í 3,4 mkr ofáætluðum tekjum og 0,8 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Vík Víkurskóla var með 23,3% halla eða 3,2 mkr. Frávikin liggja í 4,9 mkr ofáætluðum tekjum og 0,9 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Hraunheimar Safnfrístund var með 6,1% halla eða 1,7 mkr. Frávikin liggja í 1,6 mkr launakostnaði og 0,2 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Eftirfarandi frístundaheimili voru með 1,5% til 3,9% halla sem gera samtals 0,9 mkr.

Draumaland Austurbæjarskóla var með 2,1% halla eða 0,4 mkr. Frávikin liggja í 0,4 mkr launakostnaði og 0,3 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Álftabær Álftamýrarskóla var með 2,5% halla eða 0,5 mkr. Frávikin liggja í 1,2 mkr ofáætluðum tekjum og 0,9 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Frístundaklúbbur og frístund Klettaskóla útgjöld voru 381 mkr eða 29 mkr eða 8,3% yfir fjárheimildum sem má m.a. rekja til endurskoðun á starfsmati. Tekjur voru 37% yfir áætlun eða 28 mkr. Launakostnaður var um 10,7% hærri en fjárheimildir eða 38,8 mkr. Annar rekstrarkostnaður var 27,5% hærri en fjárheimildir eða 18 mkr.

Eftirfarandi Frístundaklúbbur og frístund Klettaskóla voru með 1,5% eða meiri halla sem gera samtals 20,5 mkr.

Frístundaheimilið Gulahlíð var með 11,3% halla eða 8,5 mkr. Frávikin liggja í 26 mkr launakostnaði.

Félagsmiðstöðin Askja var með 10% halla eða 6,3 mkr. Frávikin liggja 9 mkr launakostnaði og í 6,5 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Frístundaklúbburinn Gufunesbæjar var með 1,7% halla eða 1 mkr. Frávikin liggja í 3 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Frístundaklúbburinn Hlíðin var með 27% halla eða 4,7 mkr. Frávikin liggja í 3,3 mkr launakostnaði og 0,7 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Frístundamiðstöðvar með félagsmiðstöðvum útgjöld voru 1,381 mkr og því 55,5 mkr eða 4,2% yfir fjárheimildum. Tekjur voru 44 mkr hærrí en áætlun eða 350%. Launakostnaður var 45 mkr hærrí en fjárheimildir sem má m.a.rekja til endurskoðun á starfsmati eða 7,7% og annar rekstrarkostnaður var 12% hærrí en fjárheimildir eða 31 mkr. Umframtekjur ársins voru til komnar vegna starfs í félagsmiðstöðvum, m.a. vegna skíðaferðar og annarra styttri ferða en á móti bókaðist hærrí rekstrarkostnaður vegna ferðanna.

Eftirfarandi Frístunda- og félagsmiðstöðvar voru með 1,5% eða meiri halla sem gera samtals 32,7 mkr.

Frístunda- og félagsmiðstöðvar Miðbergi var með 4,1% halla eða 6,3 mkr. Frávikin liggja í 9,5 mkr launakostnaði og í 4,9 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Frístunda- og félagsmiðstöðvar Kringlumýri var með 4,2% halla eða 7,8 mkr. Frávikin liggja 6,6 mkr launakostnaði og í 7,2 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Frístunda- og félagsmiðstöðvar Árseli var með 6% halla eða 9,5 mkr. Frávikin liggja í 5,9 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Frístunda- og félagsmiðstöðvar Gufunesbæ var með 6,2% halla eða 9,1 mkr. Frávikin liggja í 11,2 mkr launakostnaði og 12,4 mkr í öðrum rekstarkostnaði.

Miðlægir liðir útgjöld voru 55,6 mkr eða 16,6 mkr undir áætlun eða 20,8%. Allir liðir voru undir áætlun en þar af voru langtímaforföll 33,8% eða 9,7 mkr undir fjárheimildum.

Yfirstjórn og miðlægir liðir

SFS Yfirstjórn (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	9	0	9	
Laun og launat. gj.	636	623	13	2,1%
Annar rekstark.	300	296	4	1,4%
Rekstrarniðurstaða	927	919	8	0,9%

Yfirstjórn SFS og miðlægir liðir útgjöld voru 927 mkr eða tæplega 8 mkr yfir fjárheimildum eða 1%.

Ráð og yfirstjórn útgjöld voru 779 mkr eða um 19 mkr yfir fjárheimildum eða 2%. Meginskýringin liggur í starfsmati.

Miðlægir liðir/styrkir SFS útgjöld voru 147 mkr eða um 11 mkr undir fjárheimildum eða 7%.

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

SFS Listaskólar (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	71	47	24	51,1%
Laun og launat. gj.	242	230	12	5,2%
Annar rekstark.	1.307	1.327	-20	-1,5%
Rekstrarniðurstaða	1.478	1.510	-32	-2,1%

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar útgjöld voru 1.478 mkr eða 32 mkr undir fjárheimildum eða 2%.

Listaskólar og skólahljómsveitir útgjöld voru 1.344 mkr, 2% undir fjárheimildum eða 3 mkr.

Fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar útgjöld voru 135 mkr, 7% undir fjárheimildum eða 10 mkr og liggja frávikin hjá

Námsflokkum Reykjavíkur en framlög til framhaldsskóla voru í samræmi við fjárheimildir.

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun:

Helstu markmið SFS varðandi kynjaða fjárhags- og starfsáætlun fela í sér að;

- skilgreina verkefni sem stuðla að jafnrétti kynjanna
- vinna gegn óæskilegum áhrifum staðalmynda
- efla þekkingu á sáttmálum tengdum mannréttindum
- þróa leiðir og hugmyndir til eflingar lýðræðis og samfélagslegrar ábyrgðar
- brúa bil milli fæðingarorlofs og leikskóla

Yfirlit yfir helstu markmið sviðsins árið 2014 og sá árangur sem náðst hefur á árinu.

Mælikvarðar 2014	Hvað hefur verið gert á árinu	Árangur
Bæta fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf	Samræming innheimtakerfa SFS	0-50%
Hagkvæm nýting fjármagns	Etirfylgni með mánaðaruppgjörum	51-80%
Hagkvæm nýting fjármagns	Stjórnendur fái fjárhagsáætlun senda rafrænt sundurliðaða niður á mánuði	80-100%
Endurskipulagning	Mötuneytisþjónusta - nýr þjónustusustaðall	80-100%
Samræma úthlutnarreglur	Úthlutnarreglur leikskóla komnar í gott horf	51-80%
Raunkostnaður við þjónustþætti verði aðgengilegur	Reikna raunkostnað á barn í grunnskólum	0-50%

Hér að neðan eru töflur sem sýna helstu **lykiltölur** Skóla og frístundasviðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.

Lykiltölur um mannauð - SFS	2014						
	2010	2011	2012	2013	KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	4.212	4.173	4.189	3.999	733 (7)	3.353 (15)	4.086 (22)
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	535.683	515.235	517.646	476.886	110.345	360.474	470.819
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	245.026	227.682	209.588	82.946	35.995	49.850	85.845
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	435.427	430.634	459.429	352.698	126.854	239.307	366.161

*Árið 2012 tók SFS við frístundahluta Íþróttá- og tómstundasviðs.


Lykiltölur úr rekstri - SFS	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-14
Grunnskólar						
Nemendafjöldi (meðaltal 2ja skólaára)	13.372	13.264	13.273	13.425	13.554	1,0%
Sérskólar						
Fjöldi nemenda	140	140	140	148	149	0,7%
Sérkennsla v. sérúthlutana til fatlaðra barna						
Fj. nemenda m. sérframlag (meðaltal 2ja ára)*	718	737	691	565	561	-0,7%
Leikskólar						
Meðalfjöldi barna	5.638	5.618	5.715	5.831	5.895	1,1%
Frístundaheimili						
Frístundaheimilispláss skv. áætlun	2.600	3.270	3.340	3.502	3.726	6,4%
Fjöldi barna á frístundaheimilum	2.784	3.243	3.400	3.504	3.796	8,3%

*Fækkun er vegna þeirrar breytingar að sérframlag nemenda með málþroskavanda á mið- og unglíngastigi var fellt niður en framlag fatlaðra nemenda hækkað á móti

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur SFS var 812 mkr í yfir fjárheimildum eða 2,2%. Frávikið má að hluta til rekja til þess að ekki voru veittar sérstakar fjárheimildir á árinu 2014 vegna endurskoðunar á starfsmati. Endanlegt kostnaðarmat er í vinnslu. Að öðru leyti má einkum rekja frávikin til sérkennslu í leikskólum og áhald- og tækjakaupa.
- Rekstur grunnskóla var 291 mkr umfram fjárheimildir eða 1,4%. Á árinu voru 19 borgarrekni grunnskólar alls 134 mkr í halla samanborið við árið í fyrra en þá voru 19 grunnskólar með 135 mkr halla. Í ár voru 17 grunnskólar með 115 mkr rekstrarafgang. Mikilvægt er að sviðið rýni hallarekstur einstakra skóla og kanni hvort ástæða sé til að endurskoða úthlutunarlíkan.
- Kostnaður við langtímaveikindi hjá grunnskólum var samtals 222 mkr eða 32 mkr yfir fjárheimildum þrátt fyrir að sviðið hefur fengið 59 mkr aukafjárveitingu fyrir árið 2014. Sviðið hefur ekki heimild til að veita meira fé úr miðlægum pottum sviðsins en sem fjárheimildum nemur.
- Á árinu voru 31 borgarrekni leikskólar í 81 mkr halla en 31 leikskóli með 41 mkr rekstrarafgang. Halli borgarrekinn leikskóla er að stórum hluta til færður á sk. endurúthlutunnarpott sem var rúmlega 250 mkr yfir fjárheimildum sem nauðsynlegt er að hafa í huga við umfjöllun um einstakra leikskóla.
- Sérkennsla vegur þungt í hallarekstri leikskóla en hún var 243 mkr yfir fjárheimildum þrátt fyrir að fjárveiting hafi verið aukin um 155 mkr milli ára. Kostnaður við sérkennslu nam 1.021 eða 31% umfram fjárheimildir.
- Mikil frávik eru víða í grunnskólahluta milli áætlunar og rauntalna. Mikilvægt er að bæta áætlunargerð vegna grunnskólahluta sviðsins til að færa hana nær raunverulegu tekju- og útgjaldamynstri. SFS er að vinna að endurskoðun á úthlutunarlíkanum fyrir grunnskólana.

4.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USK (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	1.814	1.804	10	0,5%
Laun og launat. gj.	1.722	1.797	-75	-4,2%
Annar rekstark.	6.079	6.331	-252	-4,0%
Rekstrarniðurstaða	5.988	6.325	-337	-5,3%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs á árinu 2014 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 5.988 mkr eða 337 mkr undir fjárheimildum ársins einkum vegna lægri kostnaðar af leigu gatna en á móti vegur að vetrarþjónusta var yfir fjárheimildum.

Tekjur voru 1.814 mkr sem var 10 mkr undir áætlun eða um 0,6%. Helstu frávik í tekjum sviðsins er vegna sorphirðu en tekjur hennar voru um 58 mkr undir áætlun og tekjur heilbrigðiseftirlit voru 14 mkr undir áætlun. Þá voru tekjur byggingarfulltrúa 82 mkr yfir áætlun, tekjur ræktunarstöðvarinnar 8 mkr yfir áætlun og tekjur samgöngudeildar 11 mkr undir áætlun.

Laun og launatengd gjöld námu 1.722 mkr sem var 75 mkr undir fjárheimildum ársins eða um 4,2% en þá hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðarauka vegna breytinga á starfsmati. Frávik var einkum vegna Vinnuskóla Reykjavíkur 31 mkr, byggingarfulltrúa 9 mkr, skipulagsfulltrúa 9 mkr, sorphirðu 8 mkr og Austurheiðar 6 mkr allt undir fjárheimildum.

Annar rekstarkostnaður nam 6.079 mkr sem var 252 mkr undir fjárheimildum eða um 4%. Helstu frávikin voru

vegna reksturs gatna og opinna svæða sem var 470 mkr yfir fjárheimildum, sem skýrist einkum af vetrarþjónustu 391 mkr, hreinsun borgarlandsins 22 mkr og grasslætti 45 mkr. Leiga gatna, sem m.a. ræðst af eignfærslu gatna í árslok 2013, var 575 mkr undir fjárheimildum einkum vegna verðbótaþátta leigunnar og lægri afskrifta. Viðhald gatna og opinna svæða var 31 mkr yfir fjárheimildum ársins einkum vegna malbiksviðgerða. Rekstur verkþækkistöðva garðyrkju var 31 mkr undir fjárheimildum. Þá var sorphirðan 6 mkr undir fjárheimildum og umhverfi & útivist 8 mkr undir fjárheimildum. Skrifstofa sviðsstjóra var 28 mkr undir fjárheimildum. Stefnumótun og greining var 13 mkr undir, skipulagsfulltrúi var 39 mkr undir fjárheimildum og samgöngudeild var 18 mkr undir fjárheimildum ársins.

Skrifstofa sviðsstjóra og miðlæg þjónusta Rekstarkostnaður nam 884 mkr. Tekjur voru 294 mkr, þannig að rekstrarniðurstaða ársins var 590 mkr, sem er 49 mkr lægri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Rekstur skrifstofu sviðsins var 18 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna lægri sérfræðiþjónustu og auglýsingakostnaðar. Þá var kostnaður skrifstofu sviðsstjóra 22 mkr undir fjárheimildum, sem er einkum vegna stefnumótunar og greiningar, aðalskipulags og Landupplýsinga.

Skipulag, byggingar og borgarhönnun Rekstarkostnaður nam 537 mkr. Tekjur voru 168 mkr, þannig að rekstrarniðurstaða ársins var 369 mkr, sem er 156 mkr lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstarkostnaður skipulagsfulltrúa er 51 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna sérfræðiþjónustu og launakostnaðar sem var 9 mkr undir fjárheimildum. Rekstarkostnaður byggingarfulltrúa er 92 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna hærri tekna að fjárhæð 82 mkr og þá er launakostnaður 9 mkr undir fjárheimildum. Tekjur vegna samgöngudeildar voru 11 mkr undir áætlun og kostnaður vegna sérfræðiþjónustu var 15 mkr undir fjárheimildum ársins.

Umvhverfisgæði Rekstarkostnaður nam 1.835 mkr. Tekjur voru 1.306 mkr, þannig að rekstrarniðurstaða ársins var 530 mkr, sem var 6 mkr lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Tekjur matvælaeftirlits og umhverfiseftirlits voru 14 mkr undir áætlun og tekjur vegna sorphirðugjalda voru 62 mkr undir áætlun ársins. Launakostnaður sorphirðunnar var 8 mkr undir fjárheimildum og annar kostnaður var 29 mkr yfir áætlun, einkum vegna leigu sorpbifreiða. Rekstur endurvinnslustöðva var 14 mkr yfir áætlun en móttökugjöld til Sorpu voru 34 mkr undir fjárheimildum. Umhverfi og útivist var 8 mkr undir fjárheimildum, þar sem verkefni töfðust. Deild umhverfis- og úrgangsstjórnunar var 13 mkr undir áætlun vegna lægri sérfræði- og auglýsingakostnaðar. Vinnuskólinn var 48 mkr undir fjárheimildum, aðallega vegna lægri launakostnaðar þar sem mæting var minni en gert var ráð fyrir.

Framkvæmdir og viðhald mannvirkja Rekstarkostnaður við viðhald gatna og opinna svæða nam 808 mkr sem var 31 mkr hærri en fjárheimildir ársins gerðu ráð fyrir. Kostnaðaraukinn var einkum vegna malbiksviðgerða og viðhalds á gatnalýsingu.

Rekstur og umhirða borgarlands Rekstrarkostnaður nam 3.737 mkr. Tekjur voru 45 mkr, þannig að rekstrarniðurstaða ársins var 3.692 mkr, sem var 156 mkr lægri en fjárhagáætlun gerði ráð fyrir. Stærsta fráviknið var vegna reksturs gatna og opinna svæða sem var 470 mkr yfir fjárheimildum, en það var aðallega vegna vetrarþjónustu 391 mkr, hreinsunar borgarlandsins 22 mkr og grassláttar 45 mkr. Leiga gatna var 575 mkr undir fjárheimildum ársins. Útmörk var 7 mkr undir áætlun, aðallega vegna lægri launakostnaðar. Rekstrarkostnaður garðyrkju var 31 mkr undir áætlun ársins. Ræktunarstöðin var 7 mkr undir áætlun ársins einkum vegna hærri tekna á árinu.

Kynjuð fjárhagsáætlunargerð Á árinu 2014 var unnið enn frekar að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar á sviðinu. Í upphafi ársins var lögð fram skýrsla í umhverfis- og skipulagsráði sem byggð er á verkefni starfshóps USK. Annars vegar var tekin til greiningar aðkoma kynjanna að skipulagsmálum og hins vegar var kynjahlutfall í athugasemdum við deiliskipulag greint og hvaða athugasemda var tekið tillit til. Að beiðni fagráðs var að auki skoðaður viðbótarþáttur þ.e. aðkoma kynjanna að hverfisskipulagi og hvort kynjasjónarmið væru höfð til hliðsjónar við verkefnið.

Yfirlit yfir helstu markmið sviðsins árið 2014 og sá árangur sem náðst hefur á árinu 2014.

Markmið	Hvað hefur verið gert á árinu	Árangur
Útgáfa á Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar	Lokið við útgáfu á Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar	81-100%
Flytja verkþækkistöðvar garðyrkju úr Aðalsjóð yfir í Eignasjóð	Lokið við flutning verkþækkistöðvanna í Eignasjóð	81-100%
Sundurliða á milli reksturs og viðhalds gatna í Eignasjóð	Lokið við sundurliðun á milli reksturs og viðhalds gatna í Eignasjóð	81-100%
Fá vottun á umhverfisstjórnunarkerfið, ISO 14001, fyrir allt sviðið	Umhverfisstjórnunarkerfið vottað fyrir allt sviðið	81-100%
Fá vottun á gæðastjórnunarkerfi fyrir allt sviðið	Ekki náðist að fá gæðastjórnunarkerfi sviðsins vottað á árinu	0-50%

Hér að neðan eru töflur sem sýna helstu **lykiltölur** Umhverfis- og skipulagssviðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.

Lykiltölur um mannauð - USK	2014			
	2013	KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátags), meðaltal	288	142 (6)	78 (1)	220 (7)
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	71.811	46.938	18.557	65.495
Fjöldi vinnust. með vaktalag á ári	4.947	1.499	1.307	2.806
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	361.857	229.299	113.036	342.335

* Vegna skipulagsbreytinga hjá sviðinu 2013 eru lykiltölur um mannauð ekki fulllega samanburðarhæfar milli ára


Lykiltölur úr rekstri - USK	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-14
Umhverfisgæði						
Útgefin starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits	472	445	325	550	470	-14,5%
Nemendur í Vinnuskólanum	3.440	3.150	1.830	1.588	1.577	-0,7%
Fjöldi sorphátta, blandað sorph [tunnuígildi]	37.288	37.761	37.311	36.081	34.956	-3,1%
Fjöldi blárra tunna [stk]	2.644	2.939	4.063	11.284	12.510	10,9%
Skipulag, byggingar og borgarhönnun						
Deiliskip. auglýst í B-deild stj.tíðinda	86	67	57	69	98	42,0%
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	111 / 37	102 / 36	112/39	130/30	132/54	
Samþykktir m ³	67.632	193.790	295.688	663.996	530.661	-20,1%
Byggðir m ³ (lokið við)	816.432	426.920	236.637	222.309	257.214	15,7%
Fullgerðar íbúðir	309	95	141	353	271	-23,2%
Hafin smíði nýrra íbúða	14	113	356	614	598	-2,6%
Rekstur og umhirða						
*						
Sláttur - flatarmál (m ²)	3.792.000	3.806.138	4.145.320	4.166.047	4.731.224	13,6%
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m ²)	6.285.000	6.425.000	6.486.520	6.518.953	6.587.943	1,1%

*Búið að sameina hverfisbækkistöðvar Framkvæmda- og eignasviðs og garðyrkjistöðvar Umhverfis- og samgöngusviðs

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Ekki voru veittar sérstakar fjárheimildir á árinu 2014 vegna endurskoðunar á starfsmati. Endanlegt kostnaðarmat er í vinnslu.

4.1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	3.150	3.272	-122	-3,7%
Laun og launat. gj.	11.166	10.520	645	6,1%
Annar rekstrark.	6.596	6.266	330	5,3%
Rekstrarniðurstaða	14.612	13.515	1.097	8,1%

sem var síðan bakfærð.

Laun og launatengd gjöld voru 11.166 mkr sem var 645 mkr eða 6% umfram fjárheimildir. Að frátöldum áætluðum starfsmatshækkunum voru laun 281 mkr eða 2,7% yfir áætlun. Skrifstofur voru 241,6 mkr umfram fjárheimildir en frávik skýrist að hluta vegna ráðgjafabjónustu velferðarmála, en tekjur koma að hluta til á móti. Að meðtaldri skrifstofu Velferðarsviðs og þjónustumiðstöðva, fellur öll sérfræðiþjónusta og Barnavernd Reykjavíkur undir þennan lið. Búsetuúrræði voru 321,6 mkr umfram fjárheimildir, þar af um 130 mkr vegna starfsmats en að öðru leyti vegna veikinda starfsmanna. Afleysingavinnustundir vegna veikinda voru 72 þúsund og er metinn kostnaður vegna þeirra um 175,5 mkr eða 1,5% af heildarlaunakostnaði.

Hjúkrunarheimilin voru 52,5 mkr umfram fjárheimildir, þar af um 23 mkr vegna starfsmats en að öðru leyti vegna yfirvinnu og veikinda. Félagsmiðstöðvar voru 17,4 mkr innan fjárheimilda m.a. vegna ómannaðra stöðugilda yfir sumarmánuði og minni yfirvinnu. Þjónustuíbúðir voru 7,9 mkr innan fjárheimilda, aðallega vegna Dalbrautar, en þar hefur yfirvinna og kostnaður vegna veikinda minnkað.

Annar rekstrarkostnaður var 6.596 mkr sem var 330 mkr eða 5,2% umfram fjárheimildir. Þar af má rekja 226 mkr til hjúkrunarheimilanna. Samningar, framlög og styrkir voru 79 mkr umfram heimildir, þar af var kostnaður vegna ferðabjónustu fatlaða 781 mkr eða 76 mkr umfram fjárheimildir. Heimaþjónusta var 38,7 mkr umfram fjárheimildir en stuðningsþjónusta var 31 mkr innan fjárheimilda. Búsetuúrræði voru 38,9 mkr innan heimilda en að stærstum hluta var um að ræða óskiptan kostnað í sameiginlegum rekstri búsetuúrræða. Úrræði barnaverndar voru 91 mkr umfram heimildir vegna aukinna vistunargjalda, en vegna vanda nokkurra einstaklinga í vistun voru greidd mun hærri gjöld en gert var ráð fyrir.

Málefni fatlaðs fólks Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks var 5.666 mkr, sem var 195 mkr umfram fjárheimildir eða 3,6%. Tekjur voru 257 mkr eða á pari við áætlun. Launakostnaður var 4.025 mkr sem var 304 mkr eða 8,2% umfram heimildir. Launafrávik í búsetuúrræðum var 281,3 mkr, þar af um 130 mkr vegna starfsmats. Önnur frávik skýrast af veikindum og yfirvinnu, bæði vegna starfsmanna og notenda. Annar rekstrarkostnaður var 1.898 mkr sem var 108 mkr eða 5% innan heimilda. Annar rekstrarkostnaður allra þjónustuþátta var innan fjárheimilda, sem skýrist af almennu aðhaldi í öðrum rekstri.

Málefni fatlaðra VEL (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	257	257	0	0,2%
Laun og launat. gj.	4.025	3.722	304	8,2%
Annar rekstrark.	1.898	2.006	-108	-5,4%
Rekstrarniðurstaða	5.666	5.471	195	3,6%

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan lýsir niðurstöðu í rekstri Velferðarsviðs á árinu 2014 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins í heild þ.e. með bundnum liðum var 18.700 mkr sem var 475 mkr eða 2,6% umfram fjárheimildir.

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 14.612 mkr sem var 1.097 mkr eða 8% umfram fjárheimild. Stærstu frávikin liggja annars vegar í starfsmatshækkunum vegna kjarasamninga um 364 mkr og hins vegar í hallarekstri hjúkrunarheimila en ríkið hefur hafnað frekari fjárveitingum til þeirra. Því var bakfærður reikningur á ríkissjóð vegna hallans 2013 að fjárhæð 240 mkr. Halli hjúkrunarheimila árið 2014 nam 270 mkr.

Tekjur voru 3.150 mkr sem var 122 mkr eða 3,7% lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Tekjur vegna skrifstofa voru 58,3 mkr hærri en áætlun, aðallega vegna þjónustutekna en launakostnaður kemur á móti. Tekjur vegna heimahjúkrunar voru 39 mkr eða 3% umfram áætlun, þar af voru 30 mkr vegna eftirstöðva frá fyrra ári. Tekjur vegna hjúkrunarheimila voru 240 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir, vegna áætlaðrar endurgreiðslu frá ríkissjóði frá fyrra ári

Þjónustupættir:

Skrifstofur, nefndir og ráð Undir þennan lið fellur öll sérfræðipjónusta, rekstur þjónustumiðstöðva, Barnavernd Reykjavíkur og skrifstofa Velferðarsviðs. **Rekstrarniðurstaða var 2.898 mkr sem var 166,7 mkr eða 5,7% umfram heimildir.** Launakostnaður nam 2.312 mkr sem var 241 mkr eða 11,6% umfram heimildir. Þar af var frávik vegna áætlaðs starfsmats 110,3 mkr. Tekjur voru 64 mkr og samanstóðu aðallega af þjónustutekjum vegna sérfræðipjónustu og ráðgjafar vegna grunn- og leikskóla. Annar rekstrarkostnaður var 15,9 mkr innan heimilda.

Samningar, framlög og styrkir Rekstrarniðurstaða vegna samninga, framlaga og styrkja var 2.308 mkr sem var 74 mkr eða 3% umfram fjárheimildir. Tekjur námu 133 mkr sem var 8,6 mkr hærra en áætlað var. Stærstu samningarnir voru við Ás, 1.053 mkr sem var 5 mkr innan fjárheimilda en kjarabætur vegna Ás samnings námu samtals 30,7 mkr og ferðapjónustu fatlaða 781 mkr eða 76 mkr umfram fjárheimildir.

Búsetuúrræði Undir þennan lið falla búsetukjarnar, sambýli, skammtíamavistanir fyrir fatlað fólk, heimili fyrir áður heimilislaua einstaklinga og heimili fyrir heilablaða. Rekstrarkostnaður búsetuúrræða var 4.500 mkr. Rekstrartekjur voru 84 mkr. **Rekstrarniðurstaða var 4.416 mkr sem var 279 mkr eða 7% umfram fjárheimildir.** Tekjur voru um 3,9 mkr eða 5% hærra en áætlun gerði ráð fyrir vegna hærra húsaleigutekna. Launakostnaður var 321,6 mkr umfram fjárheimildir sem var 8% hærra en áætlun gerði ráð fyrir, þar af var um 130 mkr vegna starfsmatshækkana, en annað frávik var vegna veikinda starfsmanna og notenda. Annar rekstrarkostnaður var 39 mkr eða 9% innan fjárheimilda. Frávik skýrist af almennu aðhaldi í öðrum rekstrarkostnaði.

Félagsmiðstöðvar Rekstrarkostnaður félagsmiðstöðva var 760 mkr. Rekstrartekjur voru 133 mkr. **Rekstrarniðurstaða var 627 mkr sem var um 7 mkr umfram fjárheimildir eða 1%.** Tekjur voru 0,7 mkr lægri en áætlun eða á pari. Launakostnaður var 17,4 mkr eða 5% innan fjárheimilda, þar sem ekki var fullmannað í allar stöður yfir sumartímann, þar af var launakostnaður félagsstarfs Lindargötu 10,4 mkr innan heimilda og samdráttur var í rekstri Gerðubergs vegna viðhalds. Annar rekstrarkostnaður var 24 mkr eða 6% umfram fjárheimildir m.a. vegna aukinna sölu máltíða en tekjur koma að hluta til á móti.

Dagþjónusta Skiptist annars vegar í dagdeildir fyrir eldri borgara og hins vegar í dagþjónustu fyrir fatlaða. Rekstrarkostnaður dagþjónustu í heild var 417 mkr. Rekstrartekjur voru 126 mkr eða 6 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir, þar af voru tekjur af dagdeild aldraða í Þorraseli 6 mkr undir áætlun vegna of lágra daggjalda sem heimilt er að innheimta skv. reglugerð. **Rekstrarniðurstaða vegna dagþjónustu var 290,6 mkr sem var 8,8 mkr eða 3% umfram fjárheimildir.** Launakostnaður var um 6,6 mkr eða 2% umfram fjárheimildir en annar rekstrarkostnaður var 3,6 mkr eða 3% innan heimilda. Rekstrarniðurstaða fyrir dagdeildir aldraða var 29 mkr og 7 mkr umfram fjárheimildir. Rekstrarniðurstaða fyrir dagþjónustu fatlaða var 261 mkr og 2 mkr umfram fjárheimildir.

Heimaþjónusta - Heimahjúkrun Rekstrarkostnaður heimaþjónustu og heimahjúkrunar var 2.928 mkr. Rekstrartekjur voru 1.331,5 mkr eða 30,5 mkr hærra en áætlun gerði ráð fyrir. **Rekstrarniðurstaða heimaþjónustu og heimahjúkrunar var 1.596 mkr sem var 48 mkr eða 3% umfram fjárheimildir.** Rekstrartekjur heimaþjónustu voru 9 mkr eða 6% lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður heimaþjónustu var 2,5 mkr innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður 38,7 mkr eða 13% umfram fjárheimildir vegna þjónustusamninga að stærstum hluta. Rekstrartekjur heimahjúkrunar voru 39,5 mkr hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður heimahjúkrunar var 44 mkr umfram fjárheimildir en á árinu var greitt til heimahjúkrunar 24 mkr vegna jafnlaunaáttaks. Annar rekstrarkostnaður heimahjúkrunar var samtals 221 mkr eða 1,9 mkr innan fjárheimilda nánast á pari.

Hjúkrunarheimili Rekstrarkostnaður Droplaugarstaða og hjúkrunardeildar Seljahlíðar var 1.168 mkr. Tekjur vegna daggjalda og smærri liða námu 898 mkr. Bakfærður var reikningur að fjárhæð 240 mkr vegna hallareksturs hjúkrunarheimilanna á árinu 2013 þar sem hann fékkst ekki samþykktur hjá Velferðarráðuneytinu. Heildartekjur hjúkrunarheimilanna námu því 658 mkr. **Rekstrarniðurstaða hjúkrunarheimilanna var neikvæð um 510 mkr** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að tekjur dygðu fyrir rekstrarútgjöldum. Launakostnaður var 791 mkr sem var 52,6 mkr eða 7% umfram fjárheimildir. Þar af var áætluð starfsmatshækkun 23 mkr. Annar rekstrarkostnaður var 377 mkr og var 226 mkr yfir fjárheimildum. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir endurgreiðslu frá Velferðarráðuneytingu að fjárhæð 222 mkr eða sem svarar innri leigu hjúkrunarheimilanna. Að teknu tilliti til hennar var annar rekstrarkostnaður 3,9 mkr umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður Droplaugastaða var 16 mkr innan heimilda en hjá Seljahlíð var annar rekstrarkostnaður 20 mkr umfram fjárheimildir.

Þjónustuíbúðir Rekstrarkostnaður þjónustuíbúða var 600 mkr. Tekjur voru 144 mkr. **Rekstrarniðurstaða þjónustuíbúða var 456 mkr sem var 18 mkr eða 4% innan fjárheimilda.** Tekjur voru 2,5 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður var 7,9 mkr eða 2% innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður um 12,8 mkr eða 5% innan fjárheimilda.

Stuðningsfjölskyldur, stuðningsþjónusta og frekari liðveisla **Rekstrarniðurstaða stuðningsþjónustu í heild var 618,5 mkr sem var 16,6 mkr eða 3% innan fjárheimilda.** Þar af nam þjónusta vegna fatlaðs fólks 225 mkr og var 15 mkr innan

heimilda. Almennar stuðningsfjölskyldur voru 4,8 mkr eða 20% innan fjárheimilda. Frekari liðveisla var 4,3 mkr eða 3% innan heimilda. Almenn stuðningsþjónusta var 370 mkr sem var 4,3 mkr eða um 1% umfram fjárheimildir.

Ýmis úrræði Rekstrarkostnaður ýmissa úrræða var 735 mkr sem var 98 mkr eða 15% umfram fjárheimildir. **Rekstrarniðurstaða var 499 mkr sem var 85,4 mkr eða 21% umfram fjárheimildir.** Á meðal ýmissa úrræða eru framleiðslueldhús, unglingsmiðjur og barnavernd. Rekstrarniðurstaða framleiðslueldhúss var 83,3 mkr sem var 2,7 mkr eða 3% innan fjárheimilda. Tekjur framleiðslueldhúss voru 234 mkr sem var 11,4 mkr eða 5% hærrí en áætlað var. Alls voru framleiddir 330.515 matarskammtar á árinu, sem var aukning um 2,9% eða 9.300 matarskammta milli ára. Rekstrarniðurstaða unglingsmiðja og stuðningsheimilis var 55 mkr sem var 2,8 mkr eða 5% innan fjárheimilda. Stærsta frávikíð meðal ýmissa úrræða, má rekja til úrræða barnaverndar. Rekstrarniðurstaða barnaverndar var 357,8 mkr sem var 91 mkr eða 34% umfram fjárheimildir, vegna vanda nokkurra einstaklinga í vistun og voru greidd mun hærrí gjöld en gert var ráð fyrir.

Þróunarverkefni Rekstrarkostnaður þróunarverkefna var 494 mkr sem var 1 mkr innan fjárheimilda, eða á pari. Rekstrartekjur voru 198 mkr sem var 8 mkr eða 4% hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. **Rekstrarniðurstaða var 296 mkr sem var 9 mkr innan fjárheimilda eða um 3%.** Um er að ræða borgarverði, NPA (Notendastýrða persónulega aðstoð), hælisleitendur og virkniverkefni. Kostnaður vegna borgarvarða var 26,4 mkr sem var 6,8 mkr eða 20% innan fjárheimilda. Kostnaður vegna NPA var 223 mkr sem var á pari. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 43 mkr og rekstrarniðurstaða var 180 mkr sem var 1,2 mkr eða 1% umfram áætlun. Kostnaður vegna hælisleitenda var 152 mkr og var að fullu fjármagnaður af ríkinu. Kostnaður vegna virkníáætlunar var 93 mkr sem var á pari við áætlun.

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlanagerð Á Velferðarsviði er unnið að greiningu á heimildargreiðslum fjárhagsaðstoðar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS). Með aðferðafræði KFS er núverandi staða kynjanna greind og lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé.

Yfirlit yfir helstu markmið sviðsins árið 2014 og sá árangur sem náðst hefur á árinu 2014.

Mælikvarðar 2014	Hvað hefur verið gert á árinu	Markmið	Rauntölur	Árangur
Málaflokkur fatlaðs fólks rekinn innan skilgreindra fjárhags viðmiða	Á árinu 2014 var unnið að endurskipulagningu og yfirferð vaktakerfa. Auk þess var gerð ítarleg greining á veikindaforföllum sem leiddi í ljós að ekki er áætlað fyrir langtíma veikindum og skýrir það frávik.	100%	103,6%	103,6%
Hlutfall ungmenna á aldrinum 18—24 ára sem komin eru með áætlun um virkni innan tveggja mánaða	Á árinu 2014 var bætt við stöðugildi virkniráðgjafa og sálfræðinga. Þessar aðgerðir áttu að fela í sér bættu þjónustu við atvinnulausa óháð aldri. Jafnframt auka greiningu og vinna með óvinnufærum viðtakendum fjárhagsaðstoðar. Árið 2014 er fyrsta árið frá því 2007 sem ekki er fjölgun notenda milli ára, en notendum fækkar um 2,4% milli ára. Jafnframt er hlutfall 24 ára og yngri lægra en hefur mælst áður.	72,00%	43,0%	59,7%
Hlutfall þátttakenda í Kvennasmiðju sem eru ekki með fjárhagsaðstoð til framfærslu eftir 12 mánuði	Á árinu 2014 var þátttakendum markvisst beint til vinnu t.d í samstarfi við Atvinnutorg og nú VMST. Boðið var upp á fjármálanámskeið og sjálfstyrkingarnámskeið. Kvennasmiðjan er úrræði sem hefur verið í boði í mörg ár og er í stöðugu endurmati. Markmið með Kvennasmiðjunni er aukin lífsgæði.	55,0%	67,0%	121,8%

Hér að neðan eru töflur sem sýna helstu **lykiltölur** Velferðarsviðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.

Lykiltölur um mannauð - VEL	2014						
	2010	2011	2012	2013	KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	1.056	1.474	1.516	1.533	313 (6)	1.242 (1)	1.555 (7)
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	202.789	299.628	356.995	353.179	88.479	298.384	386.863
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	485.721	912.413	925.729	933.939	279.394	678.868	958.262
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	1.395.678	1.454.899	1.429.458	1.408.824	214.571	1.174.092	1.388.663

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-14
Heimabjónusta						
Fjöldi heimila	3.777	3.836	3.805	3.808	3.725	-2,2%
Heildarkostnaður - þús. kr	1.261.430	1.306.813	1.409.853	1.399.733	1.538.599	9,9%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða vegna málefna fatlaðs fólks hjá Velferðarsviði var 195 mkr yfir fjárheimildum. Hins vegar sýnir heildstæð greining á tekjum og útgjöldum vegna málefna fatlaðs fólks að halli af málafloknum var 987 mkr eða 19% umfram tekjur, sjá nánar kafla 3.5.
- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam á árinu 270 mkr umfram greiðslur frá ríki (daggjöld). Samanlagður hallarekstur á árunum 2008 til og með 2014 nam 1.601 mkr á verðlagi hvers árs.
- Launakostnaður sviðsins var 6% yfir fjárheimildum en sé litið framhjá starfsmatshækkun var launakostnaður 2,7% yfir fjárheimildum sem sviðið telur að rekja megi að stórum hluta til afleysinga vegna veikinda. Mikilvægt er að greina þessi frávik er snúa að veikindum starfsmanna. Hafin er innleiðing á viðveru- og heilsueflingarstefnu til að bregðast við þessu.
- Ekki voru veittar sérstakar fjárheimildir á árinu 2014 vegna endurskoðunar á starfsmati. Endanlegt kostnaðarmat er í vinnslu.

4.1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	2.051	1.909	142	7,5%
Laun og launat. gj.	23	19	4	20,0%
Annar rekstrark.	6.116	6.599	-483	-7,3%
Rekstrarniðurstaða	4.088	4.709	-621	-13,2%

króna.

Rekstrarniðurstaða bundinna liða var 4.088 mkr sem var 621 mkr eða 13% innan áætlunar.

Fjárhagsaðstoð Heildarkostnaður vegna fjárhagsaðstoðar var 3.002 mkr sem var 537 mkr eða 15% innan fjárheimilda. Notendur fjárhagsaðstoðar alls voru 4.093 sem var fækkun um 125 eða 3% á milli ára. Notendur framfærslustyrks voru 3.271 á árinu sem var fækkun um 79 eða 2,4% frá árinu á undan. Árið 2014 er fyrsta árið síðan 2007 þar sem notendum fækkar á milli ára. Á sama tíma jókst hins vegar meðalfjöldi greiðslumánaða framfærslustyrks úr 5,4 mánuði í 5,7.


Sundurliðun fjárhagsaðstoðar VEL (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Framfærslustyrkur	2.375	2.847	-472	-16,6%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	484	541	-57	-10,5%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	97	99	-2	-1,7%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	46	52	-6	-11,3%
Rekstrarniðurstaða	-1.844	-2.253	409	-18,2%

aðstoðarmánaða notenda sem luku atvinnuleysisbótarétti á árinu og ofmats á fjölda nema á milli anna á sumarmánuðum auk árangurs af atvinnuátaksverkefnum.


Meðal útborguð fjárhæð framfærslustyrks var 130.034 kr sem var í samræmi við áætlun. Meðalfjárhæð útborgaðs framfærslustyrks hækkaði um 5.213 kr eða 4,2% frá árinu á undan. Grunnfjárhæð framfærslustyrks var 169.199 kr á árinu 2014.




Heimildagreiðslur voru í heild 628 mkr á árinu sem var 65 mkr eða 9% innan fjárheimilda. Heimildagreiðslur skiptast í heimildagreiðslur fjárhagsaðstoðar og átaksverkefni. Kostnaður vegna **heimildagreiðslna fjárhagsaðstoðar** var 484 mkr sem var 57 mkr innan fjárheimilda, þar af var kostnaður vegna framfærslu til náms 274 mkr. Til heimildagreiðslna fjárhagsaðstoðar teljast heimildagreiðslur barnaverndar, almennar heimildagreiðslur, fjárhagsaðstoð til erlendra aðila án kennitölu og framfærsla til náms. Frávik var að mestu vegna framfærslu til náms sem var 63 mkr innan heimilda. **Átaksverkefni** voru 2 mkr eða 2% innan fjárheimilda. Meðal átaksverkefna eru Fjölsmiðjan, Kvenna- og Karlsmiðjan og Grettistak. **Heimildagreiðslur v/16. gr. A** í reglum fjárhagsaðstoðar voru 6 mkr eða 11% innan fjárheimilda. Notendur heimildagreiðslna án átaksverkefna voru 2.039 sem var fækkun um 91 eða 4,3% frá árinu á undan. Fjárhagsaðstoð alls pr. notenda á mánuði var 134.029 kr sem var hækkun um 4.426 kr eða 3,4% á milli ára.

Taflan hér til hliðar lýsir niðurstöðu á bundnum liðum Velferðarsviðs, þ.e. fjárhagsaðstoð og húsaleigubótum á árinu 2014 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum



Framfærslustyrkur var 2.375 mkr sem var 472 mkr eða 17% innan fjárheimilda. Meðalfjöldi notenda í hverjum mánuði var 1.546 sem var lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik var að hluta til vegna ofmats á fjölda





Húsaleigubætur Heildarkostnaður vegna húsaleigubóta var 3.089 mkr sem var 9,4 mkr hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða nánast á pari. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 2.003 mkr og voru 94 mkr eða 5% yfir áætlun vegna hærra endurgreiðsluhlutfalls en reiknað hafði verið með. Endurgreiðsluhlutfall almennra húsaleigubóta var 68% á árinu 2014. Nettó útgjöld vegna húsaleigubóta voru 1.086 mkr sem var 84 mkr eða 7% lægra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Fjöldi notenda almennra húsaleigubóta var 8.846 sem var fjölgun um 532 eða 6,4% á milli ára. Notendur sérstakra húsaleigubóta voru 1.313 sem var fjölgun um 38 eða 3% á milli ára. Notendur sérstakra húsaleigubóta í félagslegu húsnæði voru 2.233 sem var fjölgun um 33 eða 1,5% frá árinu á undan.

Húsaleigubætur (mkr)	Tekjur Raun	Tekjur Áætlun	Húsal.b. Raun	Húsal.b. Áætlun	Nettó Raun	Nettó Áætlun
Alm. húsaleigub.	1.428	1.354	2.100	2.115	672	761
Sérst. húsaleigub.	205	199	342	331	137	132
Sérst. húsaleigub. v/fél. íbúða	369	357	647	633	277	276
Rekstrarniðurstaða	2.003	1.909	3.089	3.079	1.086	1.170


Hér að neðan eru helstu **lykiltölur** Velferðarsviðs vegna bundinna liða á verðlagi hvers árs.

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-14
Fjárhagsaðstoð						
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - Fjöldi heimila	2.927	3.285	3.295	3.350	3.271	-2,4%
Heimildargreiðslur alls - Fjöldi heimila	1.813	1.936	2.027	2.130	2.039	-4,3%
Fjárhagsaðstoð alls. Fjöldi heimila.	3.704	4.112	4.135	4.218	4.093	-3,0%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - þús.kr	1.790.244	2.065.478	2.156.113	2.275.738	2.412.772	6,0%
Heimildargreiðslur - þús. kr	469.224	549.157	553.486	567.789	532.483	-6,2%
Fjárhagsaðstoð samtals þús. kr	2.259.469	2.614.635	2.709.599	2.843.527	2.945.255	3,6%
Húsaleigubætur						
Húsaleigubætur (almennar) - Fj. heimila	8.370	8.433	8.221	8.314	8.846	6,4%
Sérstakar húsaleigubætur - Fj. heimila	1.036	1.163	1.244	1.275	1.313	3,0%
Sérst. húsaleigub. Félagsb - Fj. heimila	2.183	2.177	2.192	2.200	2.233	1,5%
Húsaleigubætur (almennar) - þús. kr	1.800.258	1.792.005	1.720.020	1.938.598	2.100.106	8,3%
Sérstakar húsaleigubætur - þús. kr	277.595	308.389	312.041	324.091	342.179	5,6%
Sérst. húsaleigub. Félagsb. - þús. kr	647.476	626.748	619.765	612.226	615.966	0,6%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Heildarkostnaður vegna fjárhagsaðstoðar var 537 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir og 125 færri þurftu á aðstoðinni að halda í ár en á síðasta ári. Framfærslustyrkur var 472 mkr innan fjárheimilda. Mikilvægt er að kalla eftir skýrslu um árangur af virkniúræðum.

4.1.6 Miðlæg stjórnsýsla



Rekstur RHS (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	1.434	1.313	120	9,2%
Laun og launat. gj.	2.333	2.267	66	2,9%
Annar rekstark.	1.682	1.666	16	0,9%
Rekstrarniðurstaða	2.582	2.620	-38	-1,5%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum Ráðhúss á árinu 2014 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða var 2.582 mkr eða 38 mkr innan fjárheimilda.

Tekjur voru 1.434 mkr sem var 120 mkr eða 9% yfir áætlun. Tekjur voru 6 mkr hærrí hjá Borgarlögmanni en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur voru 10 mkr yfir áætlun hjá innkaupadeild vegna umsýsluþóknana af rammSAMningum og tekjur voru 60 mkr yfir áætlun vegna tollkrítar. Tekjur voru 13 mkr yfir áætlun hjá ráðgjafadeild vegna hlutdeildar Sambands íslenskra sveitafélaga í starfsmati og styrkja vegna íslenskukennslu. Tekjur voru 3 mkr yfir áætlun hjá mannréttindaskrifstofu vegna styrkja. Tekjur voru 4 mkr yfir áætlun á upplýsinga- og vefdeild vegna uppgjors á evrópuráðsstyrk. Tekjur upplýsingatæknideildar voru 21 mkr hærrí en áætlað var. Aðrar tekjur voru 3 mkr yfir en áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 2.333 mkr sem var 66 mkr eða 3% yfir fjárheimildum, einkum vegna biðlauna og stafsmats.

Annar rekstarkostnaður var 1.682 mkr sem var 16 mkr eða 1% yfir fjárheimildum.

Borgarlögmaður Kostnaður var 105 mkr og var rekstur

2% innan fjárheimilda.

Fjármálaskrifstofa Kostnaður var 774 mkr og var rekstur 3% innan fjárheimilda.

Mannréttindaskrifstofa Kostnaður var 102 mkr og var rekstur er 1% yfir fjárheimildum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara Kostnaður var 641 mkr og var rekstur 2% innan fjárheimilda.

Skrifstofa borgarstjórnar Kostnaður er 288 mkr og er rekstur 1% innan fjárheimilda.

Skrifstofa þjónustu og rekstrar Kostnaður var 589 mkr og var rekstur samkvæmt fjárheimildum.

Innri endurskoðun Kostnaður var 84 mkr og var rekstur 1% yfir fjárheimildum.

Hér að neðan eru tölur sem sýna helstu **lykiltölur** á skrifstofum í Ráðhúsi, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.


Lykiltölur um mannauð - RHS	2014						
	2010	2011	2012	2013	KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuáttaks), meðaltal	241	238	261	288	126 (18)	164 (6)	290 (23)
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	66.508	63.209	70.358	70.245	36.778	40.012	76.790
Fjöldi vinnust. með vaktalági á ári	15.015	14.914	16.799	10.754	16.717	192	16.909
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	351.289	332.208	328.560	314.588	208.120	130.596	338.716

Lykiltölur úr rekstri - RHS	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-14
Innsend erindi – skrifstofa borgarstjóra	2.150	1.876	1.372	1.318	1.221	-7,4%
Fjöldi reikninga (fskj) - FMS	235.669	244.069	260.803	269.891	286.280	6,1%
Fjöldi útboða - Innkaupaskrifstofa	71	52	96	60	74	23,3%
www.reykjavik.is – vikuleg innlit	40.147	44.948	45.907	42.460	40.500	-4,6%
Þjónustuver - fjöldi símtala	212.017	214.387	199.275	180.610	160.145	-11,3%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur miðlægrar stjórnsýslu var í jafnvægi á árinu.
- Ekki voru veittar sérstakar fjárheimildir á árinu 2014 vegna endurskoðunar á starfsmati. Endanlegt kostnaðarmat er í vinnslu.

4.1.7 Sameiginlegur kostnaður



Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu á öðrum útgjöldum ársins 2014 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða var 5.557 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 4.801 mkr. Það er 757 mkr eða 16% yfir fjárheimildum ársins.

Tekjur voru 68 mkr hærra en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist að mestu af inngreiðslum frá Vinnuálastofnun vegna þátttöku í atvinnuáttaksverkefni eða 66 mkr. Atvinnuáttaksverkefni voru áætluð sem nettó fjárhæð undir öðrum kostnaði.

Laun voru 108 mkr undir fjárheimildum. Þar af voru útgjöld vegna atvinnuáttaks 118 mkr umfram fjárheimildir, breyting orlofsskuldbindinga var 188 mkr umfram fjárheimildir, ófyrirséður kostnaður var 407 mkr undir áætlun og önnur laun voru 7 mkr undir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður var 65 mkr undir fjárheimildum.

Styrkir og ýmis framlög voru 398 mkr sem var 48 mkr undir fjárheimildum sem skýrist af því að afsláttur fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega var 26 mkr lægri en áætlað, styrkir borgarráðs voru 6 mkr undir fjárheimildum og ýmsar samningsbundnar greiðslur voru 16 mkr undir fjárheimildum.

Atvinnumál Útgjöld voru 446 mkr til ýmissa atvinnusköpunarverkefna eða 17 mkr undir fjárheimildum.

Rekstur miðlægra tölvukerfa var 114 mkr eða 3 mkr undir fjárheimildum.

Innheimtukostnaður skattekna var 473 mkr eða 7 mkr yfir fjárheimildum.

Starfsmannakostnaður var 314 mkr eða 227 mkr yfir fjárheimildum vegna þess að orlofsskuldbinding borgarinnar hækkaði meira en áætlað er og slysbætur eru hærri.


Kosningar voru 61 mkr eða 4 mkr undir fjárheimildum.

Ýmis kostnaður var 454 mkr eða 403 mkr undir fjárheimildum.

Gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbinding nam 3.297 og var 998 mkr yfir áætlun.¹⁵

¹⁵ Sjá nánar umfjöllun í 3.kafli um A hluta

4.1.8 Framlög til B hluta fyrirtækja



Myndin hér til hliðar lýsir framlögum til B hluta fyrirtækja á árinu 2014 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Framlög til B hluta fyrirtækja námu 2.586 mkr og voru 10 mkr yfir fjárheimildum.

Strætó: Framlag til Strætó var 1.806 mkr eða 40 mkr undir fjárheimildum. Þar af var framlag til nemaverkefnis 142 mkr eða 16 mkr undir fjárheimildum.


Reglubundið framlag var 1.664 mkr eða 25 mkr undir fjárheimildum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 780 mkr eða 50 mkr yfir fjárheimildum ársins. Fráviknið skýrist af gjaldfærðu fjárfestingarframlagi eignaraðila sem áætlað var fyrir sem stofnframlag.

Framlög (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Strætó	1.806	1.846	-40	-2,2%
Slökkvilið hbsv.	780	729	50	6,9%
Rekstrarniðurstaða	2.586	2.575	10	0,4%

4.2 Eignasjóður

4.2.1 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)



SEA (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	15.716	17.833	-2.117	-11,9%
Laun og launat.gj.	134	121	13	10,7%
Annar rekstrark.	2.762	2.482	280	11,3%
Afskriftir	3.767	3.820	-53	-1,4%
Fjármagnsliðir	-3.955	-4.914	959	-19,5%
Rekstrarniðurstaða	5.098	6.496	-1.398	-21,5%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá SEA árið 2014 í samanburði við fjárheimildir. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða SEA var jákvæð um 5.098 mkr

en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 6.496 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 1.389 mkr lægri en áætlað var. Frávikði fólst einkum í að tekjur voru 2.117 mkr undir áætlun auk þess sem annar rekstrarkostnaður var 280 mkr yfir áætlun. Á móti kom að fjármagnskostnaður var 959 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Tekjur voru 15.716 mkr eða 2.117 mkr undir áætlun sem jafngildir -11,9%. Þar af voru tekjur vegna sölu byggingaréttar 1.193 mkr undir áætlun, tap af sölu fasteigna sem ekki hafði verið áætlað fyrir nam 339 mkr auk þess sem leigutekjur voru 585 mkr undir áætlun.

Laun og launatengd gjöld námu 134 mkr sem var 13 mkr umfram fjárheimildir eða 10,7%.

Annar rekstrarkostnaður var 2.762 mkr eða 280 mkr umfram fjárheimildir sem jafngildir 11,3% frávik, þar af voru 53 mkr vegna fasteignagjalda, 89 mkr vegna fráveitugjalda og 50 mkr vegna reksturs Perlunnar. Önnur frávik voru 87 mkr eða 3,5%.

Afskriftir voru 3.767 mkr eða 53 mkr undir áætlun.

Fjármagnsliðir Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu 3.955 mkr sem var 959 mkr lægra en áætlun gerði ráð fyrir. Frávikði skýrist af vaxtagjöldum sem voru 359

mkr undir áætlun auk þess sem verðbætur voru 600 mkr undir áætlun.

Rekstur eigna Tekjur af leigu fasteigna námu 11.917 mkr sem var 50 mkr umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir. Kostnaður við rekstur fasteigna nam 4.143 mkr eða 129 mkr yfir áætlun. Auk þess nam tap af sölu fasteigna 339 mkr og hafði ekki verið áætlað fyrir því, þar af 361 mkr vegna Laugavegs 4-6 og Skólavörðustígs 1a. Afskriftir námu 2.221 mkr og voru 12 mkr undir áætlun, fasteignagjöld námu 1.313 mkr sem var 25 mkr undir áætlun og fráveitugjöld námu 280 mkr og voru 89 mkr yfir áætlun.

Rekstrarkostnaður skólamanntekna nam 1.775 mkr, íþróttahúsa og sundlauga 647 mkr, leikskóla 382 mkr, velferðarmála 181 mkr, menningarstofnana 259 mkr og borgarskrifstofa 260 mkr.

Framleigugeignir Afkoma af rekstri framleigugeigna var jákvæð sem nam 427 mkr og var 15 mkr undir áætlun. Tekjur af útleigu framleigugeigna námu 1.706 mkr eða 57 mkr yfir áætlun en gjöld af framleigugeignum námu 1.279 mkr sem var rúmlega 72 mkr yfir áætlun.

Leiga gatnakerfis Tekjur vegna leigu á gatnakerfi námu 1.565 mkr og voru tæplega 612 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir þar sem eignfærsla ársins 2013 var lægri en áætlað var.


Áhöld, tæki og stofnbúnaður Tekjur vegna áhalds, tækja og stofnbúnaðar námu 455 mkr eða 80 mkr undir áætlun. Kostnaður vegna þessa liðar nam 343 mkr eða liðlega 125 mkr undir áætlun þar af námu afskriftir 328 mkr. Frávikin helgast einna helst af því að áætlunum áhaldakaupum í árslok 2013 seinkaði.

Lóðir, lönd og sala byggingarréttar Rekstrarniðurstaðan var 107 mkr eða 1.395 mkr undir áætlun. Tekjur af sölu byggingarréttar námu 407 mkr og voru 1.193 mkr undir áætlun. Kostnaður nam 300 mkr sem var um 200 mkr umfram fjárheimildir, þar af námu fasteignagjöld sem ekki hafði verið áætlað fyrir 78 mkr og afskriftir 82 mkr.

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** um mannauð hjá SEA.

Lykiltölur um mannauð - SEA	2013	2014		
		KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuáttaks), meðaltal	12	8	5	13
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	3.968	2.762	1.804	4.566
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	0	0	0	0
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	42.641	31.200	15.100	46.300

4.2.2 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



USK (mkr)	Raun 2014	Áætlun 2014	Frávik	%
Tekjur	3.581	2.930	651	22,2%
Laun og launat. gj.	1.343	1.331	12	0,9%
Annar rekstrark.	3.232	2.585	647	25,0%
Rekstrarniðurstaða	-994	-986	-7	0,7%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði á árinu 2014 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða Umhverfis og skipulagssviðs í Eignasjóðs var neikvæð um 994 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 986 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 7 mkr verri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 0,7%.

Tekjur voru 3.581 mkr, sem var 651 mkr hærri en áætlun eða um 22,2%. Tekjur vegna reksturs gatna og opinna svæða (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) voru 438 mkr yfir áætlun. Einnig voru tekjur frá Vegagerðinni vegna reksturs og viðhalds þjóðvega að fjárhæð 43 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Tekjur af kostnaðarhlutdeild í fjárfestingarverkefnum voru 82 mkr umfram áætlun og af útseldri þjónustu 55 mkr hærri en áætlað var. Þá voru tekjur vegna viðhalds gatna og opinna svæða (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) 31 mkr yfir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.343 mkr sem var 12 mkr umfram fjárheimildir eða um 0,9%, þá hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðarauka vegna starfsmats sem áætla má að sé um 50 mkr. Miðað við þær forsendur var launakostnaður um 38 mkr undir áætlun ársins sem var einkum vegna þess að störf hafa ekki verið full mönnuð á árinu.

Annar rekstrarkostnaður var 3.232 mkr og reyndist 647 mkr umfram fjárheimildir eða um 25%. Stærsti hluti af þessum umframkostnaði skýrist af verkefnum Aðalsjóðs, einkum vegna rekstur gatna og opinna svæða var um 495 mkr yfir fjárheimildum ársins.

Viðhald gatna og opinna svæða var um 38 mkr umfram fjárheimildir. Þá var kostnaður tengdur verkefnum Vegagerðarinnar 43 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í fjárheimildum. Kostnaður vegna útseldrar þjónustu var 54 mkr hærri en fjárheimildir. Kostnaður vegna viðhalds fasteigna var 25 mkr umfram fjárheimildir en á móti var kostnaður við ferlimál fatlaðra 19 mkr undir áætlun.

Viðhald fasteigna Nettó viðhaldskostnaður fasteigna nam 921 mkr sem var 25 mkr yfir fjárheimildum eða um 2,75%. Viðhaldskostnaður vegna menningarmála nam 63 mkr (12% undir), grunnskóla 348 mkr (á áætlun), íþrótt- og sundlauga 166 mkr (20% yfir), leikskóla 195 mkr (7% yfir), velferðamála 53 mkr (20% yfir) og aðrar fasteignir 97 mkr (24% undir).

Ferlimál fatlaðra Nettó kostnaður við ferlimál fatlaðra í fasteigna nam 46 mkr sem var 19 mkr undir fjárheimildum eða um 28,6%. Kostnaður vegna menningarmála nam 18 mkr, grunnskóla 9 mkr, íþrótt- og sundlauga 10 mkr og leikskóla 7 mkr.

Útseld þjónusta Tekjur af útseldri þjónustu námu 177 mkr sem var 55 mkr yfir áætlun eða um 45%. Kostnaður við útselda þjónustu var á pari við tekjur.

Rekstur gatna og opinna svæða Nettó kostnaður nam 2.085 mkr, þar með talinn er kostnaður vegna verkefna sem unnin voru fyrir Vegagerðina upp á 34 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Kostnaðurinn var 438 mkr yfir fjárheimildum eða 27%. Kostnaður við vetrarþjónustu nam 637 mkr sem er 159% yfir fjárheimildum. Kostnaður við hreinsun borgarlandsins nam 508 mkr (5% yfir), grassláttur 225 mkr (25% yfir), gatnalýsing 203 mkr (1% yfir), náðhús 37 mkr (16% yfir), viðburðir 42 mkr (74% yfir), ýmislegt 47 mkr (162% yfir) og garðyrkja 386 mkr (8% undir).

Viðhald gatna og opinna svæða Nettó kostnaður nam 807 mkr, þar með talinn var kostnaður vegna verkefna sem unnin voru fyrir Vegagerðina upp á 6 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Kostnaðurinn var 31 mkr yfir fjárheimildum eða 4%. Kostnaður við götur nam 186 mkr (11% yfir), gönguleiðir 79 mkr (9% yfir) opin svæði 166 mkr (7% undir), yfirborðsmerkingar gatna 72 mkr (11% yfir) umferðamerki og umferðaljós 121 mkr (1% yfir), strætó, biðskýli 29 mkr (3% undir), gatnalýsing 133 mkr (11% yfir) og umhverfi og útivist 20 mkr (17% undir).

Hér að neðan er tafla sem sýnir helstu **lykiltölur** um mannauð hjá USK.

Lykiltölur um mannauð - USKES	2014			
	2013	KK	KVK	Samtals
Fjöldi stöðugilda á ári (þar af vegna atvinnuátaks), meðaltal	189	184 (13)	40 (1)	224 (14)
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	63.253	59.088	8.116	67.204
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	17.957	18.956	967	19.923
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	164.724	174.844	39.475	214.319

5. Nánar um B hluta

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B hluta samstæðuuppjörðs Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

5.1 Faxaflóahafnir sf.

Rekstrarhagnaður ársins nam 644 mkr en til samanburðar var rekstrarhagnaður 588 mkr fyrir árið 2013. Niðurstaða ársreiknings árið 2014 sýnir að tekjur voru nokkuð umfram áætlun og rekstrarútgjöld eilítið undir áætlun. Þá voru fjárhæðir fjármagnsliða lægri en áætlun gerði ráð fyrir enda verðbólga mun minni en spáð var.

Rekstrartekjur voru 3.049 mkr og hækkuðu á milli ára um 206 mkr eða sem nemur 7,2% og er það 7,8% umfram fjárhagsáætlun. Þar vó þyngst aukning vörugjalda og tekjur sem voru til komnar vegna sölu á landi til Reykjavíkurborgar, auk þess að vöruf lutningar voru umfram spár. Aukning vörugjalda á milli ára var 39 mkr. Magn vöru á milli árunna 2013 og 2014 jókst lítillega og útlit er fyrir svipað magn árið 2015. Þá voru eignatekjur hærri en gert var ráð fyrir í áætlun og 50 mkr hærri en árið 2013.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna dreifast á allnokkra þætti og eru vörugjöld og lóðarleigutekjur þar stærstir. Aðrir tekjuliðir eru almennt stöðugir. Á síðustu árum hafa tekjur af skipagjöldum hækkað með komu stærri skipa þó svo að fjöldi skipa á milli ára sé svipaður. **Vörugjöld** hafa hækkað með auknum innflutningi, en þróunin er hæg og með stöðugra efnahagsumhverfi er útlit fyrir að sú þróun verði áfram jákvæð. **Aflagjöld** á árinu 2014 voru í samræmi við áætlanir, en með óvissu um fiskverð og breytingum á gengi geta orðið breytingar á því, en eins er líklegt að breyting á útgerðarháttum geti haft áhrif á aflagjöld. Þá má merkja eftirspurn eftir **lóðum**, sem komið getur efnahag Faxaflóahafna sf. til góða.

Rekstrargjöld voru 2.404 mkr og hækkuðu að krónutölu á milli ára um 158 mkr eða um 7,0%. Rekstrargjöld voru lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir sem nam 56 mkr eða 2,3%. Frávik í einstökum útgjaldaliðum voru annars vegar vegna eignagjalda og hins vegar afskrifta. Frávik vegna eignagjalda réðust af frestun fyrirhugaðra framkvæmda við húseignir sem voru 19 mkr lægri en gert var ráð fyrir og afskriftir urðu mun lægri en spáð var eða sem nam 46 mkr. Á móti komu aukin útgjöld vegna hafnarvirkja sem námu 27 mkr vegna endurbóta á Skarfabakka og viðhaldsframkvæmda á Akranesi.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna eru í jafnvægi, en ráðast af nokkru af viðhaldsþörf mannvirkja. Framundan eru stórar framkvæmdir í Reykjavík, á Grundartanga og á Akranesi og mikilvægt að Faxaflóahafnir sf. haldi fjárhagslegum styrk til þess að takast á við þau verkefni.

Heildareignir 2014 námu 13.217 mkr þar af námu fastafjármunir 11.699 mkr og veltufjármunir 1.517 mkr. Heildareign hækkaði á milli ára um 100 mkr eða um 0,8%

Heildarskuldir voru 1.413 mkr og lækkuðu um 372 mkr eða um 20,8%.

Eigið fé nam 11.804 mkr í lok árs og hækkaði um 4,16%.

Fjárfestingarhreyfingar voru í heildina 804 mkr sem er hækkun um 12% á milli ára en árið 2013 námu þær 718 mkr. Fjárfestingar ársins námu um 1.014 mkr en voru á árinu 2013 alls 869 mkr sem er hækkun um 16,7%.

Helstu verkefni voru eftirfarandi: Í **Gömlu höfninni** í Reykjavík var unnið að 3. áfanga endurnýjunar efri hæðar Bakkaskemmu og með honum lýkur heildarfrágangi á innréttingum fyrir Sjávarklasann á allri efri hæð hússins. Þar hefur verið sköpuð aðstaða fyrir klasa fyrirtækja sem vinna að verkefnum tengdum sjávarútvegi. Þá var unnið að umhverfisfrágangi við **Norðurgarð**, en samhliða því hefur HB Grandi hf. reist þar nýja frystigeymslu og umhverfislistaverkið Þúfuna. Í **Vesturbugt** var byggð timburbyggja meðfram byggingu Sjóminjasafnisins að Grandagarði 8 og með þessari framkvæmd er í meginráttum lokið framkvæmdum við frágang þessa svæðis. Í **Sundahöfn** var lokið við ýmis verkefni við lengingu Skarfabakka um 200 metra, en þessi bakkagerð hefur verið meginframkvæmd Faxaflóahafna á árunum 2013 -2014. Þá var hafinn undirbúningur að gerð 470 metra **hafnarbakka utan Klepps**, sem verður meginverkefni Faxaflóahafna sf. á árunum 2015 – 2018 og er ætlað að verða helsti hafnarbakki farmstöðvar Eimskip í framtíðinni fyrir stærri og djúpristari flutningaskip. Á **Grundartanga** var unnið að lóða og gatnagerð og hafnarframkvæmdum við lengingu Tangabakka, en reiknað er með að byggingu bakkans ljúki síðan vorið 2015. Hafinn var undirbúningur að úthlutun lóðar fyrir Silicor Materials á Katanesi á Grundartanga. Á **Akranesi** var unnið að dýpkun innsiglingar og snúningssvæðis skipa við Aðalhafnargarð. Dýpkunarverki lauk á árinu 2014 og nú er um 10 m dýpi á þessu svæði.

Fjárfestingar á árinu 2014 og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum		
	mkr	%
Gamla höfnin	221	21,8%
Sundahöfn	283	27,9%
Grundartangi	431	42,5%
Akranes	49	4,8%
Annað	30	3,0%
Alls:	1.014	100,0%

Greiddur var **arður** til eigenda sem nam 173 mkr. Afborganir lána námu 377 mkr en þær voru 207 mkr árið 2013 eða 82,1% hækkun.

Handbært fé frá rekstri í lok árs 2014 nam 1.307 mkr og er nánast óbreytt milli ára. **Handbært fé** í árslok nam 842 mkr en það nam 889 mkr árið 2013 sem er 5,2% lækkun.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir árin 2010-2014:

Faxaflóahafnir	2010	2011	2012	2013	2014
Eiginfjárlutfall	84,3%	82,7%	84,8%	86,4%	89,3%
Arðsemi eigin fjár	1,2%	2,3%	3,4%	5,4%	5,7%
Veltufjárlutfall	2,29	2,02	1,79	2,00	3,34
Skuldsetningarhlutfall	14,4%	15,1%	12,7%	10,4%	8,1%
Uppgreiðslutími	2	2	2	1	1
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	85,8%	91,2%	71,6%	62,8%	46,3%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	39,7%	42,8%	39,8%	46,6%	44,4%
Framlegð/rekstrartekjur	45,0%	45,0%	45,8%	47,2%	46,2%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Niðurstaða ársreiknings Faxaflóahafna sf er góð og fjárhagsstaða fyrirtækisins er sterk. Fyrirtækið er vel í stakk búið til að sinna þeim verkefnum sem langtímaáætlun þess gerir ráð fyrir án þess að taka lán til þeirra verkefna.
- Staða á handbæru fé er mjög góð sem og kennitölur félagsins. Athygli er vakin á góðu veltufjárlutfalli og eiginfjárlutfalli.

5.2 Félagsbústaðir hf.

Ársreikningar Félagsbústaða eru gerðir í samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS í samræmi við 90. gr laga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Í ársreikningum Félagsbústaða og Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 eru fjárfestingareignir metnar til gangvirðis.

Hagnaður nam 4.713 mkr á árinu 2014 en var 1.606 mkr árið 2013.

Rekstrarhagnaður fyrir vaxtagjöld, verðbætur lána og matsbreytingu fjárfestingaeigna jókst um 5,2% milli ára, úr 1.457 mkr árið 2013 í **1.533 mkr** árið 2014. Hrein vaxtagjöld námu 954 mkr og hækkðu um 3,3% milli ára og nam **vaxtaþekja rekstrarhagnaðar** ársins 2014 **1,61** miðað við 1,58 árið á undan.

Rekstrarafkoma fyrir verðlagsbreytingar lána og matsbreytingu eigna nam 579 mkr á árinu 2014 miðað við 533 mkr árið á undan sem 8,6% aukning milli ára. Verðbreyting lána nam samtals 294 mkr. Við mat á eignum Félagsbústaða til útleigu er stuðst við mat fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands sem var í gildi í árslok 2014 að teknu tilliti til 8,4% hækkunar á vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar 2014. Matsbreyting fjárfestingaeigna félagsins nam 4.461 mkr á árinu 2014 en var 1.891 mkr árið 2013.

Rekstrartekjur Félagsbústaða hf. á árinu 2014 námu 3.078 mkr, sem er 4,1% aukning tekna frá árinu á undan aðallega vegna verðlagshækkunar leigu og stækkunar eignasafnsins.

Rekstrargjöld námu samtals 1.546 mkr og hækkðu milli ára um 2,9%. Af einstökum rekstrarþáttum hækkaði rekstrarkostnaður fasteigna um 12,3% og launakostnaður um 9,9%. Gjaldfært viðhald fasteigna nam um 1,27% af verðmati þeirra í árslok. Framlag til afskrifta leiguskulda lækkaði úr 64 mkr í 43 mkr, eða um 32% og svaraði til um 1,5% af leigutekjum ársins miðað við 2,6% árið á undan.

Heildareignir Félagsbústaða hf. í árslok 2014 námu ríflega 47 mkr og jukust um 5 mkr á árinu, eða um 11%, aðallega vegna matsbreytinga fjárfestingaeigna félagsins. Eigið fé félagsins nam 17,4 mkr í árslok 2014 og jókst um tæpa 4,7 mkr milli ára, eða um 37,6%. Eiginfjárlutfall var 36,8% í árslok 2014 en var 30% árið á undan.

Heildarskuldir fyrirtækisins í árslok 2014 voru 29.873 mkr en voru 29.465 mkr í árslok 2013.


Handbært fé frá rekstri nam 571 mkr á árinu 2014 sem er um 127 mkr hærra en árið á undan. Fjárfestingar á árinu 2014 námu 711 mkr miðað við 274 mkr árið áður. Fjármögnunarmagnir ársins voru með innstreymi sem nam 140 mkr, samanborið við 172 mkr útstreymi árið áður. Á árinu 2014 keypti félagið 25 íbúðir og seldi 5 íbúðir.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir árin 2010-2014 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbúst.-gangvirðisuppgj.	2010	2011	2012	2013	2014
Eiginfjárlutfall	18,4%	23,7%	27,6%	30,1%	36,8%
Arðsemi eigin fjár	-24,8%	51,1%	26,1%	14,6%	27,1%
Veltufjárlutfall	0,20	0,19	0,16	0,14	0,14
Skuldsetningarhlutfall	429,3%	309,8%	251,9%	224,6%	164,6%
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir	1,35	1,32	1,39	1,58	1,61
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)	0,93	0,91	0,95	1,01	1,06
Uppgreiðslutími	83	94	70	53	49
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	1062%	1097%	1033%	994%	970%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	13%	11%	14%	18%	19%
Framlegð/rekstrartekjur	47%	46%	50%	50%	50%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarhagnaður Félagsbústaða eftir matsbreytingar og fjármagnsliði nánast þrefaldaðist milli árána 2013 og 2014. Meginhluti hagnaðar Félagsbústaða er vegna matsbreytinga á fjárfestingaeignum félagsins sem var bókfærður á um 4.461 mkr og skýrist af hækkingu í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu um 10% umfram verðlagsbreytingar. Hærra íbúðaverð og samþykkt borgarstjórnar um að auka framboð félagsins á félagslegum leigugeignum um allt að 500 íbúðir mun kalla á hærra leiguverð til notenda félagsins, að öðru óbreyttu.
- Núverandi gjaldskrá einstakra leigugeigna er ákvörðuð miðað við stofnkostnað á hverjum tíma og leiðrétt í samræmi við verðlagsbreytingar. Þetta fyrirkomulag getur valdið verulegum ójöfnuði í leiguverði á milli viðskiptavina félagsins við aðstæður þar sem ýmist svæðisbundið íbúðaverð hækkar umfram íbúðaverð að jafnaði í öðrum hverfum og/eða þegar íbúðaverð hækkar umfram verðlag. Frá stofnun Félagsbústaða árið 1997 þá hefur fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu ríflega fjórfaldast í verði en á sama tímabili hefur verðlag rúmlega tvöfaldast. Einnig hefur oft verið mikill verðmunur á eignum eftir hverfum og er þessi munur nú á svipuðum slóðum og á árunum 2006-2007. Í fyrrgreindu ljósi getur verið nauðsynlegt að endurskoða gjaldskrá Félagsbústaða með breytingum sem jafnframt tryggja sjálfbærni félagsins til lengri tíma lítið.



- Forsendur fjármögnunar á stórauðnum framboði á félagslegum leigubúðum í Reykjavík gerðu ráð fyrir stofnfjárframlögum frá ríkinu í stað svokallaðra félagslegra leigubúðalána ásamt stofnframlögum frá eigendum og fjármögnun á almennum markaðskjörum. Engar ákvarðanir hafa verið kynntar frá velferðaráðuneytinu á undanföllum mánuðum og því óvísan til staðar um fjármögnunarfyrirkomulag og áform þar að lútandi.
- Rekstrarafkoma Félagsbústaða að frátöldum matsbreytingum styrktist um 5% á milli ára sem rekja má í megindráttum til endurfjármögnunar á tæplega 3 mkr lána árið 2014 á hagstæðari kjörum, lægri framlaga til afskrifta leiguskulda og aukningu leigutekna umfram rekstrarútgjöld.
- Skulda- og vaxtaþekjur hafa styrkst á undanföllum árum og eru nú yfir lágmarksviðmiðunum 0,9 (skuldaþekja)/1,4 (vaxtaþekja) sem skilgreind eru í drögum að eigendastefnu Félagsbústaða.

5.3 Orkuveita Reykjavíkur

Þann 1. Janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Um áramótin tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Fleiri breytingar voru gerðar á samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur við þessa **lögboðnu uppskiptingu**. Mikilvægt var að gæta að því að traust lánveitenda á fyrirtækinu héldist, yfirfæranlegt tap yrði áfram nýtanlegt og að fjárhagur einstakra eininga yrði nægjanlega traustur eftir uppskiptinguna. Í tengslum við uppskiptinguna setti Alþingi fyrirtækinu ný heildarlög, nr. 136/2013. Þau endurspeglu ákvarðanir eigenda fyrirtækisins um kjarnastarfsemi þess um leið og ákvarðanir um stjórnhætti innan Orkuveitu Reykjavíkur eru í auknum mæli lagðar í hendur eigendanna sjálfra. Til þess að uppskipting yrði áreiðanlega í samræmi við kröfu stjórnvalda án þess að neytendur biðu skaða af, ákváðu eigendur Orkuveitu Reykjavíkur að aðgreina sem skýrast mismunandi þætti rekstursins. **Lögbundna þjónustan**, vatns- og fráveita, er starfrækt í sérstöku félagi, annar sérleyfisrekstur sérstaklega og samkeppnisþættirnir á svið raforku og gagnaveitu í sjálfstæðum félögum sem eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Þungamiðja reksturs Orkuveitu Reykjavíkur er og verður veitubjónustan. Hún er áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfyrirtæki breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, er sameignleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Rekstrarhagnaður (EBIT) Orkuveitu Reykjavíkur varð 1,5 milljarði lægri árið 2014 en 2013 og lækkaði um 8,5% milli ára. Tekjur voru nánast á pari milli ára, launakostnaður jókst um 10,5% og annar rekstrarkostnaður hækkaði um 5,9%. Þessi niðurstaða er í samræmi við áætlanir og nær allir þættir aðgerðaáætlunar fyrirtækisins og eigenda þess, sem samþykkt var á árinu 2011, hafa staðist og sumir gott betur.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar 2014 var jákvæð um 8.871 mkr samanborið við hagnað á sama tíma árið áður að fjárhæð 3.350 mkr.

Rekstrartekjur ársins námu 38.526 mkr en voru 39.209 mkr árið 2013 eða 1,7% lækkun. Tekjur eru á pari milli ára en einstakir liðir breytast nokkuð. Tekjur af heildsölu rafmagns lækka í kjölfaruppgjörs við Norðurál vegna ágreinings um afhendingu orku sem veldur um 1 mkr sveiflu milli ára til lækkunar. Einnig er lækkun á söluhagnaði milli ára um 544 mkr en söluhagnaður árið 2013 má að mestu rekja til sölu á höfuðstöðvum við Bæjarháls. Á móti vega auknar tekjur vegna sölu á heitu vatni um 790 mkr ásamt tekjuaukningu í flestum miðlum sem meðal annars má rekja til verðlagstengingar gjaldskráa.

Tekjur skiptast á þrjá starfsþætti: Virkjanir og sala, veitur og önnur starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 34,7% af heildartekjum samstæðu OR. Hagnaður fyrirtækisins fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA), var 24.845 mkr samanborið við 26.084 mkr 2013. EBITDA er því 4,8% lægri en á síðasta ári. Handbært fé frá rekstri jókst um 10,2% eða um ríflega 2 milljarða á milli ára.

Rekstrargjöld ársins 2014 námu 22.833 mkr að meðtöldum afskriftum en voru 22.053 mkr 2013.

Rekstrarhagnaður nam 15.693 mkr en var 17.156 mkr 2013 og lækkaði um 8,5% milli ára.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 4.819 mkr á árinu en voru neikvæðir um 6.232 mkr árið 2013. Vaxtastig hefur almennt lækkað milli ára auk þess sem skuldastaðan hefur lækkað vegna hárra afborgana sem leiðir til lægri gjaldfærðra vaxta á árinu. Áhrif annarra fjármagnsliða nema 821 mkr til hækkunar en verulegar sveiflur eru þó til staðar innbyrðis milli liða s.s. vegna gangvirðisbreytinga, uppgjörs áhættuvarnarsamninga og gengismunar.

Heildareignir í árslok voru 299.330 mkr en voru 283.107 mkr árslok 2013.

Eigið fé í árslok var 99.410 mkr en var 80.969 mkr í árslok 2013.

Heildarskuldir fyrirtækisins í árslok voru 199.920 mkr en voru 202.138 mkr í árslok 2013.

Handbært fé frá rekstri nam 22.084 mkr á árinu og hækkaði um 10,2% miðað við fyrra ár.

Fjárfestingarhreyfingar árið 2014 nettó voru útstreymi að fjárhæð 7.885 mkr en innstreymi 2013 var 2.444 mkr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 5.594 mkr útstreymi á árinu 2014. Orkuveitan setti hluta af handbæru fé í bundna ávöxtun, í fjárfestingahreyfingum er það sýnt sem útstreymi að fjárhæð 3.728 mkr og söluhagnaður vegna sölu á eignarhluta í HS Veitum í upphafi árs nam 1.499 mkr innstreymi.

Fjármögnunarhreyfingar ársins nettó var útstreymi að fjárhæð 14.702 mkr en var 19.143 mkr 2013. Afborganir vaxtaberandi skulda vega þar þyngst en þær námu 20.330 mkr. Á árinu greiddi Gagnaveitan upp lánalínu samhliða 4,8 mkr lántöku í tengslum við endurskipulagningu á fjármagnsskipan félagsins innan samstæðunnar. Með þeirri breytingu var lán GR við OR greitt upp auk hlutafjárukningar OR í félaginu með breytingum á kröfum yfir í hlutafé að fjárhæð 3,5 mkr.

Orkuveita Reykjavíkur hefur fylgt aðgerðaáætlun „Planinu“ sem unnið var í samstarfi við eigendur frá vormánuðum 2011. Í Planinu voru mjög metnaðarfull markmið um aðhald í rekstri og minnkun fjárfestinga auk samþykktra leiðréttinga á gjaldskrá, eignasölu og láns frá eigendum.

Árangur Plansins á árinu 2014 var 628 mkr betri en gert var ráð fyrir sem rekja má fyrst og fremst til lækkunar á rekstrarkostnaði umfram markmið að fjárhæð 638 mkr og leiðréttinga á gjaldskrá vegna verðlagsbreytinga umfram áætlun að fjárhæð 618 mkr. Á móti kemur að fjárfestingar í veitukerfum og fráveitu hafa verið meiri á árinu en gert var ráð fyrir sem nemur 304 mkr og eignasala var lægri um 348 mkr. Á árunum 2011 til 2014 er heildarárangur Plansins um 5.742 mkr umfram markmið tímabilsins.

Þrátt fyrir að markmið Plansins hafi hingað til gengið eftir eru skuldir Orkuveitunnar verulegar og áhrif vaxta, álverðs og gengis hafa mikil áhrif á rekstur og efnahag fyrirtækisins. Álverð, sem hefur verið í sögulegu lágmarki undanfarið hefur neikvæð áhrif á tekjur en á móti hefur gengisstyrking haft jákvæð áhrif. Orkuveitan hefur haldið áfram að styrkja lausafjárstöðu sína og aukið töku áhættuvarnasamninga til þess að verja sjóðstreymið.

Matsfyrirtækið Reitun hefur **hækkað lánsþæfiseinkunn** Orkuveitunnar og er hún nú i.A3 með jákvæðum horfum. Lánsþæfisfyrirtækið Moody's hefur breytt horfum í mati þess á lánsþæfi Orkuveitunnar úr stöðugum í jákvæðar, en einkunnin er áfram B1. Einnig hefur lánsþæfisfyrirtækið Fitch Rating gefið Orkuveitu Reykjavíkur lánsþæfismatseinkunnina BB- með stöðugum horfum. Grunneinkunn Orkuveitunnar, án tillits til ábyrgðar eigenda, er tveimur þrepum hærri hjá Fitch en frá Moody's.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Orkuveitu Reykjavíkur árin 2010-2014:

OR	2010	2011	2012	2013	2014
Eiginfjárlutfall	18,4%	20,8%	20,4%	28,6%	33,2%
Arðsemi eigin fjár	34,4%	-1,0%	-3,7%	4,8%	10,3%
Veltufjárlutfall	0,38	0,35	0,53	0,59	0,68
Skuldsetningarhlutfall	401,5%	347,6%	333,3%	217,2%	174,5%
Skuldaþekja (EBIT/gr afb + Nettó gr. vextir)	0,46	0,59	0,73	0,56	0,64
Skuldaþekja (EBITDA/gr afb + Nettó gr. vextir)	1,06	1,02	1,25	0,85	1,01
Vaxtaþekja (EBIT/(n.greiddir vextir)	1,95	3,43	2,81	3,65	3,75
Vaxtaþekja (EBITDA/(n.greiddir vextir)	4,55	5,89	4,8	5,54	5,94
Uppgr.tími lána (veltuf.frá rekstri/skuldum)	22,1	13,6	11,9	10,3	10,6
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	837%	698%	624%	516%	519%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	38%	51%	52%	50%	49%
EBITDA framlegð	50%	63%	66%	67%	65%

Fyrirtækið er eins og áður viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkir stöðu þess og hefur þessi staða bætt stöðu fyrirtækisins umtalsvert gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.

Afborganir á árinu 2014 voru miklar eins og árið á undan. Eiginfjárlutfall er enn að hækka en þarf að styrkjast meira til að ná settum markmiðum. Veltufjárlutfall er 0,68 og hefur hækkað smám saman en stefnt er að því að ná veltufjárlutfallinu í kringum 1. Mikilvægt er að bæta enn lausafjárstöðu fyrirtækisins og miða aðgerðir fyrirtækisins að því m.a. með enn frekari endurskipulagningu afborgana í samráði við lánveitendur.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Á fjögurra ára gildistíma Plansins er árangur OR vel umfram þau markmið sem lagt var upp með fyrri hluta árs 2011. Heildarárangur 2011-2014 nemur 49.607 mkr eða 13% umfram markmið tímabilsins og er nánast að ná settum markmiðum einu ári fyrr en gert var ráð fyrir eða um 97%. Þó ber að hafa í huga að frá og með árinu 2015 er aukin þörf á fjárfestingum við Hellsisheiðavirkjun sem ekki var gert ráð fyrir í Planinu til að viðhalda rafmagnsframleiðslunni og uppfylla strangari staðla um loftgæði.
- Lausafjárstaða OR hefur batnað á milli ársuppgjöra og nemur nú um 12.150 mkr, þar af 3.000 mkr sem bundnar eru til skemmri tíma en eins árs, samanborið við um 9.000 mkr í árslok 2013. Á sama tíma hafði OR aðgengi að um 7.100 mkr í ónýttum lánsheimildum og opnum lánalínum. Aðgengi að lausafé nam því um 19.250 mkr í lok árs 2014.
- Samkvæmt ársreikning OR er árleg næmni sjóðstreymis fyrir 1% hækkun vaxta um -148 mkr. Ef ekki er tekið tillit til áhættuvarnasamninga er næmi sjóðstreymis -483 mkr.
- Á vaxtaberandi lánum voru meðalvextir ársins 1,73% sem er um helmingi lægri vextir en gert var ráð fyrir í Planinu. Jákvæð áhrif á sjóðstöðu eru metin um 2.318 mkr.

- Meðalálverð ársins (3M FWD LME) var um 1.893 USD/tonn samanborið við 2.758 USD/tonn í forsendum Plansins fyrir árið 2014. Neikvæð áhrif á sjóðstöðu 2014 er metið um – 2.820 mkr. Hlutfall tekna OR sem tengt er heimsmarkaðsverði á áli nam um 15%. Næmni gangvirðis vegna 1% lækkunar á álverðsferlum er um -480 mkr.
- Á milli ársuppgjöra styrkti OR áhættuvarnir gagnvart álverði. Varnir af áætlaðri álverðstengdri sölu ársins 2015 voru í árslok 2014 58% en voru 44% fyrir sama tímabil í árslok 2013.
- Ákveðið var við uppskiptingu samstæðu OR í ársbyrjun 2014 að hafa USD sem starfrækslugjaldmiðil Orku náttúrunnar. Varanlegir rekstrarfjármunir ON sem færðir eru í USD nema um 40% af efnahag samstæðu OR sem leiðir til þess að gjaldeyrisáhætta samstæðu í efnahag minnkar verulega.
- Fyrir liggur erindi OR þar sem óskað er eftir að eigendur samþykki tillögu stjórnar að arðgreiðslustefnu. Stefnan á að stuðla að ábyrgum arðgreiðslum að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum. Þörf er á að rýna skilyrði og viðmið tillögunnar ásamt þróun í samræmi við fimm ára áætlun.

5.4 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Ársreikningur félagsins inniheldur samstæðu SHS (móðurfélag), SHS fasteignir ehf. og Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins.

Rekstrarniðurstaða SHS samstæðunnar árið 2014 var jákvæð um 3 mkr en var neikvæð árið 2013 um tæpar 13 mkr. Í áætlun ársins var gert ráð fyrir hagnaði upp á rúmar 80 mkr en þá voru tekjur vegna sjúkraflutninga áætlaðar um 786 mkr en urðu um 662 mkr sem skýrir minni hagnað. Samningalotu við ríkið um sjúkraflutninga lauk í nóvember sl. eftir þriggja ára viðræður og samið var til sex ára. Í þessum samningi tókst samkomulag um viðbótargreiðslur vegna árána 2012 - 2013 og fyrstu sex mánuði ársins 2014.

Hagnaður dótturfélagsins SHS fasteigna var tæpar 42 mkr en áætlanir gerðu ráð fyrir hagnaði upp á rúmar 39 mkr, sjá nánari skýringar undir SHS fasteignum hér fyrir neðan.

Rekstrartekjur námu 2.138 mkr sem eru 5,8% hærrí tekjur en fyrir árið 2013. Framlag eigenda á árinu 2014 nam 1.244 mkr sem er hækkun um 140 mkr milli ára, tekjur vegna sjúkraflutninga námu 662 mkr sem er lækkun um 46 mkr og aðrar tekjur voru 54 mkr sem er lækkun um 8 mkr. Eigendur lögðu jafnframt 86 mkr í fjárfestingarsjóð á árinu. Tekjur SHS fasteigna námu 83 mkr þegar tekið hefur verið tillit til millivíðskipta við SHS og tekjur Almannavarna tæpar 7 mkr.

Rekstrargjöld námu 2.007 mkr sem er 5% hækkun milli ára. Launakostnaður hækkaði um 4,9% á milli ára og fór úr 1.607 mkr í 1.686 mkr.

Heildareignir námu 2.396 mkr og þar af námu fastafjármunir 1.992 mkr. **Heildarskuldir** voru 1.094 mkr og hafa lækkað um 140 mkr á milli ára. Ástæðan er sú að þegar ríkissjóður gerði upp skuldina vegna sjúkraflutningana fyrir árin 2012 – 2013 voru þeir fjármunir notaðir til að greiða niður skuldir.

Eigið fé nam 1.302 mkr og hefur hækkað um 253 mkr á árinu. Ástæðan fyrir hækkuninni er sú að eigendur lögðu SHS til nýtt stofnfé upp á 250 mkr sem notað var í byggingu nýju slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut.

Fjárfestingahreyfingar námu 422 mkr en fyrir árið 2013 voru fjárfestingahreyfingar 231 mkr. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af byggingu á nýju slökkvistöðinni við Skarhólabraut.

Sú ákvörðun var tekin af stjórn SHS að fengnum ráðleggingum sérfræðinga að hefja undirbúning að því að sameina dótturfélagið SHS fasteignir móðurfélaginu SHS. Vegna þess voru þrjár eignir (slökkvistöðvar) SHS fasteigna við Skútahraun í Hafnarfriði, Tunguháls í Reykjavík og Skarhólabraut í Mosfellsbæ seldar yfir til SHS í lok ársins. Síðan er stefnt að því að selja síðustu eignina, Skógarhlíð 14, í lok árs 2016 eða byrjun árs 2017 og í framhaldi af því verði SHS fasteignir sameinaðar SHS.

SHS fasteignir

Undir SHS heyrir dótturfélagið SHS fasteignir, sem á og rekur þau mannvirki sem hýsa starfseminu.

Rekstrarhagnaður SHS fasteigna fyrir árið 2014 var tæpar 42 mkr en rekstrarhagnaður ársins 2013 var tæplega 50 mkr. Ástæðan fyrir þessari lækkun milli ára er fyrst og fremst tilkominn vegna aukinnar lántöku vegna byggingu á nýju slökkvistöðinni við Skarhólabraut. Að auki komu fasteignagjöld vegna nýju slökkvistöðvarinnar til greiðslu á árinu en á móti komu engar leigutekjur.

Rekstrartekjur félagsins voru 205 mkr og rekstrargjöld 72 mkr. Fjármagnsliðurinn hjá SHS fasteignum er neikvæður um 45 mkr.

Heildareignir námu 1.015 mkr í árslok 2014 og hafa þær lækkað um 528 mkr á árinu. Heildarskuldir eru 808 mkr og hafa lækkað um 570 mkr frá áramótum. Ástæðan fyrir mikilli lækkun eigna og skulda er salan á þremur fasteignum yfir til móðurfélagsins SHS.

Fjárfestingahreyfingar námu 379 mkr en á móti voru seldar eignir fyrir um 849 mkr.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar fyrir árin 2010-2014:

SHS - samstæða	2010	2011	2012	2013	2014
Eiginfjárlutfall	20,0%	22,4%	52,0%	45,9%	54,4%
Arðsemi eigin fjár	149,2%	7,9%	-18,2%	-1,2%	0,3%
Veltufjárlutfall	1,21	1,22	1,08	1,02	0,52
Skuldsetningarhlutfall	307,0%	262,4%	51,1%	64,4%	31,8%
Uppgreiðslutími	12	18	22	9	4
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	100%	98%	54%	61%	51%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	7%	4%	1%	4%	5%
Framlegð/rekstrartekjur	7%	6%	3%	5%	10%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Óvissu varðandi sjúkraflutninga hefur verið eytt en á árinu var gerður samningur við ríkið til sex ára um þá.
- Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í mars 2015 á kröfu SHS í dómsmáli á hendur Lánasjóði sveitarfélaga (LS) vegna uppgjörð á gengistryggðu láni. Forsaga málsins var sú að SHS greiddi upp lán í lok árs 2012 hjá LS með fyrirvara um leiðréttingu á uppgjörinu ef niðurstaða dómstóla í gengislánamálum sýndi að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. SHS sendi LS kröfu byggða á niðurstöðu í hliðstæðum málum og hljóðaði krafan upp á 370 mkr. LS synjaði kröfunni og málinu var stefnt á árinu 2013. Uppreiknuð og með áföllum vöxtum stendur krafan í 485 mkr í mars 2015. Ekki liggur fyrir hvort Lánasjóður sveitarfélaga áfrýi úrskurðinum til Hæstaréttar.
- SHS gerði upp lán við Glitni á árinu 2008 fyrir fyrirvara um leiðréttingu á uppgjörinu ef niðurstaða dómstóla í gengislánamálum sýndi að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. Krafa SHS hljóðar upp á rúmar 213 mkr. Sættir hafa ekki náðst og verður málið dómtekið á næstu vikum.
- Nýbygging slökkvistöðvar SHS í Mosfellsbæ var samþykkt í stjórn um miðjan febrúar 2012. Heildarbyggingarkostnaður er áætlaður rúmar 600 mkr og hefur þegar verið tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga fyrir hluta fjármögnunar og eigendur hafa lagt félaginu til stofnframlög að fjárhæð 250 mkr. Opnun stöðvarinnar hefur tafist vegna aðhalds og þeirrar óvissu sem verið hefur með sjúkraflutningana en hún var tekin í notkun í mars 2015.
- Hinn 10. nóvember 2014 samþykkt stjórn SSH eftirfarandi tillögu: „Stjórn SSH leggur til við eigendavettvang og stjórnir byggðasamlaganna SORPU bs., Strætó bs. og SHS að að unnin verði ítarleg greining á rekstri byggðasamlaganna þriggja í því skyni að leita allra leiða til að lækka kostnað sveitarfélaganna við rekstur byggðasamlaganna og ná fram allri þeirri hagræðingu í rekstri sem frekast er unnt.“ Er þessi greiningarvinna í fullri vinnslu undir verkstjórn stýrihóps stjórnar SSH.

5.5 SORPA bs

Rekstrarniðurstaða ársins 2014 var jákvæð um tæpar 197 mkr en var jákvæð um tæpar 97 mkr árið áður.

Rekstrartekjur voru 2.721 mkr og hækkuðu milli ára um 292 mkr eða um 12%. Samkvæmt rekstraráætlun var gert ráð fyrir að rekstrartekjur yrðu 2.588 mkr. Tekjur voru því 133 mkr hærrí en áætlað var. Helstu skýringar á frávikum voru þær að tekjur *Góða hirðisins* jukust meira en gert hafði verið ráð fyrir, tekjur af sölu endurvinnsluefna voru hærrí en áætlað var og magn úrgangs jókst á milli ára.

Rekstrargjöld voru 2.575 mkr og hækkuðu milli ára um 250 mkr eða um 11%. Rekstrargjöld ársins voru 7,0% yfir áætlun. Sú hækkan skýrist að hluta vegna hækunar verðlags og aukins úrgangsmagns, en einnig vegna meiri umsvifa *Góða hirðisins*. Brúttókostnaður endurvinnslustöðvanna var undir áætlun.

Heildareignir í lok árs 2014 námu 2.307 og hækkuðu um 17,3% frá fyrra ári, þar af námu fastafjármunir 1.417 mkr og veltufjármunir 890 mkr. Rétt er þó að hafa í huga breytta reiknisfærslu endurvinnslustöðvanna milli ára sem er útskýrð með eftirfarandi hætti í skýringum með ársreikningi félagsins: *“Reikningskilaaðferð endurvinnslustöðva er breytt á árinu. Stofnfé endurvinnslustöðva er fært út, endurvinnslustöðvar eru afskrifaðar og færð er upp skuldbinding sem nemur bókfærðu verði endurvinnslustöðvanna. Á móti lánnum sem tekin eru vegna endurvinnslustöðva er færð krafa á sveitarfélögin. Krafa er nettuð á móti skuldbindingunni til að þenja ekki út efnahagsreikninginn.”*

Heildarskuldir voru 949 mkr í árslok 2014 en voru 805 mkr árið áður og hækkuðu því um 17,9 % frá fyrra ári. Rétt er þó að hafa í huga breytta reikningsfærslu vegna endurvinnslustöðvanna. Langtímaskuldir voru 401 mkr og hækkuðu um 24,5% á milli ára og skammtímaskuldir sem voru 338 mkr, hækkuðu um 13,8% á milli ára. Eigið fé nam 1.358 mkr í lok árs 2014 og hækkaði um 17% milli ára.

Fjárfestingahreyfingar voru í heildina 204 mkr og lækkuðu um 12% á milli ára en árið 2013 námu fjárfestingarhreyfingar 232 mkr. **Fjárfestingar** í varanlegum rekstrarfjármunum námu 197 mkr, en gert var ráð fyrir 893 mkr í áætlun. Fjárfestingar á endurvinnslustöðvunum voru samtals 44,4 mkr á árinu, fjárfestingar í Gufunesi námu á árinu um 83,3 mkr en fjárfesting í Álfsnesi og svæðisáætlun var 69,1 mkr. Greiddar afborganir langtímalána námu 71 mkr en stofnað var til nýrra langtímalána að upphæð 167 mkr.

Handbært fé frá rekstri í lok árs 2014 nam 380 mkr, en var 169 mkr fyrir árið 2013 og hækkaði því um 211 mkr á milli ára. Skýringar á þessari hækkan er að meginhluta sú að rekstrarhagnaður jókst milli ára um 100 milljónir. **Handbært fé** í lok ársins nam 629 mkr en var 318 mkr fyrir árið 2013 og hefur því hækkað um 311 mkr á milli ára eða um 98%.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SORPU bs. fyrir árin 2010-2014:

Sorpa	2010	2011	2012	2013	2014*
Eiginfjárlutfall	65,6%	68,6%	69,1%	68,7%	58,9%
Arðsemi eigin fjár	3,3%	2,4%	1,7%	7,4%	16,9%
Veltufjárlutfall	1,46	1,52	1,40	1,99	2,63
Skuldsetningarhlutfall	23,4%	19,8%	15,7%	22,6%	29,6%
Uppgreiðslutími	3	2	2	2	1
Skuldahlutfall skv sveitarstjólögum	34%	29%	25%	27%	35%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	7%	8%	7%	10%	13%
Framlegð/rekstrartekjur	7%	8%	7%	10%	11%

*Árið 2014 var breytt um reikningskilaaðferð við reikningsfærslu endurvinnslustöðva sem hefur áhrif á eiginfjárlutfall, arðsemi eiginfjár, skuldsetningarhlutfall og skuldsetningarhlutfall skv. sveitarstjórnarlögum. Kennitölum fyrri ára hefur ekki verið breytt til samræmis.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaðan er ásættanleg og staða handbærs fjár sterk.
- Helstu áhættur í rekstri SORPU tengjast ytra efnahagsumhverfi og eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins.
- Fyrirhugaðar eru miklar fjárfestingar vegna hertra reglna um meðferð og urðun úrgangs. Mikilvægt er að greina valkosti og hagkvæmni þeirra og áhrif á notendur þjónustunnar og eigendur SORPU.
- Hinn 10. nóvember 2014 samþykkt stjórn SSH eftirfarandi tillögu: „Stjórn SSH leggur til við eigendavettvang og stjórnir byggðasamlaganna SORPU bs., Strætó bs. og SHS að að unnin verði ítarleg greining á rekstri byggðasamlaganna þriggja í því skyni að leita allra leiða til að lækka kostnað sveitarfélaganna við rekstur byggðasamlaganna og ná fram allri þeirri hagræðingu í rekstri sem frekast er unnt.“ Er þessi greiningarvinna í fullri vinnslu undir verkstjórn stýrihóps stjórnar SSH.

5.7 Strætó bs

Rekstrarniðurstaða á árinu 2014 var um 370 mkr en var á árinu 2013 um 496 mkr.

